5	8. feb.	Lög um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika	4

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
26	8. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, með síðari breytingum	54
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu	165-177
139	18. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta	444
		Umboð, sjá Samningar.	
		Umferðarmál.	
83	10. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum	221-224
		Umhverfismál.	
90	15. maí	Lög um Umhverfisstofnun	239-240
91	15. maí	Lög um varnir gegn landbroti	241-243
98	15. maí	Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum	284-287
162	20. des.	Lög um úrvinnslugjald	507-535
164	20. des.	Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar	536-545
		Upplýsingar, sjá Neytendamál.	
		Útflutningur.	
55	2. maí	Lög um útflutning hrossa	123-124
160	20. des.	Lög um útflutningsaðstoð	468-469
		Útlendingaeftirlit.	
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu	165-177
96	15. maí	Lög um útlendinga	256-275
97	10. maí	Lög um atvinnuréttindi útlendinga	276-283
		Vegamál, sjá Samgöngumál.	
		Veiði, friðun, sjá Umhverfismál.	
		Veitingastaðir, sjá Ferðamál.	
		Verðbréf, sjá Fjármálastarfsemi.	
		Verðlagsmál, sjá Samkeppnismál.	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Verslun.	
30	16. apríl	Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu	62-69
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu	165-177
77	8. maí	Lög um vörur unnar úr eðalmálmum	178-181
94	15. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum	251-253
138	18. des.	Lög um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð)	444
		Vitar, sjá Samgöngumál.	
		Vörumerki, sjá Einkaleyfi.	
		Ökutæki.	
22	4. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.	49
		Öryggismál.	
44	18. apríl	Lög um geislavarnir	104-110
68	3. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum	140
70	8. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.)	141-142
76	8. maí	Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu	165-177
164	20. des.	Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar	536-545

Skrá

um útgáfudaga A-deildar 2002.

A	1,	nr. 1-2	18. janúar
A	2,	nr. 3-4	31. janúar
A	3,	nr. 5	11. febrúar
A	4,	nr. 6-9	20. febrúar
A	5,	nr. 10-11	4. mars
A	6,	nr. 12	12. mars
A	7,	nr. 13-21	3. apríl
A	8,	nr. 22	4. apríl
A	9,	nr. 23-27	8. apríl
A	10,	nr. 28-29	11. apríl
A	11,	nr. 30-31	16. apríl
A	12,	nr. 32	2. maí
A	13,	nr. 33-48	7. maí
A	14,	nr. 49-50	6. maí
A	15,	nr. 51-52	7. maí
A	16,	nr. 53-55	10. maí
A	17,	nr. 56-58	14. maí
A	18,	nr. 59-83	17. maí
A	19,	nr. 84	21. maí
A	20,	nr. 85-89	23. maí
A	21,	nr. 90-99	31. maí
A	22,	nr. 100-107	6. júní
A	23,	nr. 108-110	9. september
A	24,	nr. 111	4. nóvember
A	25,	nr. 112-123	29. nóvember
A	26,	nr. 124-132	20. desember
A	27,	nr. 133-169	30. desember
A	28,	nr. 170-171	16. janúar 2003
A	29,	nr. 172	24. janúar 2003

Endurprentuð blöð: 461, 462, 553.

Leiðréttingar:
Bls. 424, í haus á miðri síðu: 28. maí 2002 Les: 27. maí 2002.
Bls. 424, í neðsta haus: 27. maí 2002 Les: 28. maí 2002.

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

17. janúar 2002 Nr. 2

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 22. janúar 2002 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. janúar 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Davíð Oddsson.

Stjórnartíðindi A 1, nr. 1–2. Útgáfudagur 18. janúar 2002.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2002

Nr. 3 2 31. janúar 2002

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur viðmiðunarþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera 0,67% af leyfilegum heildarafla í þorski, að teknu tilliti til þeirrar aukningar sem leiðir af 5. mgr. a-liðar 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001. Leyfilegir sóknardagar í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 skulu vera 23. Fjöldi leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárunum þar á eftir skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár á grundvelli hlutfalls milli viðmiðunarþorskafla skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og raunafla sóknardagabáta í þorski á næstliðnu fiskveiðiári og skal sóknardögum fækka eða fjölga í sama hlutfalli. Sóknardögum hvers báts skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 10% milli fiskveiðiára.

Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins

Gutenberg

á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

18. janúar 2002 Nr. 4

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 18. janúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 2002

Nr. 5 4 8. febrúar 2002

LÖG

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 10. apríl 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Stjórnartíðindi A 3, nr. 5. Útgáfudagur 11. febrúar 2002.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 2002

31. janúar 2002 5 Nr. 6

LÖG

um tóbaksvarnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, skv. 17. gr. laga nr. 95/2001, hef látið fella meginmál þeirra laga inn í lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, sbr. lög nr. 7/1996, 101/1996 og 82/1998, um breytingu á þeim lögum, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.

2. gr.

Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og búnað tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur og tæki til að vefja sígarettur, svo og annan slíkan varning.

Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga.

Með skrotóbaki er í lögum þessum átt við munntóbak í bitum eða ræmum, einkum ætlað til að tyggja.

Með neftóbaki er í lögum þessum átt við duft eða mylsnu, gerða að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í nef.

Gutenberg

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, og skulu a.m.k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann.

Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
3. Að efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma tóbaksvarnir í landinu.
4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar í reglugerð.

II. KAFLI
Sala og auglýsingar.

6. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.

Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um aðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utan lands af erlendum aðilum á erlendum tungu-

málum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Þrátt fyrir það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.

Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu og í myndskreytingu á varningi.

Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:

1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal vörukynningar, útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti,
3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra,
4. dreifingu vörusýna til neytenda.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.

Hvers kyns framlög til viðburða eða starfsemi sem miða að því eða hafa þau beinu eða óbeinu áhrif að kynna tóbak eru bönnuð.

Tóbaki og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

8. gr.

Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.

Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og allt munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði getur veitt tímabundna undanþágu frá þessu ákvæði um aldurstakmark. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins nánari ákvæði um undanþágur um aldurstakmark.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins, hver skuli vera hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk og hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að þessi mörk séu virt.

Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Skal leyfi veitt til fjögurra ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitar-

félögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer skv. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt grein þessari.

Þeim sem selur tóbak í heildsölu er óheimilt að selja eða afhenda tóbak öðrum en þeim sem hafa leyfi til að selja tóbak í smásölu samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Takmörkun á tóbaksreykingum.

9. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræstingu, sbr. 4. mgr. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í tilteknum gistiherbergjum á hótelum og gistiheimilum. Í gistiskálum má hvorki leyfa reykingar í herbergjum né svefnskálum.

Þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt grein þessari skal séð fyrir loftræstingu sem fullnægir kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Stjórnendur veitingastaða skulu leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um reykingar á veitinga- og gististöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, þar á meðal um flokkun þessara staða með tilliti til reykinga og loftræstingar.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í öllu húsrými í sameign fjöleignarhúsa.

Ráðherra skal í samráði við menntamálaráðherra og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setja reglur um takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum.

10. gr.

Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, á leikskólum, hvers konar dagvistum barna og í húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfa barna og unglinga.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í framhaldsskólum og sérskólum.
4. Á heilsugæslustöðvum, á læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Það á þó ekki við íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum en þar er þó skylt að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum íbúðarherbergjum.
5. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd undanþágunnar.
6. Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum. Skylt er að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum fangaklefum.

Öll önnur tóbaksneysla er jafnframt bönnuð í grunnskólum, vinnuskólum sveitarfélaga, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til

félags-, íþrótta- og tómstundastarfa ungmenna. Sama gildir um allar samkomur sem einkum eru ætlaðar ungmennum.

Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar.

11. gr.

Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á skv. 1. mgr. 18. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

12. gr.

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. og 3. mgr. 9. gr., sbr. þó 5. mgr. sömu greinar, skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

13. gr.

Tóbaksreykingar eru óheimilar í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og tóbaksvarnanefnd sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu:

1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í fjölmiðlum.

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

Skylt er að verja a.m.k. 0,9% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarna.

Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði að undangenginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

18. gr.

Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

20. gr.

Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

21. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.

b. 3. mgr. orðast svo:
Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 64/1934, um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur: Orðin „í samráði við iðnráð Reykjavíkur“ í niðurlagi 1. gr. falla brott.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

15. febrúar 2002 Nr. 8

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um áhugamannahnefaleika.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** **Guðrún Erlendsdóttir.**

(L. S.)

Björn Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 2002

22. febrúar 2002 13 Nr. 10

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 22. febrúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

2. mars 2002 Nr. 11

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Tómas Ingi Olrich fer með ráðherrastörf þau sem Birni Bjarnasyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer hann með menntamálaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 2. mars 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Stjórnartíðindi A 5, nr. 10–11. Útgáfudagur 4. mars 2001.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 2002

Nr. 12 14 11. mars 2002

LÖG

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Siglingastofnun er heimilt að veita skipverja tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila. Greiða skal gjald fyrir veittan frest og skulu þau gjöld standa undir raunkostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu hans. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6.–7. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt. Siglingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 2002

4. mars 2002 15 Nr. 13

LÖG

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Við 1. málsl. 4. mgr. 210. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, bætist: eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Reikningsár félagsins er almanaksárið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr. getur dómari ákveðið samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum gerðardóms meðan málið er leitt til lykta. Ákveða má að slík frestun sé bundin því að lögð sé fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardóminum. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal tekin með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð einkamála.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Um aðförina fer eftir sömu reglum og gilda um dóma uppkveðna af íslenskum dómstólum og sáttir sem komist hafa á fyrir þeim.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um aðför til fullnustu gerðardóms skv. 1. eða 2. mgr. fer eftir sömu reglum og gilda um aðför til fullnustu erlendra dómsúrlausna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurskoðunarfyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

2. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af tilskipun 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna og öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „10.000“ í 2. málsl. kemur: 50.000.
b. 4. málsl. orðast svo: Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um póstþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um póstþjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og skilum á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga um póstþjónustu er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu.

3. gr.
Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

II. KAFLI
Orðaskýringar.

4. gr.

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

Almenn heimild: Heimild til að veita póstþjónustu aðra en alþjónustu.

Alþjónusta: Póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Ábyrgðarsending: Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum ákvörðunarstað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

Blindrasending: Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

Bréf: Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

Einkaréttarþjónusta: Póstþjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekandi í umboði þess.

Endastöðvagjöld: Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

Fjármunasending: Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta.

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir póstþjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND".

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi póstþjónustu.

Grunnkröfur: Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um póstþjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi póstflutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og, þar sem réttlætanlegt er, verndun gagna, verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

Markpóstur: Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðskynningu eða almennu kynningarefni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakenda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

Póstkassi: Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í póstþjónustu.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

Póstsending: Sending með eða án áritunar á umbúðir sem póstrekandi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

Póstþjónusta: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

Tryggð sending: Þjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

Útburður: Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu pósts í póstmiðstöð og lýkur með afhendingu hans á ákvörðunarstað.

III. KAFLI
Yfirstjórn póstmála.
5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Alþjónusta.

6. gr.

Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir póstþjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

a. að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,
b. að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,
c. að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmálalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
d. að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,
e. að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafgreiðslu og póstþjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skylt er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um póstþjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

V. KAFLI
Einkaréttur ríkisins.

7. gr.

Einkaréttur á póstþjónustu.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstþjónustu vegna eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa án tillits til innihalds allt að 250 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en fimm sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.
2. Ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda.

8. gr.

Útgáfa frímerkja.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins á þessu sviði, skal gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Hann skal taka frá a.m.k. 500 eintök af hverju nýju frímerki. Safn þetta skal vera í vörslu rekstrarleyfishafans en í eigu íslenska ríkisins. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins til útgáfu íslenskra frímerkja, skal senda samsvarandi aðilum erlendis, sem meðlimir eru í alþjóðapóstsambandinu, nýjar útgáfur íslenskra frímerkja og annast vörslu frímerkja sem er-

lend ríki senda til landsins á sama hátt. Íslenska ríkið telst eigandi allra frímerkja sem erlend ríki senda hingað samkvæmt þessu.

9. gr.

Uppsetning póstkassa.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri. Póst- og fjarskiptastofnun er þó heimilt að veita öðrum rekstrarleyfishöfum en falinn er einkaréttur ríkisins leyfi til uppsetningar póstkassa á almannafæri enda séu þeir greinilega merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp.

10. gr.

Auðkenni.

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á póstþjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, getur heimilað aðilum sem starfa í þágu hans að nota auðkennið.

11. gr.

Framsal á einkarétti ríkisins.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins samkvæmt þessum kafla. Við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt.

VI. KAFLI
Heimildir til að starfrækja póstþjónustu.

12. gr.

Tegundir heimilda.

Óheimilt er að starfrækja póstþjónustu án almennrar heimildar eða rekstrarleyfis nema þegar um er að ræða póstsendingar innan fyrirtækis, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstþjónustu. Heimildir skulu vera tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur póstþjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. Almennum heimildum fylgja ekki sérréttindi. Þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn.

Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Við veitingu heimilda skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal vera gegnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

Óheimilt er að framselja heimildir hvort sem þær eru í formi almennra heimilda eða rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi ef viðkomandi aðili verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn

skilmálum almennrar heimildar eða rekstrarleyfis. Í síðasttalda tilfellinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar heimildar kemur.

13. gr.
Almennar heimildir.

Aðilar sem hyggjast starfrækja póstþjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun þjónustunnar um fyrirætlan sína. Tilkynna skal stofnuninni um það hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu aðilans og hver sé fyrirhuguð þjónusta. Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort krafist verður að sótt sé um rekstrarleyfi en að öðrum kosti skrá aðila sem póstrekanda með almenna heimild. Hefji póstrekandi að veita póstþjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemina þangað til að úr hefur verið bætt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

14. gr.
Rekstrarleyfi.

Póstrekendur sem hyggjast veita alþjónustu skv. 6. gr. skulu sækja um rekstrarleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsóknum skal skýrt frá því hverjir eiga aðild að umsókninni, eignarhlutföllum þeirra, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð þjónusta og þjónustusvæði. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

15. gr.
Skilyrði rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa skv. 14. gr. Skilyrðin skulu vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal rekstrarleyfishafa. Skilyrði rekstrarleyfa geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að alþjónustu,
b. að rekstrarleyfishafi taki að sér skyldur ríkisins sem fylgja einkarétti þess,
c. að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir þjónustu sem er í einkarétti sé háð samþykki hennar,
d. að rekstrarleyfishafi hagi bókhaldi sínu í samræmi við 18. gr. og veiti Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um bókhaldið og aðgang að því,
e. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, sbr. VIII. kafla,
f. að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
h. að alþjóðasamningar á sviði póstmála sem ríkið hefur gert séu virtir,
i. að uppfylltar séu kröfur skv. 2. mgr. 6. gr.,

j. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum rekstrarleyfa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig gert að skilyrði að rekstrarleyfishafi, sem falin er alþjónusta, tryggi að almenningi á ákveðnum stöðum sé veittur aðgangur að póstþjónustu í samræmi við reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða sem Póst- og fjarskiptastofnun skal setja með hliðsjón af þörfum almennings.

VII. KAFLI
Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

16. gr.
Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

Póstrekendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum rekstrarleyfa þegar það á við.

Rekstrarleyfishafar skulu í skilmálum sínum setja ákvæði um eftirlit með notkun frímerkingavéla. Tekið skal fram með hvaða hætti áfylling á vélarnar fari fram og hvaða öryggisráðstafana er krafist til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir gildistöku.

Póstsendingar sem ekki bera gjald samkvæmt alþjóðasamningum skulu einnig vera gjaldfrjálsar innan lands.

17. gr.
Gjöld fyrir alþjónustu milli landa.

Við gerð samninga um endastöðvagjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu rekstrarleyfishafar hafa til viðmiðunar eftirtaldar grundvallarreglur:

1. Endastöðvagjöld skulu taka mið af kostnaði við póstmeðferð, þ.m.t. útburð.
2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.
3. Endastöðvagjöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

18. gr.

Fyrirkomulag bókhalds.

Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekendur sem stunda einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna póststarfsemi sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu kostnaðar og fjárhagslegan aðskilnað milli póstþjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu, alþjónustu og annarrar þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerðinni og skal það staðfest opinberlega.

19. gr.

Gerð og birting ársreikninga.

Ársreikningar rekstrarleyfishafa skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

VIII. KAFLI

Kröfur um þjónustu og gæði.

20. gr.

Móttaka pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag.

21. gr.

Útburður pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

22. gr.

Gæðakröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun skal að því er varðar alþjónustu setja kröfur um gæði. Í slíkum reglum skal m.a. kveða á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundraðshluta, lágmarksopnunartíma póstafgreiðslustaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka með þessum lögum. Gæðakröfur fyrir póstþjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum í einstökum tilfellum vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna dreifingarnets rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar. Stofnunin skal árlega gera könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

23. gr.
Tæknistaðlar.

Rekstrarleyfishafar skulu hafa að leiðarljósi tæknistaðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB, einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 22. gr.

24. gr.
Öryggi póstsendinga.

Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga. Þegar um er að ræða ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar skulu póstrekendur gera sérstakar ráðstafanir til þess að geyma þær á öruggum stað meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um öryggismál á póstafgreiðslum.

IX. KAFLI
Póstflutningar.

25. gr.
Skylda til að flytja póstsendingar.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar rekstrarleyfishafa milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

26. gr.
Öryggi í flutningum.

Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

X. KAFLI
Jöfnunarsjóður alþjónustu.

27. gr.
Umsóknir um fjárframlög.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 14. og 15. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir. Umsóknir um framlög skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.

Við móttöku umsóknar um fjárframlag skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort þjónustan falli innan ramma 6. gr. og ef svo er hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Ef það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þjónustan verði ekki aflögð, ef mæta á markmiðum 2. gr., og ekki reynist mögulegt að veita þjónustuna á hagkvæmari hátt skal stofnunin tryggja rekstrarleyfishafa fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að fylgjast með notkun fjárframlaga.

Með umsókn rekstrarleyfishafa um fjárframlög til alþjónustu skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um það hvert sé heildarrekstrartap af alþjónustu rekstrarleyfishafa á viðkomandi

svæði og hvernig tapið sundurliðast. Sem hluta af vinnslu umsóknar getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildartekjur og kostnað umsækjanda af alþjónustu. Einnig getur stofnunin krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu umsækjanda á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur krafist aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með því hvernig framlögum er varið. Í lok hvers árs skal rekstrarleyfishafi sem hlotið hefur framlag úr jöfnunarsjóði gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins.

Þegar hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa er háður fjárframlögum úr jöfnunarsjóði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.

Fjárframlög eru veitt til eins árs í senn og skal endurnýja umsóknir um fjárframlög fyrir settan tíma. Samgönguráðherra setur nánari reglur um umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði og afgreiðslu þeirra í reglugerð um alþjónustu, sbr. 6. gr.

28. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunargjaldið skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við heildarrekstrartekjur sem viðkomandi rekstrarleyfishafi hefur af póststarfsemi sem fellur undir ákvæði um alþjónustu.

Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

XI. KAFLI
Samningar um sértæka póstþjónustu.

29. gr.

Sértæk póstþjónusta.

Óski samgönguráðherra eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekanda í kjölfar útboðs.

30. gr.

Fjármögnun sértækrar póstþjónustu.

Kostnaður vegna sértækra framkvæmda eða póstþjónustu skv. 29. gr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

XII. KAFLI

Reglur um póstmeðferð.

31. gr.

Móttaka og afhending póstsendinga.

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstþjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimpill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfakassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekanda ný fyrirmæli um póstmeðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

32. gr.

Óskilasendingar.

Póstrekendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakenda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekandi endursenda til sendanda.

Póstrekendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekanda.

33. gr.

Óheimilar póstsendingar.

Óheimilt er að afhenda póstrekanda sendingar með innihaldi sem er ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir móttakanda.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólögmætt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólögmætt innihald póstsendinga og skulu póstrekendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóstsambandinu listann yfir ólögmætt innihald. Sömuleiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólögmætt í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripi eða hliðstæð verðmæti.

34. gr.

Umbúðir póstsendinga.

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekendum í umbúðum. Póstrekendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekandans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni. Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrannalöndunum um samsvarandi hluti.

35. gr.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal samgönguráðherra setja í reglugerð um alþjónustu.

XIII. KAFLI

Upplýsingaskylda póstrekenda.

36. gr.

Upplýsingar um rekstur.

Póstrekendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstlagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdarflokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

Rekstrarleyfishafar skulu veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Rekstrarleyfishafi, sem fer með einkarétt ríkisins, skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og fjárhag sem nauðsynlegar eru að mati Póst- og fjarskiptastofnunar við endurskoðun á gjaldskrá hans. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

Rekstrarleyfishafar skulu láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 22. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

XIV. KAFLI

Skaðabætur.

37. gr.

Bætur vegna seinkana.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki.

38. gr.

Almennar sendingar.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

39. gr.

Ábyrgðarsendingar og bögglar.

Sendandi ábyrgðarsendinga og böggla skal eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekenda. Skaðabætur skulu miðast við verðmæti sendinganna. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendum ber að taka á sig í þessu sambandi.

40. gr.

Tryggðar sendingar.

Sendandi tryggðrar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekenda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

41. gr.

Fjármunasendingar.

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu og skal standa sendanda full skil á verðmæti slíkrar sendingar glatist hún.

42. gr.

Óbeint tjón.

Skaðabótaskylda skv. 39.–41. gr. nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

43. gr.

Póstsendingar milli landa.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

44. gr.

Sérstök tilvik.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

45. gr.

Fyrning skaðabótakröfu.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

XV. KAFLI

Póstleynd og undanþágur.

46. gr.

Póstleynd og íhlutun starfsmanna.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstþjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstþjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr.

32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

48. gr.

Ólögmæt háttsemi.

Starfsmönnum við póstþjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

49. gr.

Skylda að upplýsa starfsfólk.

Póstrekendur skulu kynna starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við póstþjónustu ákvæði þessa kafla.

XVI. KAFLI
Milliríkjasamningar.

50. gr.

Póstþjónusta við önnur lönd.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

51. gr.

Þátttaka rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að rekstrarleyfishafar skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

XVII. KAFLI
Viðurlög.

52. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á lögum þessum varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn XV. kafla laganna, um póstleynd og ólögmæta háttsemi, varða sektum eða fangelsi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

53. gr.
Reglugerðir.

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

54. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt falla úr gildi lög um póstþjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum.

VIÐAUKI
Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstmeðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjölda virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun pósts á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um skylduskil til safna.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til samkvæmt lögum þessum;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.
Varðveislusöfn.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara laga skv. 1. gr.

II. KAFLI
Skilaskyld verk.

3. gr.
Skilaskylda.

Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.

4. gr.

Verk sem gefin eru út á pappír.

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verkanna inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

5. gr.

Örgögn og skyggnur.

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

6. gr.

Hljóðrit.

Hljóðrit merkir í lögum þessum hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

7. gr.

Verk útgefin á rafrænu formi.

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

8. gr.

Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

9. gr.

Samsettar útgáfur.

Samsettar útgáfur merkja í lögum þessum útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

10. gr.

Útvarpsefni.

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að gera samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps.

11. gr.

Kvikmyndir.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

Íslenskur framleiðandi í skilningi laga þessara er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess enda virði móttökusafnið aðgangsheimildir allra þeirra er rétt eiga á aðgangi að frumeintakinu. Hitt filmueintakið má vera not-

að sýningareintak. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Sé kvikmynd tekin á filmu afhendir framleiðandi móttökusafni skriflega aðgangsheimild að frumeintaki kvikmyndarinnar innan mánaðar frá frumsýningu myndarinnar. Aðgangsheimild þessi heimilar móttökusafni að gera sýningareintök af myndinni á eigin kostnað og taka hana í sína vörslu að sjö árum liðnum eða fyrr í samráði við framleiðanda og aðra þá sem eiga aðgang að frumeintakinu.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. þó 12. mgr. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 5. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 8. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Ef frumeintak kvikmyndar er enn í notkun að sjö árum liðnum er heimilt að varðveita frumeintak kvikmyndarinnar í framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafn. Framleiðanda ber skylda til að láta móttökusafn vita um allar breytingar á vistun myndarinnar. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardegi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

III. KAFLI
Framkvæmd skylduskila.

12. gr.
Frágangur efnis.

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.

13. gr.

Innsiglun.

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfirvöld gera upptækt skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

14. gr.

Tæknilegar upplýsingar.

Skilaskyldum aðila ber að verða við óskum móttökusafns um að láta í té þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að verkið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

15. gr.

Meðferð verka.

Skilaskyld verk eru aðgengileg notendum að því marki sem höfundalög heimila.

16. gr.

Skráning.

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

17. gr.

Kostnaður af skylduskilum.

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskyld verk og afhendingu þeirra.

18. gr.

Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Undanþágur.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Sama gildir um ýmislegt smáprent, svo sem eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki er ritstýrt og eru án texta.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI

Viðurlög.

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki verk innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Tómas Ingi Olrich.

LÖG

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Gjalddagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 1. júlí skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 1. janúar skal greitt fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars og aðra starfsmenn aðila, sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af Flugmálastjórn Íslands, þ.m.t. starfsmenn viðhaldsstöðva eða viðhaldsaðila, þeirrar aðstoðar sem þörf er á.
b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Með samsvarandi hætti og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skal Flugmálastjórn Íslands heimill aðgangur að sérhverri starfsstöð þeirra aðila sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af stofnuninni, þ.m.t. viðhaldsstöðvum loftfara, einnig að gögnum og skrám sem viðhaldið varða, flugskýlum og öðrum þeim mannvirkjum og gögnum sem komið er upp og við haldið í þágu loftferða.

3. gr.

Við 28. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands viðurkennir framleiðendur og viðhaldsaðila samkvæmt umsókn þeirra þar um, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem ráðherra setur með reglugerð um:

a. starfsemislýsingu, sem skal m.a. taka til skipulags og gæðastjórnunar,
b. kunnáttu og hæfni ábyrgra fyrirsvarsmanna,
c. húsnæði, tækjakost og annan búnað,
d. fjárhag, en tryggt fjárstreymi skal á hverjum tíma nægja til þriggja mánaða reksturs.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn, þ.e. ábyrgðarmaður, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri prófstöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnun-

arinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.

Flugmálastjórn Íslands er hvenær sem er heimilt að gera úttekt á starfsstöðvum framleiðenda og viðhaldsaðila og er fyrirsvarsmönnum slíks reksturs skylt að veita í því skyni þann aðgang og atbeina sem stofnunin krefst.

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út lofthæfisfyrirmæli, einnig rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá framleiðendum og viðhaldsaðilum. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana, í þágu aukins flugöryggis, háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti viðurkenndur framleiðandi eða viðhaldsaðili lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsþætti. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „flugliðar“ í 1. málsl. kemur: flugverjar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almennt aldurshámark flugliða í flutningaflugi skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 65 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

5. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Farþegum er skylt að fara eftir fyrirmælum flugstjóra eða annarra flugverja um góða hegðun og reglu í loftfari.

6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um takmarkanir á veitingu áfengis til farþega og um meðferð öryggisbúnaðar og raftækja um borð í íslenskum loftförum, eftir því sem stofnunin telur nauðsynlegt í þágu flugöryggis.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra, öðrum

flugverjum eða öðrum starfsmönnum flugrekanda, starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má.

8. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Flugvellir og búnaður þeirra skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Í reglugerð um flugvelli skulu þeir flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónusta skilgreind. Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að flugvellir uppfylli gerðar kröfur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og/eða eigandi hans sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Flugmálastjórn Íslands getur svipt aðila starfsleyfi ef flugvöllur fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hans eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugvallarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugvallar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugvelli tímabundið eða takmarka umferð um hann sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

9. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til reksturs flugstöðva vegna flutnings á farþegum og farmi í atvinnuskyni. Nánar skal kveðið á um kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila, aðstöðu og búnaðar flugstöðva í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugstöðvar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir opnun. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í starfsleyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Starfsleyfi má taka aftur ef flugstöð fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hennar eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugstöðvarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugstöðvar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugstöð tímabundið eða takmarka umferð um hana sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

10. gr.

Við 2. mgr. 70. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva og flugrekendur ræki skyldur sínar á sviði flugverndar í samræmi við flugverndaráætlun sem stofnunin skal gera og viðhalda fyrir Ísland. Flugverndaráætlanir eftirlitsskyldra aðila skulu lagðar fyrir stofnunina til samþykktar, en þær skulu greina viðbrögð við ólögmætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, tilgreina fyrirkomulag við öryggisleit á mönnum, leit í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans, tækjabúnað til slíks starfs, lýsingu á gæðakerfum og þjálfunar- og neyðaráætlanir. Þá setur stofnunin reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda, um fyrirkomulag öryggisleitar á farþegum og öðrum aðilum sem vegna starfs síns fara inn á öryggissvæði, svo og fyrirkomulag leitar í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans.

11. gr.

Við 2. mgr. 71. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd Alþjóðaflugþjónustunnar sem sérstakrar rekstrareiningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

a. 4. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og veittrar leiðarflugsþjónustu“ í 6. mgr. falla brott.

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 73. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Almennt aldurshámark flugumferðarstjóra skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 63 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 75. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn skal heimilt að taka upp hvers konar fjarskipti vegna flugumferðar og skrá tilkynningar sem berast vegna þeirrar umferðar.

Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Persónuvernd.

Óviðkomandi aðilum skal ekki veittur aðgangur að gögnum þessum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða dómsúrskurði.

15. gr.

Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn flugrekanda, þ.e. ábyrgðarmaður, flugrekstrarstjóri, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína niður.

16. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

17. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 131. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að skerða bótarétt aðila utan loftfars, sem fyrir tjóni verður, með vátryggingarskilmálum sem lúta að sjálfsáhættu vátryggingartaka, eigin sök hans eða með ábyrgðarundanþágum, og skulu slík ákvæði teljast ógild.

18. gr.

136. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins.

Ef eftirlitsskyldur aðili veitir Flugmálastjórn Íslands ekki þær upplýsingar sem hún krefur hann um, innan þess frests sem stofnunin setur, eða sinnir ekki kröfum stofnunarinnar um

úrbætur sem hún telur nauðsynlegar, innan hæfilegs frests, getur Flugmálastjórn Íslands gert aðila skylt að greiða dagsektir. Þær skulu þá greiðast þar til farið hefur verið að kröfum Flugmálastjórnar Íslands. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Flugmálastjórn Íslands getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28., 84. og 140. gr. laga þessara. Févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til samgönguráðherra innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina, sem skal gera skriflega gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að og með sannanlegum hætti. Sé févítis- eða dagsektaákvörðun kærð er innheimta ekki heimil fyrr en að gengnum úrskurði ráðherra. Óinnheimtar dagsektir og févíti falla ekki niður við það að eftirlitsskyldur aðili verður síðar við þeim kröfum sem knúið er á um.

Ákvarðanir um dagsektir og févíti eru aðfararhæfar. Málskot til ráðherra frestar aðför, en úrskurðir ráðherra eru aðfararhæfir. Við aðför skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara samkvæmt ákvæðum 13. kafla aðfararlaga. Innheimt févíti og dagsektir renna til ríkissjóðs.

19. gr.

Á eftir orðinu „loftferðamannvirkis“ í 1. mgr. 138. gr. laganna kemur: eigandi eða umráðandi viðhaldsstöðvar eða viðhaldsaðili.

20. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum, reglum eða fyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

21. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Nú telur Flugmálastjórn Íslands skilyrði til sviptingar skírteinisréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá til bráðabirgða svipta hlutaðeigandi þeim rétti sem skírteini hans greinir, svo skjótt sem unnt er. Bráðabirgðasviptingin skal tímabundin. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma eins og hann kann að verða ákveðinn með dómi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 8. gr., til handa þeim flugvöllum sem starfræktir eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 9. gr., til handa þeim flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 2002

4. apríl 2002 49 Nr. 22

LÖG

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 8,95 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá gildistöku laga þessara til loka júní 2002.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 4. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Stjórnartíðindi A 8, nr. 22. Útgáfudagur 4. apríl 2002.

A 4
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 2002

Nr. 23 50 5. apríl 2002

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 5. apríl 2002.

F. h. r.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 24 5. apríl 2002

AUGLÝSING

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal Fiskistofa veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur Fiskistofa afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsisvist allt að tveimur árum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskeldisstöðvar sem starfa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukaskattsskýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kirkjubyggingasjóður, sem starfar á grundvelli laga nr. 21 18. maí 1981 og stofnaður var með lögum nr. 43 14. apríl 1954, skal lagður niður og renna í Jöfnunarsjóð sókna, sem starfar á grundvelli laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott lög um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

16. apríl 2002 Nr. 36

LÖG

um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög skulu greiða fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um rafeyrisfyrirtæki.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um rafeyrisfyrirtæki. Með rafeyrisfyrirtæki er átt við lögpersónu, aðra en viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt lögum nr. 113/1996 eða lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 123/1993, sem gefur út greiðslumiðil í formi rafeyris.

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru geymd á rafrænum miðli og gefin út í skiptum fyrir fjárhæð, sem er ekki lægri en hin útgefnu peningalegu verðmæti, og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

2. gr.
Takmarkanir á gildissviði.

Viðskiptaráðherra er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 kr. á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins, eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru öll á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslunni skal skilað fyrir 1. apríl ár hvert.

3. gr.
Stofnun.

Rafeyrisfyrirtæki skal vera hlutafélag.

Rafeyrisfyrirtæki verður ekki stofnað með lægra hlutafé en 90 millj. kr. Þó má hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar milljónar evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

4. gr.
Starfsleyfi.

Ákvæði 4. og 5. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um starfsleyfi innlends rafeyrisfyrirtækis vegna starfsemi hér á landi. Þá gilda 82. og 83. gr. sömu laga um útgáfu rafeyris hjá rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur starfsemi hér á landi. Loks gilda 86. og 87. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði um útgáfu rafeyris hjá innlendu rafeyrisfyrirtæki á hinu Evrópska efnahagssvæði. Um heimildir erlends rafeyrisfyrirtækis með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins fer skv. 2. mgr. 85. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Ákvæði III. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um synjun umsóknar um starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

5. gr.
Starfsemi.

Rafeyrisfyrirtækjum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum er einum heimilt að gefa út rafeyri.

Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris skal takmörkuð við:

1. náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og
2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

6. gr.
Endurgreiðanleiki rafeyris.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 2. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

7. gr.
Eiginfjárkröfur.

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal ávallt vera að lágmarki 90 millj. kr. Þó má eigið fé rafeyrisfyrirtækis aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar milljónar evra í íslenskum krón-

um miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Um útreikning eigin fjár rafeyrisfyrirtækja fer skv. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal rafeyrisfyrirtæki ávallt hafa yfir að ráða fé sem er að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

8. gr.

Traustur og varfærinn rekstur.

Rafeyrisfyrirtæki skal hafa fullnægjandi innra eftirlitskerfi. Kerfið skal vera í samræmi við fjárhagslega áhættu og aðra áhættu sem rafeyrisfyrirtæki er búin. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi rafeyrisfyrirtækja.

Um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn rafeyrisfyrirtækis gildir 38. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

9. gr.

Takmörkun fjárfestinga.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í seljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglugerð sem viðskiptaráðherra setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglugerðinni skal m.a. koma fram í hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal Fjármálaeftirlitið sjá til þess að viðkomandi rafeyrisfyrirtæki geri án tafar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

10. gr.

Ársreikningar.

Um ársreikninga og endurskoðun rafeyrisfyrirtækis fer skv. VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði, að undanskilinni 65. gr. laganna, eftir því sem við getur átt.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um ársreikninga og endurskoðun rafeyrisfyrirtækja.

11. gr.

Samruni.

Samruni rafeyrisfyrirtækis við viðskiptabanka, sparisjóð eða annað rafeyrisfyrirtæki er því aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Um slíkan samruna gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

12. gr.

Meðferð trúnaðarupplýsinga og virkir eignarhlutir.

Um meðferð trúnaðarupplýsinga í tengslum við rafeyrisfyrirtæki gilda ákvæði 43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði 10.–13. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um virka eignarhluti í rafeyrisfyrirtækjum.

13. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins:

1. hafi hlutaðeigandi fyrirtæki fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. uppfylli hlutaðeigandi fyrirtæki ekki ákvæði 3. gr. um stofnfé eða 7. gr. um eigið fé,
3. nýti hlutaðeigandi fyrirtæki ekki starfsleyfi innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. brjóti hlutaðeigandi fyrirtæki með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða
5. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði um hæfi hluthafa eða 38. gr. sömu laga um hæfi stjórnarmanna og stjórnenda.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi fyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

Uppfylli rafeyrisfyrirtæki ekki skilyrði 7. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi fyrirtækis að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlit ákveður.

14. gr.

Tilkynning um afturköllun starfsleyfis.

Afturköllun á starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis skal tilkynnt stjórn eða framkvæmdastjóra og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtingablaði og auglýst í fjölmiðlum. Starfræki hlutaðeigandi fyrirtæki útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis skal hlutaðeigandi fyrirtæki slitið.

15. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, svo og starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í rafeyrisfyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 12. gr. laga þessara, sbr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 og 45/2001 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til þess að taka upp í innlendan rétt annars vegar ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana og hins vegar ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

19. gr.

Breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum, bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: rafeyrisfyrirtækja, skv. 1. og 2. gr. laga um rafeyrisfyrirtæki.

20. gr.

Breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum, orðast svo: Viðskiptabankar, sparisjóðir, rafeyris-

fyrirtæki og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Lágmarksgreiðsla rafeyrisfyrirtækja skv. 2. gr. laga um rafeyrisfyrirtæki er þó 150.000 kr.

21. gr.

Breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Á eftir 3. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, með síðari breytingum, koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri. Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds. Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 4. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

22. gr.

Breytingar á lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Á eftir 2. mgr. 8. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds. Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú gefur fyrirtæki út rafeyri í samræmi við gildandi lög við gildistöku laga þessara og skal þá litið svo á að það hafi starfsleyfi skv. 4. gr. laganna.

Innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna skal fyrirtæki skv. 1. mgr. afhenda Fjármálaeftirlitinu áætlun um hvernig það hyggst uppfylla skilyrði laganna innan sex mánaða frá gildistöku þeirra eða hvernig það hyggst slíta fyrirtækinu innan sömu tímamarka. Fyrirtæki skal einnig veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort það uppfylli eða muni uppfylla skilyrði laganna.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal í tveimur áföngum (Kárahnjúkavirkjun).

Í fyrri áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa þrjár stíflur við Fremri-Kárahnjúka (Kárahnjúkastíflu, Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu), veita Jökulsá á Brú frá miðlunarlóni (Hálslóni) um aðrennslisgöng undir Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi, reisa stöðvarhús neðan jarðar í Fljótsdal með frárennsli eftir göngum og skurði út í farveg Jökulsár í Fjótsdal, í samræmi við uppdrátt í viðauka, svo og að reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Í síðari áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa stíflu í farvegi Jökulsár í Fljótsdal (Ufsarstíflu), veita ánni ásamt vatni af Hraunum inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar á Fljótsdalsheiði í samræmi við uppdrátt í viðauka og reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Leyfið fellur úr gildi 10 árum eftir gildistöku laga þessara ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir gildistöku laganna ef virkjunin er þá ekki komin í rekstur.

2. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW ásamt aðalorkuveitum, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

a. Í stað orðanna „60 MW“ kemur: 220 MW.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Landsvirkjun reisir og rekur Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.



Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.

2. gr.

Við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um fasteignakaup.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um kaup á fasteignum að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í lögum. Lögin gilda einnig um makaskipti og um kaup og skipti á hlutum í fasteign eftir því sem við getur átt. Enn fremur gilda þau um kaup á fasteign þegar seljandi á að annast smíði hennar í heild eða að hluta og kaupandi leggur ekki til verulegan hluta efnis til smíðinnar.

2. gr.

Hugtakið fasteign.

Fasteign samkvæmt lögum þessum telst vera afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega eru við landið skeytt. Með fasteign er einnig átt við eignarhluta í húsi eða öðru mannvirki sem skiptist í fleiri en einn slíkan.

3. gr.

Makaskipti.

Við makaskipti telst hvor samningsaðila seljandi þeirrar fasteignar sem hann afhendir og kaupandi þeirrar sem hann tekur við.

4. gr.

Gjafagerningar.

Ef eigendaskipti að fasteign verða með gjafagerningi gilda ákvæði 7. gr., 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 13. gr. og 2., 4. og 5. mgr. 51. gr. Um gefanda gilda þá reglur um seljanda og um gjafþega reglur um kaupanda.

5. gr.

Samningar.

Heimilt er að víkja frá lögum þessum með samningi, enda sé ekki annað ákveðið í þeim eða leiði með vissu af ákvæðum þeirra.

Ekki er þó heimilt að víkja frá lögunum með samningi í neytendakaupum ef það yrði óhagstæðara fyrir kaupanda.

6. gr.

Neytendakaup.

Með neytendakaupum er í lögum þessum átt við kaup á fasteign af seljanda, þegar salan er liður í atvinnustarfsemi hans, og eignin er aðallega ætluð til persónulegra afnota fyrir kaupanda, fjölskyldu hans, heimilisfólk og þá sem hann umgengst. Kaup teljast þó ekki neytendakaup ef seljandi hvorki vissi né mátti vita við samningsgerð að fasteign var keypt í þessu skyni.

7. gr.

Form samninga.

Samningur um kaup á fasteign er bindandi þegar skriflegt tilboð hefur verið samþykkt af móttakanda þess með undirskrift, enda felist í því skuldbinding um greiðslu tilgreinds kaupverðs og afhendingu fasteignar.

Ef umboðsmaður kemur fram fyrir hönd kaupanda eða seljanda skal umboð hans vera skriflegt.

Til skriflegs forms og undirskrifta samkvæmt lögum þessum telst rafrænt form og undirskriftir sem hafa sama gildi samkvæmt fyrirmælum í lögum.

8. gr.

Fyrirvari.

Nú er skuldbindingargildi kaupsamnings um fasteign bundið fyrirvara um atvik sem ekki hefur gengið eftir og skal þá kaupsamningurinn falla niður að liðnum tveimur mánuðum frá því að hann komst á.

9. gr.

Forkaupsréttur.

Nú á maður forkaupsrétt að fasteign sem kaupsamningur hefur verið gerður um og skal þá seljandi þegar bjóða honum skriflega að neyta þess réttar. Söluverð og aðrir skilmálar skulu jafnframt tilgreindir á tæmandi hátt. Sé um að ræða makaskipti skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Hefur þá rétthafi heimild til að kaupa fasteignina því verði eða matsverði. Mat skal framkvæmt af dómkvöddum mönnum samkvæmt reglum 34. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Forkaupsréttarhafi skal svara skriflega og afdráttarlaust tilboði seljanda innan 15 daga frá því að honum barst það, ella glatar hann í það sinn rétti sínum til að kaupa.

II. KAFLI

Um afhendingu o.fl.

10. gr.

Undirbúningur afhendingar.

Við afhendingu skal seljandi hafa rýmt fasteign og ræst.

11. gr.

Afhending og afsal.

Nú er ekki samið um afhendingartíma fasteignar og er þá seljanda ekki skylt að afhenda hana nema kaupverðið sé greitt samtímis. Sé samið um að afhending geti farið fram á tilgreindu tímabili má seljandi velja hvenær innan þess afhending fer fram.

Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi á hann rétt á afsali úr hendi seljanda.

12. gr.

Áhættan af seldri fasteign.

Áhættan af seldri fasteign flyst til kaupanda við afhendingu. Þegar áhætta af seldri fasteign hefur flust til kaupanda helst skylda hans til að greiða kaupverðið þótt eignin rýrni, skemmist eða farist af ástæðum sem seljanda er ekki um að kenna.

Ef seljandi getur ekki afhent fasteign á réttum tíma af ástæðum sem kaupanda er um að kenna ber kaupandi áhættu af fasteigninni frá þeim tíma sem hann gat fengið hana afhenta.

Nú hefur seljandi vátryggt fasteign gegn rýrnun, skemmdum eða eyðileggingu, sem um getur í 1. mgr., og öðlast kaupandi þá rétt samkvæmt vátryggingarsamningi ef fasteignin rýrnar, skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur um hana varð bindandi, nema seljandi geti losnað undan samningnum. Seljanda er skylt að framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningi þegar kaupandi krefst þess, enda hafi hann efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum.

13. gr.

Arður og kostnaður.

Seljandi á rétt á arði af fasteign fram að afhendingu og ábyrgist kostnað af henni til sama tíma. Sé fasteign ekki afhent á réttum tíma, af ástæðum sem kaupanda er um að kenna, ábyrgist kaupandi kostnað af eigninni frá þeim tíma.

14. gr.

Kostnaður við sölu.

Seljandi skal bera allan kostnað vegna undirbúnings sölu fasteignar. Þó skal kaupandi greiða stimpilgjöld og annan kostnað vegna þinglýsingar eða skráningar eignarheimildar sinnar yfir fasteign og annarra eignarréttinda sem hann stofnar til vegna kaupanna.

Fari kaup fram fyrir milligöngu miðlara skal kostnaður við það greiðast af þeim sem veitt hefur miðlara umboð til verksins. Feli viðsemjandi hans miðlara að annast sérstök verkefni í sína þágu er það gagnaðila hans óviðkomandi. Leiti aðili samnings aðstoðar annarra sérfræðinga við kaupin skal hann greiða kostnað af því.

15. gr.

Umsjón með fasteign.

Nú er fasteign ekki afhent á umsömdum tíma og er seljandi þá skyldur til að hafa hæfilega umsjón með henni.

Vilji kaupandi losna undan samningsskyldum sínum, eftir afhendingu fasteignar, skal hann hafa hæfilega umsjón með henni.

Sá sem hefur umsjón með fasteign skv. 1. eða 2. mgr. getur krafist greiðslu á réttmætum kostnaði við umsjónina.

16. gr.

Tilkynningar.

Nú sendir kaupandi eða seljandi, með sannanlegum hætti, tilkynningu samkvæmt lögum þessum, sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður, og getur þá sendandi, komi ekki annað

í ljós, byggt á því að tilkynningin hafi verið send réttilega og nægilega snemma þótt henni seinki, mistök verði við hana eða hún komist ekki til viðtakanda.

17. gr.
Veðréttindi.

Þegar kaupandi hefur greitt kaupverðið eða hluta þess öðlast hann veðrétt í fasteign til tryggingar kröfu um endurgreiðslu þess sem hann hefur innt af hendi. Um réttarvernd og þinglýsingu fer samkvæmt lögum um samningsveð og þinglýsingalögum.

III. KAFLI
Eiginleikar fasteignar, gallar, fylgifé o.fl.

18. gr.
Um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögum þessum og kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

19. gr.
Nánar um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún:

a. hentar ekki til þeirra afnota sem sambærilegar eignir eru venjulega notaðar til, eða
b. hentar ekki til þeirra sérstöku afnota fyrir kaupanda sem seljanda var eða mátti vera kunnugt um þegar kaupsamningur var gerður. Þetta gildir þó eigi ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

Í neytendakaupum skal ástand og búnaður fasteignar eða hluta hennar vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum, stjórnvaldsreglum eða fyrirmælum reistum á þeim er voru í gildi þegar fasteign eða hlutar hennar voru byggðir eða endurbyggðir. Þetta gildir þó ekki ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

20. gr.
Tímamark við mat á galla.

Við mat á því hvort fasteign telst gölluð skal miða við það tímamark er hún flyst yfir í áhættu kaupanda skv. 12. gr. eða samkvæmt samningi. Um galla getur þó verið að ræða þótt hann eða afleiðingar hans komi í ljós síðar.

Seljandi ber ábyrgð á galla, sem fram kemur síðar, ef orsakir gallans eru vanefndir af hans hálfu. Sama á við ef seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti tekist á hendur ábyrgð á eiginleikum eða öðrum kostum fasteignar í tiltekinn tíma.

21. gr.
Stærðarfrávik.

Þótt flatarmál fasteignar sé minna en kaupandi gerði ráð fyrir telst það ekki galli, nema það sé verulega minna en seljandi upplýsti fyrir kaup eða háttsemi hans teljist stórfellt gáleysi.

22. gr.

Fylgifé fasteignar.

Leiði annað ekki af kaupsamningi telst fasteign gölluð ef hún hefur ekki þann búnað eða réttindi sem segir í 23.-25. gr., enda hafi búnaðurinn eða réttindin verið fyrir hendi við skoðun, eða átt að fylgja samkvæmt lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Leiki vafi á hvort búnaður eða réttindi telst fylgifé fasteignar skal einkum litið til þess hvort viðurhlutamikið væri að skilja búnaðinn eða réttindin frá fasteign, hvort verðmæti búnaðar eða réttinda sé í einhverjum mæli háð tengslum við eignina, þau séu nauðsynleg fyrir eðlileg afnot hennar eða geti best nýst þar.

Seljanda er skylt að afhenda fylgifé fasteignar með henni án sérstaks endurgjalds, nema um annað sé samið.

23. gr.

Nánar um fylgifé fasteignar.

Til fylgifjár fasteignar telst:

a. Hlutir sem tengjast fasteign og eiga að gera það samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða yfirvaldsákvörðunum teknum á grundvelli þeirra.
b. Hlutir eða búnaður sem keyptur er með opinberri aðstoð eða fyrir fjármuni sem hið opinbera mælir fyrir um að skuli renna til hluta eða búnaðar til afnota á fasteigninni.
c. Hlutur í sameign, afnotaréttindi og önnur óbein eignarréttindi er fylgja fasteign og hlutur sem heyrir til rekstri fasteignar.
d. Ógjaldfallin leiga og aðrar ógjaldfallnar kröfur sem tilheyra fasteigninni.
e. Inneign í hússjóði eða framkvæmdasjóði fjöleignarhúss eða öðrum sambærilegum sjóðum.

24. gr.

Sérstakt fylgifé íbúðarhúsnæðis o.fl.

Til fylgifjár íbúðarhúsnæðis, gistihúsa, veitingahúsa, skrifstofuhúsnæðis og annars húsnæðis sem ætlað er til rekstrar teljast varanlegar innréttingar og búnaður sem annaðhvort er skeytt varanlega við fasteignina eða er sérstaklega sniðinn að henni. Þetta á meðal annars við um fastan búnað og lagnir til hitunar og vatnsmiðlunar, rafmagnsvirki og leiðslur, loftnet og annan móttökubúnað í eigu seljanda, sem fest eru á fasteign, föst gólfteppi og önnur gólfefni sérstaklega tilsniðin, gluggabúnað, bað- og eldhúsinnréttingar og tæki og vélar sem eru sérstaklega felld inn í innréttingarnar og verða hluti af þeim og aðra innbyggða hluta.

25. gr.

Sérstakt fylgifé fasteigna sem ætlaðar eru til landbúnaðar.

Til fylgifjár fasteignar sem ætluð er til landbúnaðar teljast tæki og búnaður sem annað tveggja er varanlega festur við hana eða er sérstaklega að henni sniðinn. Ökutæki ásamt búnaði þeirra teljast ekki til fylgifjár slíkra fasteigna.

26. gr.

Skortur á upplýsingum.

Fasteign telst gölluð ef kaupandi hefur ekki fengið þær upplýsingar um hana sem seljandi vissi eða mátti vita um og kaupandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Þetta gildir þó aðeins ef það hefur haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings að upplýsingarnar voru ekki veittar.

27. gr.

Rangar upplýsingar.

Fasteign telst gölluð ef hún er ekki í samræmi við upplýsingar sem seljandi, eða þeir sem koma fram fyrir hans hönd, hafa veitt kaupanda. Hið sama á við ef fasteignin er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar eru í auglýsingum, söluyfirliti eða öðrum sölu- eða kynningargögnum um hana.

Ákvæði 1. mgr. á þó aðeins við ef upplýsingar hafa haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og þær eru ekki skýrlega leiðréttar í tæka tíð.

28. gr.

Fasteign seld „í því ástandi sem hún er".

Þótt fasteignakaup séu gerð með þeim skilmálum að eign sé seld „í því ástandi sem hún er og kaupandi hefur kynnt sér" eða með sambærilegum almennum fyrirvara telst hún samt gölluð ef ákvæði 26. og 27. gr. eiga við. Fasteignin telst einnig gölluð, þótt hún sé seld með framangreindum skilmálum, ef ástand hennar er til muna lakara en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð hennar eða atvik að öðru leyti.

29. gr.

Skoðun og önnur rannsókn á fasteign.

Kaupandi getur ekki borið fyrir sig galla á fasteign sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningurinn var gerður.

Hafi kaupandi skoðað fasteign, áður en kaup gerðust, eða án nægjanlegrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að skoða hana, þótt seljandi skoraði á hann um það, getur hann ekki borið fyrir sig galla sem hann hefði mátt sjá við slíka skoðun. Þetta á þó ekki við ef seljandi sýndi af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 1. og 2. mgr. víkja fyrir efni 26. gr. um skort á upplýsingum um fasteign.

IV. KAFLI

Vanefndaúrræði kaupanda. Afhendingardráttur.

30. gr.

Almenn ákvæði.

Nú afhendir seljandi ekki fasteign eða gefur ekki út afsal á réttum tíma, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann ber ábyrgð á, og getur þá kaupandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist efnda skv. 31. gr.,
b. rift skv. 32. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 34. gr.,
d. haldið eftir af greiðslu kaupverðs skv. 35. gr.

Nú efnir seljandi ekki á réttum tíma aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi en greinir í 1. mgr. og eiga þá við ákvæði laga þessara um afhendingardrátt, með þeim undantekningum sem greinir í 2. mgr. 32. gr.

31. gr.

Krafa um efndir.

Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda ef það er á valdi seljanda að bæta úr og efndir mundu ekki leiða til slíks óhagræðis eða kostnaðar fyrir hann að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af því að fá réttar efndir.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast efnda ef óeðlilega dregst af hans hálfu að setja fram kröfuna.

32. gr.
Riftun.

Kaupandi getur rift samningi ef afhendingardráttur telst veruleg vanefnd.

Kaupandi getur einnig rift ef seljandi afhendir ekki fasteign innan hæfilegs viðbótarfrests sem kaupandi hefur sett honum. Áður en viðbótarfresturinn rennur út getur kaupandi ekki rift, nema seljandi lýsi því yfir að eignin muni ekki afhent innan frestsins, eða það er ljóst af öðrum ástæðum.

Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessari grein að fasteignin hafi ekki rýrnað, skemmst eða farist meðan kaupandi bar áhættu af henni. Riftun getur þó farið fram ef orsakir þess að fasteign rýrnar, skemmist eða ferst eru tilviljunarkenndir atburðir eða aðrar ástæður, sem kaupandi ber ekki ábyrgð á, eða atvik sem urðu áður en kaupandi varð eða mátti verða var við þær aðstæður sem riftun er reist á. Kaupandi glatar ekki heldur rétti til riftunar ef hann greiðir seljanda bætur vegna verðrýrnunar.

33. gr.
Réttaráhrif riftunar.

Nú er kaupsamningi rift og falla þá brott skyldur samningsaðila til efnda.

Nú hefur samningur verið efndur í heild eða að hluta þegar honum er rift og á þá hvor um sig rétt á að fá til baka þá greiðslu sem hann hefur innt af hendi. Rétt er þeim er tekið hefur við greiðslu að halda henni þar til viðsemjandi hans afhendir þá greiðslu sem hann fékk. Sama á við þegar gerð er réttmæt krafa um skaðabætur eða vexti og ekki hefur verið sett fullnægjandi trygging fyrir þeirri kröfu.

34. gr.
Skaðabætur.

Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna afhendingardráttar fyrir annað tjón en óbeint tjón skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér sök. Seljandi firrir sig bótaábyrgð ef hann sannar að drátturinn stafi af hindrun sem hann fékk ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með við kaupsamningsgerð eða að hann hefði getað bægt hindruninni frá eða forðast afleiðingar hennar.

Nú verður afhendingardráttur af ástæðum sem varða þriðja mann er seljandi hefur falið að efna samning í heild eða að hluta og er seljandi þá aðeins laus úr ábyrgð ef þriðji maður yrði það skv. 1. mgr.

Seljandi er laus úr ábyrgð þann tíma sem hindrun stendur. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna en láti það hjá líða.

Verði afhendingardráttur eða tjón vegna saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón.

35. gr.
Stöðvunarréttur.

Hafi kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna afhendingardráttar getur hann á eigin áhættu haldið eftir svo miklu af kaupverði sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

36. gr.

Upplýsingar um hindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupsamning á réttum tíma skal hann upplýsa kaupanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef seljandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

Gallar.

37. gr.

Almenn ákvæði.

Nú er fasteign gölluð, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann af öðrum ástæðum ber ábyrgð á, og getur hann þá beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði þeirra fyrir hendi:

a. krafist úrbóta skv. 39. gr.,
b. krafist afsláttar skv. 41. gr.,
c. rift skv. 42. gr.,
d. krafist skaðabóta skv. 43. gr.,
e. haldið eftir greiðslu skv. 44. gr.

Reglum um galla skal beitt, eftir því sem við getur átt, um aðrar vanefndir seljanda.

38. gr.

Skoðun kaupanda eftir afhendingu.

Þegar seljandi hefur afhent fasteign skal kaupandi, svo fljótt sem verða má, skoða eignina á þann hátt sem góð venja er.

39. gr.

Úrbætur.

Nú er fasteign gölluð, en seljandi býðst til að bæta úr galla á eigin reikning, og er þá kaupanda skylt að una því ef úrbæturnar hafa ekki í för með sér slík óþægindi fyrir hann að ósanngjarnt má telja og hann hefur ekki sérstakar ástæður til að leggjast gegn þeim.

Hafi seljandi byggt fasteign eða smíðað innréttingar í hana getur kaupandi krafist þess að hann bæti á eigin reikning úr galla, enda verði það gert án þess að það valdi honum ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði.

Hafi kaupandi krafist úrbóta á galla skulu þær fara fram innan hæfilegs tíma.

Bæti seljandi ekki úr galla getur kaupandi krafist afsláttar skv. 41. gr. eða rift skv. 42. gr. Þetta á þó ekki við ef kaupandi kemur í veg fyrir að seljandi bæti úr galla skv. 1. mgr. Ef seljanda er skylt að bæta úr gallanum, en gerir það ekki, getur kaupandi krafist skaðabóta vegna þess kostnaðar sem hann hefur af úrbótunum.

40. gr.

Krafa um úrbætur.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast úrbóta ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu samtímis kröfu skv. 50. gr., eða innan sanngjarns frests eftir það. Kröfu má þó hafa uppi síðar ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

41. gr.
Afsláttur.

Ef fasteign er gölluð getur kaupandi krafist afsláttar.

Ákveða skal afslátt að tiltölu eða í samræmi við kostnað af því að bæta úr galla.

42. gr.
Riftun.

Kaupandi getur rift kaupsamningi ef galli telst veruleg vanefnd.

Nú tilkynnir kaupandi seljanda ekki um riftun innan sanngjarns frests frá því að hann vissi eða mátti vita um galla eða eftir að frestur í tilkynningu, sbr. 39. eða 40. gr., er liðinn og glatar hann þá rétti til riftunar. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. og 33. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um riftun samkvæmt þessari grein.

43. gr.
Skaðabætur.

Nú er fasteign gölluð og getur þá kaupandi krafist skaðabóta vegna annars tjóns en óbeins tjóns skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Þetta á þó ekki við ef seljandi sannar að galla megi rekja til hindrunar þeirrar sem nefnd er í 1. mgr. 34. gr. Ákvæði 34. gr. verður beitt um galla eftir því sem við getur átt.

Ef galla eða tjón má rekja til saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón. Sama gildir ef fasteign var við kaupsamningsgerð ekki í samræmi við ábyrgðaryfirlýsingu seljanda.

44. gr.
Stöðvunarréttur.

Nú hefur kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna galla og getur hann þá á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

45. gr.
Krafa á hendur fyrri eigendum eða öðrum (sprangkrafa).

Kaupandi getur beint kröfu vegna galla að fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila í sama mæli og seljandi gæti haft uppi slíka kröfu.

Kaupandi verður að tilkynna fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila um kröfuna innan þess frests sem gildir um sömu kröfu á hendur seljanda og í síðasta lagi innan þess frests sem gildir í réttarsambandi seljanda og fyrri samningsaðila.

Vanheimild o.fl.

46. gr.
Vanheimild o.fl.

Nú á þriðji maður beinan eignarrétt, veðrétt eða annars konar rétt til fasteignar og gilda þá ákvæði um galla eftir því sem við getur átt, enda leiði ekki af kaupsamningi að kaupandi hafi átt að yfirtaka fasteignina með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Kaupandi getur þó ekki krafist úrbóta skv. 39. gr.

Grandlaus kaupandi getur þó alltaf krafist skaðabóta vegna tjóns sem leiðir af því að fasteign var eign annars manns en seljanda þegar samningur var gerður.

Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir fasteign og seljandi andmælir gilda ákvæði 1. og 2. mgr., nema augljóst sé að krafan eigi ekki við nein rök að styðjast.

47. gr.

Kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis.

Ef kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis hvíla á fasteign gilda ákvæði laganna um galla eftir því sem við getur átt.

Tilkynningar, tómlæti, fyrning.

48. gr.

Tilkynningar o.fl.

Kaupandi glatar rétti til að bera fyrir sig vanefnd ef hann tilkynnir seljanda ekki innan sanngjarns frests, eftir að hann varð eða mátti verða hennar var, um eðli og umfang hennar og að hann ætli að bera hana fyrir sig.

Réttur til að senda tilkynningu fellur niður að liðnum fimm árum frá afhendingu fasteignar, nema seljandi hafi ábyrgst hana í lengri tíma.

Seljandi getur þó ekki borið fyrir sig að tilkynning hafi verið send of seint ef hann hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Kröfur samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir reglum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

V. KAFLI

Vanefndaúrræði seljanda.

49. gr.

Almenn ákvæði.

Nú greiðir kaupandi ekki kaupverðið á réttum tíma eða vanefnir aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, og getur þá seljandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist réttra efnda skv. 50. gr.,
b. rift skv. 51. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 52. gr.,
d. haldið eftir greiðslu skv. 53. gr.,
e. krafist vaxta skv. 61. gr.

Hafi afhending ekki farið fram samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 52. gr.

50. gr.

Krafa um réttar efndir.

Seljandi getur krafist þess að kaupsamningur verði efndur samkvæmt efni sínu og kaupandi greiði kaupverðið. Þetta á þó ekki við ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið. Hafi seljandi ekki afhent fasteign eða gefið út afsal glatar hann rétti til að krefjast efnda láti hann hjá líða í óhæfilega langan tíma að setja slíka kröfu fram.

Um rétt seljanda til að krefja kaupanda um efndir á öðrum skyldum en greiðslu kaupverðsins gilda ákvæði 31. gr. eftir því sem við getur átt.

51. gr.
Riftun.

Seljandi getur rift kaupsamningi ef greiðsludráttur af hálfu kaupanda telst veruleg vanefnd.

Seljandi getur einnig rift kaupsamningi þegar kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins og vanefndin telst veruleg. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift vegna viðtökudráttar ef hann hefur ríka hagsmuni af því að geta afhent fasteignina.

Seljandi getur enn fremur rift ef kaupandi greiðir ekki innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur veitt fyrir greiðslu eða tekur ekki við fasteigninni innan þess frests sem seljandi hefur sett og hann hefur sérstaka hagsmuni af því að geta afhent eignina. Áður en viðbótarfresturinn er liðinn getur seljandi ekki rift, nema því aðeins að kaupandi hafi sagt að hann muni ekki efna skyldur sínar innan frestsins.

Seljandi getur ekki rift eftir að afsal hefur verið gefið út til kaupanda, nema hann hafi sérstaklega áskilið sér það.

Um réttaráhrif riftunar gilda ákvæði 33. gr. eftir því sem við getur átt.

52. gr.
Skaðabætur.

Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með hindruninni þegar kaupsamningur var gerður, eða gæti hafa bægt henni frá eða forðast afleiðingar hennar. Reglur 2. og 3. mgr. 34. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

Seljandi getur krafist skaðabóta skv. 34. gr. fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna þess að:

a. kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins, eða
b. kaupandi tekur ekki við fasteign á réttum tíma þegar seljandi hefur ríka hagsmuni af því að afhenda hana.

53. gr.
Stöðvunarréttur.

Hafi seljandi ekki veitt kaupanda greiðslufrest eða frest á efndum annarra skyldna er hann hvorki skyldur til að afhenda fasteign né gefa út afsal nema kaupandi efni skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi.

54. gr.
Upplýsingar um efndahindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að kaupandi geti efnt kaupsamning réttilega skal hann upplýsa seljanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef kaupandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

55. gr.

Tilkynningar.

Nú er kaupverðið greitt og getur þá seljandi ekki rift kaupsamningi nema hann tilkynni kaupanda það:

a. við greiðsludrátt, áður en hann fékk að vita um greiðslu af hálfu kaupanda, eða
b. við aðrar vanefndir innan hæfilegs frests eftir að honum var eða mátti vera kunnugt um vanefndina eða eftir að liðinn er hæfilegur viðbótarfrestur skv. 3. mgr. 51. gr.

Nú hyggst seljandi krefja kaupanda um skaðabætur og skal hann þá tilkynna það innan hæfilegs frests ella glatar hann rétti sínum til bóta.

VI. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir o.fl.

56. gr.

Stöðvun efnda.

Samningsaðili getur stöðvað efndir og haldið eftir greiðslu ef háttsemi viðsemjanda hans gefur sérstakt tilefni til þess eða greiðslugeta hans, vilji eða möguleikar til að efna að öðru leyti hafa beðið alvarlegan hnekki, þannig að hann muni fyrirsjáanlega ekki efna verulegan hluta skyldna sinna.

Samningsaðili, sem stöðvar efndir, skal strax tilkynna það viðsemjanda sínum. Ef slík tilkynning er ekki send getur viðsemjandinn krafist skaðabóta fyrir tjón sem forðast hefði mátt ef tilkynning hefði verið réttilega send.

Samningsaðili, sem stöðvað hefur efndir, er skyldur til að efna ef viðsemjandi hans setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu.

57. gr.

Riftun.

Nú er gjalddagi á greiðslu ekki kominn, en þó víst að vanefndir verða af hálfu annars samningsaðilans sem veita munu hinum rétt til að rifta, og getur hann þá rift kaupsamningnum þótt gjalddagi sé ekki kominn. Veiti viðsemjandinn fullnægjandi tryggingu fyrir réttum efndum getur riftun þó ekki farið fram.

58. gr.

Gjaldþrotaskipti.

Ef bú annars samningsaðila verður tekið til gjaldþrotaskipta gilda ákvæði XV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

VII. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um skaðabætur. Vextir.

59. gr.

Fjárhæð skaðabóta, óbeint tjón.

Nú getur annar samningsaðila krafist skaðabóta vegna vanefnda og skulu þá bæturnar svara til þess fjárhagslega tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þeirra. Þetta á þó aðeins við um tjón sem sá er ábyrgð ber gat með sanngirni séð fyrir sem sennilegar afleiðingar vanefnda.

Þegar lög þessi gera greinarmun á beinu og óbeinu tjóni telst óbeint tjón vera:

a. tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum,

b. tjón sem rekja má til þess að fasteign kemur ekki að þeim notum sem með réttu var stefnt að,
c. tjón sem rekja má til missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur,
d. tjón sem rekja má til skemmda á öðru en fasteigninni sjálfri, svo og hlutum sem notaðir eru í beinu sambandi við hana eða fyrirhuguð afnot hennar.

Ákvæði 2. mgr., um hvað telja skuli óbeint tjón, eiga ekki við um kostnað vegna:
a. venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr því að fasteign er gölluð eða afhendingardráttur verður eða
b. ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem nefnt er í 2. mgr.

Um kostnað sem fellur undir 3. mgr. skulu gilda reglur um beint tjón.

60. gr.
Takmörkun tjóns. Lækkun bóta.

Nú vanrækir samningsaðili skyldu sína til að takmarka tjón með hæfilegum aðgerðum og verður hann þá sjálfur að bera þann hluta tjóns síns.

Lækka má skaðabætur ef þær teljast ósanngjarnar í garð hins bótaskylda þegar litið er til umfangs tjóns samanborið við það tjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

61. gr.
Vextir, dráttarvextir.

Um vexti og dráttarvexti samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði laga um vexti og verðtryggingu.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
62. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002. Lögin gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögin bætast tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (39. gr.)

Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.

b. (40. gr.)

Við upphaf lífeyristöku lögreglumanns sem fær reiknuð réttindi skv. 39. gr. skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinarinnar og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 33. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. gr.

2. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Lagaskil og sérákvæði.**

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeim lögreglumönnum, sem þegar eru orðnir fullra 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. maí 2003.

Ákvæði 39. gr. tekur einnig til þeirra lögreglumanna sem eru orðnir fullra 65 ára og hafa látið af embætti eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Geir H. Haarde.

18. apríl 2002 Nr. 42

LÖG

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut ellieða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður lengur en tólf mánuði, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

2. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

3. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna bætist: sbr. þó 6. mgr. 23. gr.

4. gr.

Við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

5. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut ellieða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

6. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi skv. 1. mgr. og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna, skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Geir H. Haarde.

LÖG

um geislavarnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Þess skal gætt að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lög þessi taka til sé eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, m.a. eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislatækja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

2. gr.

Lögin gilda um:

1. Öryggisráðstafanir gegn geislun við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun á fólk, svo sem við framleiðslu, innflutning, útflutning, afhendingu, eign, uppsetningu, notkun, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna og geislatækja, sbr. 4. mgr. 13. gr.
2. Öryggisráðstafanir við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrulega geislun frá umhverfinu.
3. Öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.
4. Vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.
5. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Geislun:* Jónandi og ójónandi geislun.
2. *Jónandi geislun:* Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.
3. *Ójónandi geislun:* Útfjólublá geislun og allar aðrar rafsegulbylgjur með lengri bylgjulengd, svo sem örbylgjur eða aðrar rafsegulbylgjur sem hafa hliðstæð líffræðileg áhrif, svo og rafsegulsvið.

4. *Geislatæki:* Rafmagnstæki sem mynda geislun, t.d. röntgentæki og sólarlampar.
5. *Læknisfræðileg geislun:* Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.
6. *Starfsemi:* Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.
7. *Geislaálag:* Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.
8. *Ábyrgðarmaður:* Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfseminni hvað varðar geislavarnir.
9. *Gæðatrygging:* Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykkta staðla.
10. *Gæðaeftirlit:* Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaeftirlit felur í sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum einkennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

II. KAFLI
Geislavarnir ríkisins.

4. gr.

Geislavarnir ríkisins er stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Ráðherra skipar forstjóra Geislavarna ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.
2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.
3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.
4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lög þessi taka til.
5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis.
6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmiðla.
8. Rannsóknir á sviði geislavarna.
9. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá, m.a. rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
10. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.
11. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum sem lög þessi fjalla um.

Stofnunin skal undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

Stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.

Þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skulu láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að mat skv. 4. og 5. tölul. verði eins raunhæft og kostur er.

6. gr.

Ráðherra skipar geislavarnaráð til fjögurra ára í senn, en það er fagleg ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins um geislavarnir. Skal geislavarnaráð skipað þremur mönnum með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

III. KAFLI
Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar geislavirkra efna.

7. gr.

Framleiðsla, innflutningur, eign, geymsla, afhending og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum er stofnunin setur, m.a. um meðferð geislavirkra efna þegar notkun þeirra lýkur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ekki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né heldur vegna sjálflýsandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

Innflutningur geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er tilkynningarskyldur. Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu um hvert slíkt tæki sem flutt er inn. Tilkynningum skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli tilkynningarskyldur.

IV. KAFLI
Mat á gagnsemi og áhættu við notkun geislunar.

8. gr.

Allar nýjar tegundir eða flokkar starfsemi sem geta valdið jónandi geislun á fólk skulu metnar fyrir fram með tilliti til efnahagslegrar, þjóðfélagslegrar eða annarrar gagnsemi í samanburði við áhættu á skaðlegum heilsufarsáhrifum sem geislunin getur haft. Aðilar er hyggjast hefja slíka starfsemi skulu senda Geislavörnum ríkisins greinargerð um slíkt mat á fyrirhugaðri starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemina fyrr en samþykki Geislavarna ríkisins liggur fyrir og að fengnu mati landlæknis þegar um læknisfræðilega starfsemi er að ræða. Starfsemi sem þegar fer fram skal endurskoða með tilliti til mats skv. 1. málsl. þegar fyrir liggja nýjar mikilvægar upplýsingar um gagnsemi hennar eða afleiðingar.

V. KAFLI
Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

9. gr.

Öll notkun geislavirkra efna og geislatækja skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun án leyfis Geislavarna ríkisins. Breytingar á starfsemi sem hafa áhrif á geislavarnir eru einnig háðar leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum sem stofnunin setur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir. Sé um að ræða nýja tegund starfsemi skal sérstaklega gerð grein fyrir mati á notkuninni, sbr. 8. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli háð leyfi.

10. gr.

Eigandi ber ábyrgð á notkun geislavirkra efna og geislatækja, svo og að tæki, búnaður og starfsemi öll hvað geislavarnir varðar, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal eigandi tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu og skal nafn hans, menntun og reynsla tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Tilnefning ábyrgðarmanns er háð samþykki Geislavarna ríkisins. Ábyrgðarmaður ber í umboði eiganda ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal komið upp viðeigandi innra eftirliti vegna geislavarna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun, reynslu og skyldur ábyrgðarmanna og um fyrirkomulag og framkvæmd innra eftirlits.

11. gr.

Aðilar sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu skipuleggja viðeigandi viðbrögð við geislaslysum og veita upplýsingar um sérstaka áhættuþætti samkvæmt nánari reglum er Geislavarnir ríkisins setja. Þeir skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef geislaslys verður, leggja frummat á hugsanlegar afleiðingar og gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að takmarka afleiðingar þess.

12. gr.

Geymsla og förgun geislavirkra efna skal ávallt vera í samræmi við reglur er Geislavarnir ríkisins setja. Sama gildir um annan úrgang, búnað eða umbúðir sem innihalda geislavirk efni eða eru menguð af þeim.

Þegar tæki eða búnaður sem getur gefið frá sér jónandi geislun er endanlega tekinn úr notkun skal það tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Á meðan búnaður inniheldur geislavirk efni eða getur gefið frá sér jónandi geislun skal hann vera í öruggri vörslu og sæta eftirliti í samræmi við reglur sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 10. gr. Geislavörnum ríkisins er heimilt að krefjast förgunar eða fjarlægingar geislavirkra efna og geislatækja sem ekki eru lengur í notkun. Sé ekki orðið við kröfu stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu innan tiltekins frests getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda.

VI. KAFLI
Geislavarnir á vinnustöðum.

13. gr.

Öll geislun starfsmanna og almennings vegna starfsemi sem lög þessi taka til skal vera eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Við starfsemi þar sem unnið er með geislun, jónandi sem ójónandi, skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk og aðra gegn geislun. Þessar aðgerðir skulu vera í samræmi við umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Við starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð skal hafa viðeigandi eftirlit með geislaálagi starfsmanna og annarra er starfseminni tengjast. Starfsmenn skulu hafa fullnægjandi menntun og fá starfsþjálfun og fræðslu sem tryggir nægilega hæfni og þekkingu á geislavörnum, svo og örugga notkun geislunar. Gestir og aðrir sem aðgang hafa að vinnustaðnum skulu fá upplýsingar um reglur sem fylgja þarf vegna geislavarna.

Við starfsemi sem hefur í för með sér aukna náttúrulega jónandi geislun skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk gegn slíkri geislun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir á vinnustöðum, þar með talið um fyrirkomulag geislavarna og öryggisráðstafana sem draga úr geislun, aldursmörk þeirra sem starfa við jónandi geislun, geislunarmörk starfsmanna, nemenda og almennings, svo og eftirlit með geislaálagi og lækniseftirlit þeirra sem starfa við jónandi geislun, flokkun vinnusvæða og aðvörunarmerkingar, skermun og innréttingu húsnæðis, menntun, starfsþjálfun og fræðslu einstaklinga sem nota geislun eða starfa þar sem geislun er notuð.

Um ráðstafanir til að vernda starfsmenn á vinnustöðum gegn skaðlegum áhrifum af völdum ójónandi geislunar fer samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.

14. gr.

Um skrá sem Geislavarnir ríkisins halda yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., fer samkvæmt lögum um persónuvernd. Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kringumstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Sérstaklega skal gera grein fyrir niðurstöðum sem byggjast ekki á einstaklingsbundnum mælingum. Geislaálag af geislaslysi skal skráð sérstaklega, svo og aðstæður við geislunina og aðgerðir sem gripið var til.

Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

VII. KAFLI
Læknisfræðileg geislun.

15. gr.

Ábyrgðarmaður skv. 10. gr. ber ábyrgð á framkvæmd læknisfræðilegrar geislunar. Hann skal sjá til þess að þeir einir framkvæmi læknisfræðilega geislun sem eru til þess hæfir á grundvelli viðurkenndrar sérmenntunar.

Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður eða sá sem hann hefur falið framkvæmdina meta hvort notkun geislunar er réttlætanleg að teknu tilliti til markmiðs geislunarinnar, einkenna og ástands sjúklings.

Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaðar sem fyrir hendi eru, svo og annarra þátta sem áhrif hafa.

Á hverjum þeim stað þar sem læknisfræðileg geislun fer fram skal komið upp viðeigandi áætlunum um gæðatryggingu og gæðaeftirlit vegna starfseminnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun, þ.m.t. viðmið, fyrirkomulag og framkvæmd áætlana um gæðatryggingu.

16. gr.

Þeir sem hyggjast framkvæma skoðun á hópi fólks, t.d. vegna vísindalegra rannsókna, og nota við það jónandi geislun skulu fá til þess leyfi Geislavarna ríkisins. Óheimilt er að hefja slíka skoðun fyrr en leyfi stofnunarinnar liggur fyrir og að fengnu áliti landlæknis.

VIII. KAFLI
Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

17. gr.

Geislavarnir ríkisins annast skv. 5. gr. reglubundið eftirlit með notkun geislavirkra efna og geislatækja sem leyfi þarf fyrir samkvæmt lögum þessum.

Starfsmönnum Geislavarna ríkisins er heimill aðgangur að sérhverjum stað þar sem geislavirk efni og geislatæki sem gefa frá sér jónandi geislun eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit og gerir ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á starfsmenn vegna ójónandi geislunar í samræmi við ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur settar samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits Geislavarna ríkisins.

18. gr.

Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu framkvæma þær úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekins frests, ella er heimilt að stöðva frekari notkun tækja og efna þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins stöðva frekari notkun geislavirkra efna og geislatækja þar til úrbætur hafa verið gerðar.

19. gr.

Skráður eigandi geislavirks efnis eða geislatækis sem gefur frá sér jónandi geislun skal greiða gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins, sbr. 17. gr., fyrir mat á umsóknum um leyfi, sbr. 7., 9. og 20. gr., svo og fyrir eftirlit með geislaálagi starfsfólks, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við eftirlitið.

IX. KAFLI
Uppsetning, breytingar og viðgerðir á geislatækjum.

20. gr.

Uppsetning á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Breyting á slíkum geislatækjum með tilliti til geislunar er einnig háð leyfi Geislavarna ríkisins. Þeir sem hyggjast setja upp slík geislatæki eða breyta slíkum tækjum með tilliti til

geislunar skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á eyðublöðum stofnunarinnar eða með öðrum þeim hætti sem stofnunin samþykkir. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en leyfi stofnunarinnar er fengið.

Viðgerðir, uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki, gera við þau eða breyta þeim með tilliti til geislunar skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Geislavarna ríkisins, svo og gjaldskrá fyrir þjónustumælingar Geislavarna ríkisins, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

22. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en 1. janúar 2003 að því er varðar ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað skv. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. og faggildingu skv. 3. mgr. 5. gr. Eftirlitsþáttur laganna skal endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. Með gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 117/1985, um geislavarnir.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** **Guðrún Erlendsdóttir.**

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

Nr. 45 19. apríl 2002

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 19. apríl 2002.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 6. gr. A laganna orðast svo: Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Guðni Ágústsson.

26. apríl 2002 Nr. 47

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 26. apríl 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.

b. 5. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:
Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Reykjavík, 22. apríl 2002.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Guðni Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A14 – 2002

26. apríl 2002 113 Nr. 49

LÖG

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu þeirra á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, skal það skip sem í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 2002

3. maí 2002 115 Nr. 51

LÖG

um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Afnám laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu.

1. gr.

Lög nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, sbr. 7. gr. laga nr. 83/1997, falla brott.

Breytingar á öðrum lögum.

2. gr.

a. IV. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., fellur brott.
b. Eftirtaldar breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:
   1. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   2. Í stað orðanna „þeir aðilar ákveða“ kemur: Hagstofa Íslands ákveður.
   3. Í stað orðanna „skýrslugerð þeirra“ kemur: skýrslugerð hennar.
c. Úr 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
d. Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989:
   1. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   2. Í stað orðsins „þeirra“ kemur: hennar.
e. Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins, sbr. 21. gr. laga nr. 73/1996:
   1. Í stað orðsins „fjóra“ í 1. málsl. kemur: þrjá.
   2. Orðin „einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.
f. Í stað orðanna „fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar“ í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 2. gr. laga nr. 141/1995, kemur: horfum.
g. Úr 3. mgr. 39. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
h. Eftirtaldar breytingar verða á 47. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   1. Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. kemur: fimm.
   2. Í stað orðanna „tveggja fulltrúa“ í 2. málsl. kemur: eins fulltrúa.
   3. Orðin „og Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.

Gutenberg

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Gjört á Bessastöðum, 3. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 52 3. maí 2002

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 2. maí 2002 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 3. maí 2002 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frestað hinn 3. maí 2002.

Forsætisráðuneytinu, 3. maí 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 2002

8. maí 2002 117 Nr. 53

LÖG

um Tækniháskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Tækniháskóli Íslands er menntastofnun á háskólastigi. Háskólinn veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu þar sem æðri menntunar er krafist. Tækniháskóli Íslands leggur áherslu á að veita menntun á tæknisviðum. Háskólanum er heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, auk þess að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Tækniháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Þeir sem ráðnir eru í starf prófessors, dósents eða lektors skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Gutenberg

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af námsferli umsækjanda og störfum að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast nemendur við Tækniháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt þeim reglum.

Við skrásetningu til náms greiðir nemandi skrásetningargjald, allt að 32.500 kr. Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalda. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum. Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við háskólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og tveir til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess sem gegnir forsetastörfum.

Varamenn skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum háskólans.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildaskipan háskólans. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan háskólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög o.fl.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans og skilgreindar námsbrautir innan hennar skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar á meðal starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð samþykkir námskrá og kennsluskrá en deildir bera ábyrgð á gerð þeirra.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurteknингu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum nemendum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu.

12. gr.

Tækniháskóla Íslands er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra, sem sinnir hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita nemendum háskólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Tækniháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir símenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um slík þjónustugjöld.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög nemenda, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir Tækniháskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

14. gr.

Tækniháskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og um leið tekur Tækniháskóli Íslands við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Tækniskóla Íslands.

16. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli laga þessara skulu birtar í Stjórnartíðindum.

18. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. gildir eftirfarandi:

Tækniskóli Íslands skal starfa áfram fram að brautskráningu nemenda 1. júní 2002 í samræmi við lög nr. 66/1972, með síðari breytingum.

Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Tækniskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Tækniskóla Íslands eiga rétt á að ljúka námi frá Tækniháskóla Íslands samkvæmt gildandi námsskipulagi Tækniskóla Íslands.
b. Embætti rektors Tækniskóla Íslands er lagt niður 3. júní 2002. Þó skal sá sem gegnir því embætti við gildistöku laga þessara eiga rétt til starfa við Tækniháskóla Íslands skv. d- og e-lið.
c. Eftir gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra háskólaráð til 1. júní 2003. Hlutverk ráðsins er að tryggja yfirfærslu starfsemi Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og framkvæmd laga þessara að öðru leyti, þar með talið að ganga frá tilnefningu rektors, sem ráðherra skal skipa skv. 7. gr. eigi síðar en 1. júlí 2002. Staða rektors skal auglýst eins og lög þessi gera ráð fyrir. Háskólaráð skal meta hæfni umsækjenda um stöðu rektors og taka ákvörðun um þann sem tilnefndur verður með meiri hluta greiddra atkvæða í kosningu innan ráðsins. Almennur fundur kennara sem ráðnir eru ótímabundið við Tækniskóla Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í háskólaráð og tvo til vara. Nemendafélag Tækniskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa í ráðið og einn til vara. Menntamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar, þar af einn sem gegnir störfum forseta ráðsins þar til rektor hefur verið skipaður. Eftir að rektor hefur verið skipaður skal fulltrúum sem skipaðir eru í háskólaráð án tilnefningar fækka um einn. Varaforseti ráðsins skal valinn úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.
d. Skipaðir og ótímabundið ráðnir kennarar við Tækniskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla eru starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um þá starfsmenn sem gegna öðrum störfum en talin eru upp í e-lið.
e. Störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Tækniskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður frá og með 1. ágúst 2002. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2005. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum lið vera starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 2002, en störf þeirra verða þá lögð niður í síðasta lagi 31. júlí 2005 fullnægi þeir ekki hæfisskilyrði laga um háskóla á þeim tíma.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Tómas I. Olrich.

LÖG

um breyting á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „settar eru í“ í 1. mgr. kemur: bókun 3 og.
b. Á eftir orðunum „á sviði“ í 1. mgr. kemur: ríkisaðstoðar og.

2. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skulu stjórnvöld, að undangenginni ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Þiggjanda aðstoðar ber að greiða vexti, sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður, af fjárhæð þeirri sem hann er endurkrafinn um. Vextir skulu reiknaðir frá þeim degi er þiggjanda var fengin aðstoðin til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Afturköllun samkvæmt málsgrein þessari skapar sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

3. gr.

2. málsl. 48. gr. laganna verður svohljóðandi: Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema embættisdýralæknir hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu yfirdýralæknis.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki, fóður og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best sé að hrossunum búið. Embættisdýralæknir skal ávallt líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver eigandi þess sé.

Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar.

5. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Skipa skal fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og Félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og upplýsingar sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum. Ákvæði 2. gr. um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur þó fyrst gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 2002

6. maí 2002 125 Nr. 56

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 95. gr. laganna, sbr. lög nr. 47/1941, 101/1976 og 82/1998, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „hafnaáætlun“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlun.
c. Í stað orðsins „hafnaáætlunar“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlunar.

26. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat sem taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

27. gr.

Kaflafyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Um samgönguáætlun.**

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þó tekur ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. vegalaga og 3. mgr. 1. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er Alþingi heimilt að afgreiða, á 127. löggjafarþingi, vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. c laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., er orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögunum sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki tryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var tryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 10. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, og frádráttarliða skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skulu við ákvörðun tekjugrundvallar tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Einnig skulu tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning tekjutryggingar skv. 17. gr.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að bætur hafa verið vangreiddar skal bótaþega greitt það sem upp á vantar. Hafi tekjutengdar bætur verið ofgreiddar skal um innheimtu fara skv. 50. gr. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. og tekjur síðastliðins árs og þess sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott; á eftir orðinu „ellilífeyrir“ kemur: skal vera; og á eftir skammstöfuninni „kr.“ í sama málslið kemur: á ári og.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott; á eftir skammstöfuninni „kr.“ kemur: á ári; og í stað orðanna „4. mgr.“ í sama málslið kemur: 5. mgr.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
d. 6. mgr. fellur brott.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi á aldrinum 18–62 ára örorkustyrk að upphæð 14.992 kr. á mánuði ef örorka hans er metin a.m.k. 50% og hann uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. Slíkan styrk skal enn fremur veita þeim sem uppfyllir skilyrði 1. málsl. þessarar málsgreinar og stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan aukakostnað. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal einstaklingi sem náð hefur 62 ára aldri, uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. og er metinn a.m.k. 50% öryrki örorkustyrk sem skal svara til fulls örorkulífeyris skv. 12. gr., þ.e. grunnlífeyris án bóta tengdra honum. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal viðbót við örorkustyrk til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri, sbr. 14. gr., fyrir hvert barn á framfæri.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
b. Á eftir orðinu „ellilífeyrisþega“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
c. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. og „sameiginlega tekjur“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
d. Á eftir orðunum „Ef tekjur“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
e. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. og 1. málsl. 6. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
f. Á eftir orðunum „miðast tekjur“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
g. Orðin „sbr. 11. mgr.“ í 8. og 9. mgr. falla brott.
h. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 10. mgr.
i. 11. mgr. fellur brott.
j. Í stað orðanna „lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum“ í 12. mgr. kemur: lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
k. Við 13. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framkvæmd bótaútreiknings samkvæmt þessari grein fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
l. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.
m. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Tekjutrygging og tekjutryggingarauki.*

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.
b. Á eftir e-lið 1. mgr. bætast við tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   f. Atvinnurekendur í landbúnaði sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn á aldrinum 13 til og með 17 ára.
   g. Atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en um getur í f-lið.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Maki atvinnurekanda og börn hans á aldrinum 13 til og með 17 ára, sbr. g-lið 1. mgr., teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein nema þau starfi við atvinnureksturinn og þiggi laun fyrir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.

12. gr.

4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af tekjum bótaþega, sbr. 10. gr., við þá atvinnu sem hann stundaði er slysið varð.

13. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjöldum skv. 3. mgr. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag sem standa skal undir kostnaði af bótum vegna þeirra sem um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár.

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skulu vera 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni. Iðgjöld þessi skulu ásamt dagpeningum skv. 6. mgr. 63. gr. standa undir greiðslu launa og/eða aflahlutar skv. 2. mgr. 63. gr. og rekstrarkostnaði slysatrygginga vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar við tryggingu þessa. Iðgjöld þeirra sem heimilisstörf stunda skv. 25. gr. skulu ákveðin þannig að þau standi undir kostnaði við tryggingunа og rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna framkvæmdarinnar.

14. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar, sbr. 2. gr., og skal hún veita þá styrki sem hér segir:

a. Styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Styrk til nauðsynlegrar æfingameðferðar eða þjálfunar.
c. Styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.
d. Ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.
e. Styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.
f. Styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, samkvæmt fyrirmælum læknis.

Þá skal Tryggingastofnun greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. h-liðar 1. mgr. orðast svo: Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður hámarksgjald samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.
b. Við h-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, 6. málsl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt í reglugerð að ákveða að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið 1. mgr. hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum.

16. gr.

Í stað 5. mgr. 43. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum í 1. málsl. þessarar málsgreinar ef sérstaklega stendur á og skal við mat á framlengingu á greiðslu lífeyris og bótum honum tengdum höfð hliðsjón af tekjum skv. 10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða, sem ekki er á föstum fjárlögum, vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraða. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði vistmanns á dvalarheimili aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr.

Sjúkrahús og stofnanir skv. 5. og 6. mgr. skulu senda Tryggingastofnun mánaðarlega upplýsingar um vistun.

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 19.990 kr. á mánuði. Tekjur umfram 3.952 kr. á mánuði skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur sem nema 416.474 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 10. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. málsl. þessarar málsgreinar, umfram tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. málsl.

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en 1.592 kr. á dag þann tíma.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

17. gr.

1.–4. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Sækja skal um allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og greiðslur skv. 59. gr. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins ákveðið að ekki þurfi að sækja um tilteknar bætur skv. 33., 34., 36. og 37. gr. Örorkulífeyrisþegar þurfa þó ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 11. gr. þegar þeir ná 67 ára aldri. Umsóknir um bætur skulu vera á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, bótaþega eða maka hans er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Tryggingastofnun skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum á grundvelli laganna og starfsreglum stofnunarinnar. Starfsfólki Tryggingastofnunar og umboða hennar er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

18. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. og eru jafnframt sjúkratryggðir hér á landi.

19. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum.

Ef tekjutengdar bætur samkvæmt lögum þessum eru ofgreiddar af Tryggingastofnun eða umboðum hennar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærri en lagt var til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna, sbr. 47. gr.

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað.

Þegar bætur eru vangreiddar skal greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og skulu þeir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt, sbr. þó 48. gr. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 7. gr., leiðir til þess að einstaklingur á rétt á bótum en hafði fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 48. gr. Ef bætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum, sbr. 3. mgr. 47. gr., falla vextir niður.

Þegar greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega skal hann greiða dráttarvexti á þá bótafjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

20. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skulu eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila og skal eftir atvikum leita staðfestingar á iðgjaldi útgerðaraðila þegar greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

21. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skv. 31. gr. skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

22. gr.

58. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja áhættu vegna bótaskyldra slysa, sbr. III. kafla laga þessara og 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fullra launa og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald skv. 31. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu, sbr. 1. mgr., fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi Tryggingastofnunar.

Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunar þann tíma sem greiðslur launa og aflahlutar eiga sér stað.

II. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Makabætur og umönnunarbætur.*

25. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt efnisheiti og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

a. (13. gr.)

Kostnaður við dagvist aldraðra.

Þeir sem njóta þjónustu dagvistar samkvæmt lögum um málefni aldraðra skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar. Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, umfram greiðslur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

b. (14. gr.)

Ef greiðsla samkvæmt lögum þessum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skulu þær ákveðnar skv. 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Einnig skal beita 47. og 50. gr. laga um almannatryggingar vegna upplýsinga um tekjur, þagmælsku starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins og endurheimtu á ofgreiddum bótum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

26. gr.

Á eftir 1. tölul. 2. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: *Vistmaður:* Sá sem dvelur á stofnun skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. og sá sem dvelur lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði á stofnun skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. eða í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum.

27. gr.

Á undan 19. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Dagvist.*

28. gr.

Á undan 20. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Önnur þjónusta en heimaþjónusta.*

29. gr.

Í stað 21.–23. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt efnisheitum, svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Daggjaldastofnanir.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum sem ekki eru á föstum fjárlögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Hafi vistmaður engar tekjur, sbr. 26. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins greiða dvalarheimilinu vistunarframlag skv. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, til greiðslu dvalarkostnaðar hans á stofnuninni. Vistunarframlagið skal nema fjárhæð lífeyris vistmanns og bótum tengdum honum og því sem á vantar dvalarkostnað eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar, sbr. þó 22. gr.

Lífeyrir frá lífeyristryggingum almannatrygginga og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur á stofnun, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr., sem ekki er á föstum fjárlögum, fellur niður, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Um þátttöku í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða skv. 1. mgr. er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

b. (22. gr.)

Þátttaka vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar og framkvæmd tekjuútreiknings.

Vistmaður, sem hefur tekjur, sbr. 26. gr., umfram 34.659 kr. á mánuði skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnun fyrir aldraða. Þó skal greiðsluþátttaka hans aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur daggjöldum á stofnun eins og þau eru ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar og 3. mgr. 23. gr. laga þessara.

Eftirfarandi gildir um greiðslu vistmanns á dvalarkostnaði á dvalarheimili og hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými öldrunarstofnunar sem ekki er á föstum fjárlögum og hjúkrunarrými sem er á föstum fjárlögum þegar vistmaður greiðir dvalarkostnað með tekjum sínum að hluta eða öllu leyti:

1. Nú hefur vistmaður tekjur, sbr. 26. gr., sem eru hærri en 34.659 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður.
2. Ef tekjur vistmanns á dvalarheimili skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. ná ekki 34.659 kr. á mánuði greiðir Tryggingastofnun ríkisins dvalarkostnað hans með vistunarframlagi, sbr. 1. mgr. 21. gr.
3. Nú á vistmaður maka og skulu þá tekjur vistmanns, sbr. 26. gr., skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 34.659 kr. á mánuði skal hann standa straum af dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., með þeim tekjum sem umfram eru.

c. (23. gr.)

Innheimta dvalarkostnaðar.

Daggjaldastofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 22. gr. Stofnun skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

Stofnun sem er á föstum fjárlögum skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði, sbr. 3. mgr., nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal ákveða hámark greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði á stofnun sem er á föstum fjárlögum. Við ákvörðun skal höfð hliðsjón af ákvörðun daggjalda eins og þau eru ákveðin skv. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

d. (24. gr.)

Vasapeningar.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á stofnun fyrir aldraða vasapeninga skv. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

30. gr.

24. gr. laganna verður 25. gr.

31. gr.

Á eftir 24. gr. laganna (er verður 25. gr.) kemur ný grein, 26. gr., og orðast svo ásamt efnisheiti:

Skilgreining á tekjum o.fl.

Til tekna teljast samkvæmt þessum kafla tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu þó tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum greiðsluársins að teknu tilliti til innheimtuhlutfalls staðgreiðslu og persónuafsláttar viðkomandi staðgreiðsluárs. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda og vistmanni. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæðir á grundvelli tekna skv. 1. og 2. mgr. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem áætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið vangreitt skal stofnun greitt það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal um endurheimtu á ofgreiðslum fara skv. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skal Tryggingastofnun áætla tekjur vistmanns á grundvelli upplýsinga frá skattyfirvöldum og vistmanni og skulu tekjur síðastliðið ár og það sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

32. gr.

Við VI. kafla laganna bætist ný grein sem verður 27. gr. og breytist töluröð annarra greina kaflans samkvæmt því:

Starfsmenn stofnana skv. 1. tölul. 14. gr. skulu gæta þagmælsku um heilsufar, ástand og aðrar persónulegar upplýsingar vistmanna. Þagnarskyldan helst þótt vistmaður andist og þótt starfsmaður láti af störfum. Um þagmælsku starfsmanna á stofnunum skv. 2. tölul. 14. gr. fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

33. gr.

Í stað 2. mgr. 20. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til heilsugæslustöðvar fyrir þjónustu á heilsugæslustöð í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Einnig skal sjúkratryggður greiða gjald vegna krabbameinsleitar samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ekki er heimilt að taka gjald vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum. Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu á heilsugæslustöð samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur við það ríki sem þeir koma frá vegna þjónustu á heilsugæslustöð.

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða heilsugæslulækni gjald fyrir vitjun samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjald þetta skal vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi skal óhjákvæmilegur ferðakostnaður læknis innifalinn.

Heimilt er að setja reglugerð um hámark greiðslna sjúkratryggðs einstaklings.

34. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til göngudeilda, slysadeilda og bráðamóttöku sjúkrahúsa fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Gjald vegna sérfræðiþjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

V. KAFLI
Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

35. gr.

Við 2. málsl. 17. gr. laganna bætist: og lögum um heilbrigðisþjónustu.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr., 1.–3. málsl. og 7. og 8. málsl. 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 12. gr., 1.–3. mgr. 19. gr., 25. gr., b–d-liða (22.–24. gr.) 29. gr. og 31. gr. er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2004 á tekjur ársins 2003.

4.–6. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4.–6. málsl. 5. mgr. og 6. mgr. 31. gr. koma til framkvæmda 1. september 2004.

A-liður 10. gr., 16. gr., 4. og 5. mgr. 19. gr. og a-liður (21. gr.) 29. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2004.

Bótafjárhæðir og tekjumörk í krónutölum, sem tilgreind eru í þeim greinum sem 2.–4. mgr. taka til, breytast í samræmi við breytingar á fjárhæðum bóta eða tekjumarka sem verða fram að gildistöku greinanna.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

Nr. 75 8. maí 2002

LÖG

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hlutafélaginu er heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Breyting á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 133/1993, bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda með sama hætti um útlendinga sem falla undir stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. málsl. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

II. KAFLI
Félagsmálaráðuneyti.
Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæði II. og III. bálks I. hluta fylgiskjalsins skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

III. KAFLI
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

5. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

6. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

7. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

8. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

9. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

11. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 17. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingum.

12. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 116/1993, orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem

lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í.

13. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

14. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

15. gr.

Á eftir orðunum „utan EES-svæðisins“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993:

a. Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. málsl. kemur: og í Sviss.
b. Á eftir orðunum „aðra en ríkisborgara frá EES-landi“ í 3. málsl. kemur: og frá Sviss.

18. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

19. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

21. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

22. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúkratryggingar skulu einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann er staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

23. gr.

2. málsl. 66. gr. laganna orðast svo: Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

24. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 108/2000:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

26. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 108/2000, kemur: og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

27. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmdastjórnar EB“ í síðari málslið 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

28. gr.

Á eftir 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 108/2000, kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um lyfjamál með aðlögun vegna EES-samningsins og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.

29. gr.

Við fyrri málslið 4. tölul. 3. gr. laganna bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IV. KAFLI

Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1997, bætist: svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu í öðru aðildarríki stofnsamningsins.

31. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.

32. gr.

6. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun.

33. gr.

Á eftir orðunum „á EES-svæðinu“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

V. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 62/1993, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eru með sama hætti undanþegnir skilyrði um heimilisfesti.

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

35. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 62/1993 og 24. gr. laga nr. 23/1991, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur.

36. gr.

2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þó er stjórnarmaður sem er ríkisborgari aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettur í einhverju þessara ríkja undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

VI. KAFLI

Utanríkisráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

37. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VII. KAFLI

Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

38. gr.

3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 46/1996 og 4. gr. laga nr. 12/1993:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettir eru í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra sérlaga.

40. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 2. og 6. gr. laga nr. 46/1996, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar um er að ræða fjárfestingu frá aðila aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal gætt ákvæða 40. og 41. gr. í stofnsamningnum.

Breyting á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 11. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

42. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 103/1992, um umboðssöluviðskipti.

43. gr.

Á eftir orðunum „utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 21. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

44. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 21/1996, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríkjum stofnsamningsins.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 84/1998 og 4. gr. laga nr. 17/1999:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

46. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

47. gr.

Á eftir 2. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

1. og 2. mgr. gilda einnig um svissneskar lánastofnanir, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til lánastofnana með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

49. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 16. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 84/1998, kemur: og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

51. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., sem orðast svo: Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í Sviss sem hafa fengið starfsleyfi þar, sbr. 64. og 65. gr.

52. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

53. gr.

2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.

54. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta stofnsett útibú hér á landi með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

55. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta veitt þjónustu án starfsstöðvar hérlendis með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

56. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 77. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

57. gr.

Á eftir orðinu „aðildarríki“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: Evrópsks efnahagssvæðis eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

58. gr.

4. málsl. 2. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.
b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

60. gr.

Á eftir 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

61. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

62. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

63. gr.

Við 2. tölul. 118. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

65. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

66. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

67. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997, kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

68. gr.

2. málsl. 2. tölul. 144. gr. laganna orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingu.

69. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

71. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. tölul. 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í b-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

73. gr.

Á eftir 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1998, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

74. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 49. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

75. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

76. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

77. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

78. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

79. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 38. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

80. gr.

Við 1. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

81. gr.

Við 83. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

82. gr.

Við 84. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þessi grein gildir einnig um svissneska viðskiptabanka og sparisjóði, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

83. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 86. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

84. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 87. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

85. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingu.

86. gr.

Á eftir orðunum „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 84/1998:

a. Við 2. tölul. bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. tölul. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

88. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

89. gr.

Við 2. málsl. 3. gr. laganna bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

90. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

91. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu eða innan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

92. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um vörur unnar úr eðalmálmum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu á vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni og til innflutnings, kaupa og sölu á þeim.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Ábyrgðarstimplar:* Stimplar sem eru notaðir til að auðkenna vörur unnar úr eðalmálmum. Greinast þeir í nafnastimpla, hreinleikastimpla, staðarmerki og ártöl.
2. *Nafnastimpill:* Stimpill sem er samþykktur, merktur og skráður hjá Löggildingarstofu og auðkennir framleiðanda eða innflytjanda vöru sem unnin er úr eðalmálmum þannig að hægt er að rekja uppruna hennar.
3. *Hreinleikastimpill:* Stimpill sem sýnir skýrlega hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru.
4. *Eftirlitsstimpill:* Opinber stimpill sem staðfestir hreinleika eðalmálma.
5. *Eðalmálmar:* Gull sem inniheldur 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli, silfur sem inniheldur 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri, platína sem inniheldur 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu og palladíum sem inniheldur 500 þúsundhluta eða meira af hreinu palladíum.

3. gr.
Yfirstjórn.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Notkun ábyrgðarstimpla.

4. gr.
Merkingar á vörum.

Ábyrgðarstimpla má eingöngu nota á vörur sem unnar eru úr eðalmálmum.

Allar vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni skulu bera hreinleikastimpil og nafnastimpil og er óheimilt að flytja slíkar vörur inn til landsins, selja þær eða bjóða til sölu nema þær beri slíka stimpla.

Vörur unnar úr eðalmálmum eða vörur sem líkjast þeim mega ekki bera stimpla sem líkjast svo stimplum samkvæmt lögum þessum að ruglingi geti valdið. Þó mega vörur ávallt bera stimpla sem heimilir eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Vörur sem ekki teljast unnar úr eðalmálmum skv. 5. tölul. 2. gr. má ekki markaðssetja sem slíkar eða sem vörur úr gulli, silfri, platínu eða palladíum. Ef hlutfall gulls, silfurs, platínu eða palladíums er lægra en fram kemur í 5. tölul. 2. gr. má markaðssetja vöruna sem vöru sem inniheldur gull, silfur, platínu eða palladíum, enda komi skýrt fram að hlutfall þessara málma sé lægra en í eðalmálmum.

5. gr.

Ábyrgð.

Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálmum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við lög þessi. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

6. gr.

Opinber staðfesting.

Löggildingarstofa getur falið opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu að mæla og staðfesta hreinleika málma sem lög þessi taka til. Hún getur útbúið eftirlitsstimpil sem viðkomandi aðili notar til að staðfesta hreinleika málmanna. Framleiðandi og innflytjandi geta þá óskað eftir slíkri staðfestingu. Vara sem ber slíkan stimpil þarf ekki að bera nafnastimpil.

7. gr.

Vörur frá Evrópska efnahagssvæðinu.

Hreinleikastimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum hreinleikastimplum, enda sé opinbert eftirlit með hreinleika eðalmálma sambærilegt eftirliti hér landi. Sama gildir um opinbera eftirlitsstimpla frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nafnastimplar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum nafnastimplum ef unnt er að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann getur sýnt fram á rétt sinn til að nota nafnastimpilinn.

8. gr.

Undanþágur.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar ákvæðum 4. gr. um stimplanotkun:

1. Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.
2. Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vega minna en 1 gramm og vörur úr silfri sem vega minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.
3. Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.
4. Hljóðfæri.
5. Mynt sem er í fullu gildi.
6. Vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir.

Heimilt er að undanþiggja aðrar vörur en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. ákvæðum 4. gr. séu merkingar samkvæmt þeirri grein ekki taldar nauðsynlegar til að tryggja vernd neytenda.

Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem Löggildingarstofa eða aðili á hennar vegum, sbr. 6. gr., gefur út.

III. KAFLI
Eftirlit og gjaldtaka.

9. gr.
Eftirlit Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skal Löggildingarstofa halda skrá yfir alla nafnastimpla sem hún viðurkennir.

Löggildingarstofu er heimilt með samningi að fela faggiltri skoðunarstofu, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa, að annast á sína ábyrgð markaðseftirlit með vörum sem lögin taka til.

10. gr.
Heimildir Löggildingarstofu.

Löggildingarstofu og faggiltum skoðunarstofum, sbr. 2. mgr. 9. gr., er heimill aðgangur að starfsstöðvum framleiðenda, innflytjenda og seljenda vara sem unnar eru úr eðalmálmum vegna eftirlits á grundvelli laga þessara.

Framleiðanda, innflytjanda og seljanda vöru er skylt að kröfu Löggildingarstofu og faggiltra skoðunarstofa, sbr. 9. gr., að veita allar upplýsingar og afhenda vörur til skoðunar eða prófunar, svo og hluti eða gögn sem nauðsynleg eru til að staðreyna að fylgt sé ákvæðum laga þessara.

11. gr.
Úrræði Löggildingarstofu.

Komi í ljós að vara uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Löggildingarstofa bannað sölu hennar. Sé um að ræða rökstuddan grun um brot getur Löggildingarstofa bannað sölu á viðkomandi vöru tímabundið.

Framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, eftir því sem við á, skal bera þann kostnað sem hlotist getur vegna aðgerða Löggildingarstofu skv. 1. mgr.

Sé fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ekki hlítt getur Löggildingarstofa fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir sem lagðar skulu á viðkomandi framleiðanda, innflytjanda eða seljanda eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

12. gr.
Gjaldtaka.

Fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli, sbr. 2. tölul. 2. gr., skal greiða Löggildingarstofu 10.000 kr. Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og/eða selja vörur

sem falla undir þessi lög skulu greiða Löggildingarstofu 12.000 kr. á ári vegna eftirlits stofnunarinnar samkvæmt lögunum, auk kostnaðar vegna sýnatöku og greiningar sýna. Ef sami einstaklingur eða lögaðili hefur fleiri en eina starfsstöð skal hann greiða gjald vegna hverrar starfsstöðvar. Gjaldið skal greitt 1. febrúar ár hvert fyrir síðasta almanaksár. Ef eftirlitsskyldur aðili hefur starfsemi á gjaldárinu skal gjaldið ákvarðað í hlutfalli við þann tíma sem starfsemin hefur varað á árinu. Aðför má gera til fullnustu kröfum vegna gjaldsins án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu renna beint til Löggildingarstofu.

Leiði eftirlit í ljós að vörur uppfylla ekki skilyrði laga þessara greiðir viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða seljandi allan útlagðan kostnað sem hlýst af nauðsynlegri viðbótarrannsókn, svo sem kostnað við sýnatöku og greiningu sýna, ferðakostnað og annan kostnað sem er í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið.

Sá sem óskar staðfestingar á hreinleika málma, sbr. 6. gr., skal greiða þeim er þjónustuna veitir gjald sem nemur þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna, svo sem vegna tækjakosts og mannafla.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögunum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

14. gr.
Reglugerð.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laganna. Þar má m.a. mæla fyrir um hvernig stimplar samkvæmt lögunum skuli notaðir, gerð þeirra og útlit, kröfur til hreinleika málma, heimild til að blanda saman eðalmálmum og öðrum málmum eða efnum við framleiðslu á vörum og notkun hreinleikastimpla á slíkar vörur, notkun íblöndunarefna og eftirlit.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi mæla fyrir um úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.
2. Greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

2. gr.
Stjórnsýsla.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Íbúð samkvæmt lögum þessum er húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í Landskrá fasteigna. Dvalarheimili aldraða telst íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum þessum.

Veitusvæði hitaveitu er það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni.

Kynt hitaveita er samkvæmt lögum þessum veita sem notar rafmagn eða eldsneyti til að hita vatn til sölu um dreifikerfi veitunnar.

Rafhitun telst bein hitun með raforku hvort sem um er að ræða þilofna, hitastrengi eða vatnshitakerfi þar sem rafmagn er notað til að hita vatnið. Raforkunotkun varmadælu er í þessum lögum flokkuð með rafhitun.

II. KAFLI
Niðurgreiðsla á orku til hitunar.

4. gr.
Skilyrði niðurgreiðslna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til niðurgreiðslna á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis skal það gert í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar íbúð sem ekki er á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku.

2. Þegar íbúð á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku enda sé kostnaður við tengingu við hitaveituna og áætluð orkukaup meiri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu.
3. Þegar íbúð sem hvorki er á veitusvæði hitaveitu né tengist raforkukerfi er hituð með olíu. Einnig íbúðir hitaðar með olíu sem tengjast einangruðu raforkukerfi þar sem meiri hluti raforkuvinnslunnar er með eldsneyti.
4. Þegar íbúð er hituð með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Ef föst búseta fellur niður í húsnæði er heimilt að greiða niður kostnað við hitun þess enda sé húsnæðið ekki notað til annarra hluta, svo sem til orlofsdvalar. Ef eigendaskipti verða á slíku húsnæði fellur niðurgreiðslan niður.

Kostnaður við hitun kirkna og bænahúsa trúfélaga skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.

Ekki skal greiða niður raforkukostnað vegna dælingar á heitu vatni.

5. gr.

Umsókn um niðurgreiðslur.

Eigandi íbúðar getur sótt um niðurgreiðslu til Orkustofnunar sem ákveður á hvaða formi umsóknir skulu sendar og hvaða upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga þessara eiga að koma þar fram. Stjórn húsfélags getur sótt um niðurgreiðslur fyrir hönd allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi ef hitanotkun hverrar íbúðar er ekki sérmæld. Orkustofnun metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum séu uppfyllt. Ekki þarf að sækja á ný um niðurgreiðslu meðan íbúð er notuð til fastrar búsetu. Breytist aðstæður að þessu leyti ber eiganda að tilkynna Orkustofnun það.

Standi húsnæði autt, sbr. 2. mgr. 4. gr., þarf eigandi þess að sækja um niðurgreiðslur til Orkustofnunar þegar föst búseta fellur niður. Sækja þarf um slíkar niðurgreiðslur á tólf mánaða fresti.

6. gr.

Upphæð niðurgreiðslna.

Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m^3 og á olíu í kr./l. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og rafhitun.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Orkustofnunar ákvarða á ári hverju hámarksfjölda kWst og út frá því hámarksfjölda lítra af olíu sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð. Ef kynt hitaveita nýtir að hluta jarðvarma skal niðurgreiðslan ákvörðuð út frá því hve stór hluti orkuöflunarinnar er með raforku og eldsneyti. Ef notuð er varmadæla skal hámarksfjöldi kWst vera ⅓ af ákvörðuðu hámarki við beina rafhitun.

7. gr.

Ákvörðun notkunar við rafhitun.

Orkunotkun við rafhitun íbúðarhúsnæðis skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

1. Ef rafhitun íbúðar er sérmæld skal sú mæling gilda við ákvörðun niðurgreiðslu.
2. Ef rafhitun er ekki sérmæld skal orkumagn sem greitt er niður ákveðið sem hlutfall af heildarnotkun. Orkustofnun skal skilgreina íbúðarflokka út frá því til hvers raforka er

notuð og hlutfall húshitunar af heildarraforkunotkun heimilis fyrir hvern flokk fyrir sig. Stofnunin ákveður hvaða flokki hver íbúð tilheyrir. Ef ástæða er til að ætla að lægra eða hærra hlutfall fari til húshitunar hjá einstökum notanda en skilgreining á viðkomandi flokki segir til um getur Orkustofnun áætlað sérstakt hlutfall fyrir þann notanda og skal miðað við þá áætlun við útreikning á niðurgreiðslu. Ef notandi sættir sig ekki við þessa áætlun getur hann farið fram á að notkunin sé sérmæld og skal miða við þá mælingu við ákvörðun niðurgreiðslu. Notandinn greiðir allan kostnað við sérmælinguna.

8. gr.

Ákvörðun notkunar við olíuhitun.

Ársnotkun íbúðar á olíu til hitunar skal áætluð af Orkustofnun út frá notkun húsnæðisins og skráðri stærð þess í Landskrá fasteigna. Orkustofnun getur farið fram á að fá upplýsingar frá íbúðareiganda um olíukaup til húshitunar og annað sem snýr að notkun húsnæðisins og nauðsynlegt er vegna framkvæmdar laga þessara.

9. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslna á raforku og heitu vatni frá kyntum hitaveitum.

Dreifiveitur raforku og kyntar hitaveitur skulu draga upphæð niðurgreiðslu frá gjaldi notanda fyrir þjónustu veitunnar og skal notandinn fá upplýsingar um upphæð niðurgreiðslu. Ef niðurgreiðslan er hærri en nemur fjárhæð reiknings skal veitan greiða notandanum mismuninn. Ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda skal sú notkun vera mæld með löggildum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.

10. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslu á olíu.

Orkustofnun ákveður niðurgreiðslur á olíu til einstakra notenda á grundvelli viðmiða, sbr. 8. gr., og sér til þess að greiðsla fari fram ársfjórðungslega.

III. KAFLI

Stofnun nýrra hitaveitna.

11. gr.

Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að veita styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða til stækkunar eldri veitna skal þeim fjármunum varið til eftirfarandi þátta:

1. Til nýrra hitaveitna sem hófu rekstur árið 1998 eða síðar.
2. Til hitaveitna sem hafa aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar til að geta tengt íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun.

12. gr.

Fjárhæð styrkja.

Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að áætluðum fimm ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu. Frá styrkfjárhæðinni skal dreginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar.

13. gr.

Umsóknir.

Hitaveitur geta sótt um styrk til iðnaðarráðuneytisins. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um hitaveituna og hvernig fyrirhugað er að ráðstafa styrknum.

14. gr.

Úthlutun og ráðstöfun styrkja.

Styrkur greiðist til hitaveitu þegar hún hefur rekstur með dreifingu á heitu vatni til húshitunar á orkuveitusvæðinu. Styrkurinn er eingreiðsla. Ef tengingum íbúðarhúsa er skipt í áfanga eða hluti íbúðarhúsa á orkuveitusvæði er ekki tengdur þegar hitaveita tekur til starfa er heimilt að ákveða að hluti styrksins skuli greiddur út og niðurgreiðslum vegna rafhitunar tiltekinna íbúðarhúsa haldið áfram þrátt fyrir 15. gr. Endanlegt uppgjör á fjárhæð styrksins fer í þeim tilvikum fram þegar stjórn viðkomandi hitaveitu óskar, þó eigi síðar en níu mánuðum eftir að fyrsti hluti styrksins er greiddur út. Við greiðslu á þeirri fjárhæð sem haldið var eftir skal draga frá heildarfjárhæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis á viðkomandi orkuveitusvæði á aðlögunartímanum.

Hitaveitan skal nýta styrkinn að hluta til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og að hluta til að styrkja eigendur íbúðarhúsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Stjórn hitaveitunnar skal ákvarða hlutföllin en hvor hluti styrksins má nema allt að 65% af heildarfjárhæðinni.

15. gr.

Niðurfelling niðurgreiðslna.

Ef stofnuð er ný hitaveita eða eldri veita stækkuð skal fella niður niðurgreiðslu á kostnaði til hitunar íbúðarhúsnæðis á starfssvæði hitaveitunnar, sbr. þó 2. tölul. 4. gr. Orkustofnun skal tilkynna íbúðareiganda um niðurfellinguna og hefur hann 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

IV. KAFLI

Eftirlit.

16. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Ef breytingar verða á aðstæðum og íbúðareigandi hefur ekki lengur rétt til niðurgreiðslu samkvæmt lögum þessum ber íbúðareiganda að tilkynna slíkt til Orkustofnunar.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við þetta eftirlit og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

17. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Dreifiveitum og kyntum hitaveitum ber að afhenda Orkustofnun upplýsingar um orkukaupendur sem fá niðurgreiðslur og um notkun þeirra þegar stofnunin fer fram á slíkt.

18. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Ef Orkustofnun verður þess áskynja að orkukaupandi tilkynnir ekki um breyttar aðstæður, sem hefðu átt að leiða til brottfalls niðurgreiðslu, skal stofnunin fella niðurgreiðslurnar niður og hefur orkukaupandi 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

V. KAFLI
Orkusparnaður.

19. gr.
Orkusparnaðaraðgerðir.

Verja skal til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

Orkusparnaðaraðgerðir skulu stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Orkustofnun skal gera áætlun um hvernig fénu skuli varið og leggja hana fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna og eftirlit.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Allir þeir aðilar sem við gildistöku laga þessara njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar og uppfylla skilyrði 4. gr. geta sótt um niðurgreiðslur, svo og aðrir er telja sig eiga rétt á þeim. Slíkar umsóknir skulu berast innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Ef umsókn berst ekki falla niðurgreiðslur niður sex mánuðum frá gildistöku laganna.

II.

Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa sem ekki eiga kost á hitun með hitaveitu eða raforku, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiðast fyrst vegna ársins 2002.

III.

Orkustofnun skal á næstu fimm árum vinna að hagkvæmnisúttekt á nýtingu varmadælu til húshitunar á þeim lághitasvæðum landsins þar sem möguleikar eru á frekari nýtingu jarð-

hitans. Enn fremur skal stofnunin í samvinnu við iðnaðarráðuneytið gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í þessu skyni skal heimilt á þessu tímabili að verja allt að 10 millj. kr. árlega af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

10. maí 2002 Nr. 79

LÖG

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

BARNAVERNDARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið barnaverndarlaga o.fl.

1. gr.
Réttindi barna og skyldur foreldra.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju.

2. gr.
Markmið og lögsaga.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.
Skýring hugtaka.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Með barnaverndaryfirvöldum er átt við félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Með foreldrum er að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns. Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga.

4. gr.
Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. KAFLI
Yfirstjórn barnaverndarmála.

5. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyra fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Félagsmálaráðuneytið skal hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Það getur krafist upplýsinga um einstök mál á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga.

6. gr.
Kærunefnd barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

7. gr.

Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Félagsmálaráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar.

Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótast af þjónustunni.

Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

8. gr.

Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

Barnaverndarstofa getur auk þess krafið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem tilefni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal

gera sveitarstjórn og félagsmálaráðuneyti aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

9. gr.

Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

III. KAFLI

Barnaverndarnefndir.

10. gr.

Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1.500.

Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Skipan barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur félagsmálaráðherra áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveð-

ið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. málsl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1.500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

13. gr.

Sjálfstæði barnaverndarnefnda.

Sveitarstjórnum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

14. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

15. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Ef ágreiningur rís á milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

IV. KAFLI

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barns og foreldra þess til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

83. gr.

Leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.

Heimilt er einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili sem hafa að markmiði að veita þjónustu sem skilgreind er í 1. mgr. 79. gr.

Þeir sem óska eftir að setja á stofn heimili eða stofnun skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu, enda falli heimili eða stofnun ekki undir önnur lög. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili eða stofnun er áður en leyfi er veitt.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um rekstur heimila samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Barnaverndarstofa getur svipt aðila leyfi til áframhaldandi reksturs ef frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta líður án þess að bætt sé úr því sem áfátt er eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg.

XIV. KAFLI

Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

84. gr.

Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,

b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Um leyfisveitingar Barnaverndarstofu til starfsemi skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 83. gr.

Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Um stofnun og rekstur heimila samkvæmt ákvæði þessu fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

85. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

86. gr.

Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.

Þeir sem óska eftir að taka barn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XV. KAFLI

Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

87. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

88. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.

Ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála svo og starfsemi á vegum Barnaverndarstofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins

og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

89. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því.

Barnaverndarnefnd getur krafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XVI. KAFLI

Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

90. gr.

Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi forsjárforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

91. gr.

Önnur vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda.

Þeir sem óska eftir því að taka barn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XVII. KAFLI
Almenn verndarákvæði.

92. gr.
Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

93. gr.
Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

94. gr.
Skyldur foreldra og forráðamanna.

Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og virði aldursmörk og annað í því sambandi. Þeim ber jafnframt, eftir því sem í þeirra valdi er, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því.

95. gr.
Almennt eftirlit barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu eftir föngum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfisþættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal nefndin koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

XVIII. KAFLI
Refsiákvæði o.fl.

96. gr.
Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

97. gr.
Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 3. mgr. 93. gr. varðar sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

98. gr.
Brot umsjáraðila gagnvart barni.

Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

99. gr.
Brot gagnvart börnum.

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

100. gr.
Lagaskil.

Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

101. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, ásamt öllum síðari breytingum á þeim lögum.

Ákvæði 4. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 1. og 2. mgr.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
   b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,

c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.

3. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
   b. hvaðan upplýsingarnar koma,
   c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
   d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.

4. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.

5. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Persónuvernd setur reglur um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varð-

veislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 82 10. maí 2002

LÖG

um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 51. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu umsögn ökukennara um árangur þar sem mælt er með útgáfu fullnaðarskírteinis,
b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar.

Nú fullnægir hlutaðeigandi skilyrðum a-liðar en ekki skilyrðum b-liðar 5. mgr. og skal þá gefa út bráðabirgðaskírteini á ný að loknum gildistíma þess.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ökupróf“ í b-lið kemur: og akstursmat.
b. Á eftir orðinu „próf“ í d-lið kemur: akstursmat.

3. gr.

Í stað orðanna „3.–5. mgr. 51. gr.“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: 3.–7. mgr. 51. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 6. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.

5. gr.

3. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna, sbr. lög nr. 37/1996, fellur brott.

6. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 48/1997, fellur brott.

7. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Umferðarstofa annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála, sbr. 112. gr. Umferðarstofa skal veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu.

Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

8. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 44/1993, orðast svo:

Hlutverk Umferðarstofu er að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,
b. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
c. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi í samvinnu við Löggildingarstofu,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál,
e. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
f. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
g. annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð,
h. annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum og
k. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofu og staðfestir skipurit hennar og skiptingu í starfsdeildir.

9. gr.

113. gr. laganna, sbr. lög nr. 138/1996, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofu og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

10. gr.

114. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, 138/1996 og 83/1997, orðast svo:

Til Umferðarstofu renna þessi gjöld:

a. gjöld fyrir skráningu ökutækja, sbr. 64. gr.,
b. gjöld fyrir skráningarmerki, sbr. 64. gr.,
c. gjöld fyrir viðurkenningu á gerð, sbr. 64. gr.,
d. gjöld fyrir einkamerki, sbr. 64. gr. a,
e. umferðaröryggisgjald, sbr. 2. mgr.,
f. önnur gjöld sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmálaráðherra.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofu, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofu af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknastarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

11. gr.

115. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 147/1995, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar umferðarráð til þriggja ára í senn. Meginhlutverk þess skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Umferðarráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í umferðarráð án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa ráðsins skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Dómsmálaráðherra skipar stjórn umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og einum aðila samkvæmt tilnefningu umferðarráðs. Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnar umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í umferðarráði ólaunuð.

Umferðarstofa leggur umferðarráði til framkvæmdastjóra og starfsaðstöðu.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf umferðarráðs.

12. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

13. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráðs“ í 2. málsl. 117. gr. laganna kemur: Umferðarstofu.

14. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Umferðarstofa, umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.**

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2002. Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skipar verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofu og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Störf hjá Umferðarráði eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki Umferðarráðs skulu boðin störf hjá Umferðarstofu. Heimilt er að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofu í samræmi við ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Skráningarstofunni hf.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 2002

15. maí 2002 225 Nr. 84

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Garðyrkjubýli, gróðrarstöð og garðyrkjustöð merkir í lögum þessum lögaðila eða býli, með virðisaukaskattsskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

2. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina og millivísanir samkvæmt því:

a. (50. gr.)

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu og verðmyndun gróðurhúsaafurða eru:

a. að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum,
b. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu til hagsbóta fyrir grænmetisframleiðendur og neytendur,
c. að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda,
d. að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

b. (51. gr.)

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samning við Bændasamtök Íslands eða Samband garðyrkjubænda um verkefni til þess að ná settum markmiðum skv. 50. gr. Heimilt er að semja um beinar greiðslur til framleiðenda til lækkunar á verði einstakra tegunda afurða, framlög til rekstraraðfanga, framlög til fjárfestinga, framlög til úreldingar á gróðurhúsum og framlög til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að annast faglega umsjón með verkefnum sem samið er um skv. 1. mgr. og framkvæmd þeirra, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laga.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd verkefna skv. 1. mgr. Þar skal m.a. kveðið á um heildarfjárhæð beingreiðslna og skiptingu eftir tegundum, fjárhæð á kíló tegundar/afurðar og gæðaflokka eftir tímabilum og lækkun eða hækkun fjárhæðar á kíló tegundar/afurðar þegar frávik verða frá áætlun um selt magn. Landbúnaðarráðherra auglýsir áætlaðar beingreiðslur á kíló tegundar fyrir 15. desember og koma þær til greiðslu á næsta almanaksári.

c. (52. gr.)

Rétt til beingreiðslna eiga allir framleiðendur tegunda sem samið er um skv. 51. gr. en réttur til beingreiðslna takmarkast jafnframt við að um sé að ræða viðskipti milli bókhaldsskyldra einstaklinga eða lögaðila með virðisaukaskattsskylda veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að halda skrá yfir rétthafa beingreiðslna samkvæmt þessum kafla. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslna.

d. (53. gr.)

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um uppgjör beingreiðslna, þar á meðal um skyldu umsækjenda til að taka fram upplýsingar um afurð, verð og viðskiptakjör og um frágang viðskiptaskjala.

Ef framleiðandi verður ekki við kröfum skv. 1. mgr. skal réttur til beingreiðslna felldur niður þar til framleiðandi hefur gert fullnægjandi úrbætur. Framleiðandi sem hefur tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skal endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi.

e. (54. gr.)

Ákvæði 42. gr. um úrskurðarnefnd gilda einnig um ágreining um beingreiðslur samkvæmt þessum kafla.

Allir framleiðendur vörutegunda sem samningar skv. 51. gr. ná til eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttur til beingreiðslna skv. XI. kafla árin 2002 og 2003 skal takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um

beingreiðslur vegna, eða vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Þessi réttur er bundinn framleiðslustað en ekki framleiðanda.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 2002

Nr. 85 228 15. maí 2002

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. mgr. kemur: og veiðitíma.
b. Orðin „sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

4. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

Gutenberg

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.

6. gr.

Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.

7. gr.

11. gr. a laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er

að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

8. gr.

Í stað orðanna „1., 2. eða 5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. b laganna kemur: 1. eða 2. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

b. Orðin „fyrir fram“ í 2. mgr. falla brott.

c. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.

d. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip

hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.

e. Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 8. mgr. kemur: 15 brúttótonnum.

10. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og lánastofnunum“ í 2. mgr. kemur: lánastofnunum og opinberum stofnunum.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.

12. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Þorskígildi,** með einni nýrri grein, 19. gr., og V. kafli, **Veiðigjald,** með fjórum nýjum greinum, 20.–23. gr., svohljóðandi:

a. (19. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

b. (20. gr.)

Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

c. (21. gr.)

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. málsl. í krónum á þorskígildiskílógramm.

d. (22. gr.)

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 21. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.

e. (23. gr.)

Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um.

13. gr.

Í stað orðanna „ákvæði 1. mgr. 20. gr.“ í 20. gr. a laganna kemur: ákvæði 1. mgr. 25. gr.

14. gr.

Ákvæði XXV til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

15. gr.

Við ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

16. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003.

b. (II.)

Á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 13., 14., 15. og 16. gr. öðlast þegar gildi.

Yfirfærsla á efnisákvæði 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða til almenns ákvæðis í lögunum, sbr. 5. og 14. gr., stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna.

Ákvæði 4. og 11. gr. öðlast gildi 1. september 2002. Þó er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, á grundvelli 4. gr., að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ákvæði 12. gr. öðlast gildi 1. september 2004.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 12. gr. skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

X. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Varasjóður húsnæðismála,** orðast svo:

a. (43. gr.)

Varasjóður húsnæðismála.

Starfræktur skal sérstakur varasjóður húsnæðismála í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára í senn. Ráðgjafarnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír nefndarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar og varamann hans úr hópi aðalmanna. Þóknun nefndarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar.

b. (44. gr.)

Hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er:

1. Að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Rekstrarframlög til sveitarfélaga skulu reiknuð út í samræmi við sérstakt reiknilíkan sem nánar skal skilgreina í reglugerð.
2. Að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er hærra en markaðsverð íbúðanna. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst en breytt síðan í félagslegar leiguíbúðir. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu sam-

ráði við viðkomandi sveitarfélag. Framlögin skulu sveitarfélögin nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna ef söluverð stendur ekki undir greiðslu lánanna.

3. Að hafa umsýslu með varasjóði viðbótarlána skv. 45. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum eldri varasjóðs samkvæmt lögunum.
4. Að hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skv. 53. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.
5. Að veita ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform félagslegra leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra.
6. Að sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Varasjóður húsnæðismála skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 1., 2., 3. og 4. tölul. þessarar greinar. Ráðgjafarnefnd er þó heimilt að færa fé á milli verkefna skv. 1., 2., og 4. tölul. ef ástæða þykir til og að fengnu samþykki ráðherra. Ráðherra setur nánari vinnureglur og samþykkir framlög að fengnum tillögum frá ráðgjafarnefnd. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd á grundvelli rammasamkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála.

c. (45. gr.)

Varasjóður viðbótarlána.

Varasjóður viðbótarlána bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 1. mgr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 2. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k. eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð viðbótarlána skulu sett í reglugerð um varasjóð húsnæðismála sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála.

2. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélag að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sveitarfélags. Skilyrði þessa er að eign sú sem stendur að veði fyrir viðkomandi kröfu verði ekki leigð út vegna slæms ástands og verði afskrifuð þar sem að mati sérfróðra matsmanna verður ekki talið hagkvæmt að endurbyggja hana í ljósi stöðu á fasteignamarkaði sveitarfélagsins. Viðkomandi sveitarfélag leggur fram a.m.k. jafnháa upphæð og Íbúðalánasjóður. Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála, reglugerð m.a. um nánari skilyrði fyrir afskriftum útistandandi veðkrafna Íbúðalánasjóðs á félagslegum leiguíbúðum sveitarfélags.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I og II og gildandi ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti viðkomandi sveitarfélags. Slík framkomin ályktun sveitarfélagsins verður að taka til allra félagslegra eignaríbúða innan viðkomandi sveitarfélags. Hafi sveitarfélag fengið slíka staðfestingu ráðherra getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar farið fram á að kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélags verði ekki virk og selt íbúð sína á almennum markaði.

Heimildarákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt eigenda félagslegra eignaríbúða til að óska sérstaklega eftir því að sveitarfélög leysi til sín félagslegar eignaríbúðir sem kaupskylda samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I og II í lögum þessum hvílir á né þegar um nauðungarsölu á félagslegum eignaríbúðum er að ræða.

Áður en íbúð er seld á almennum markaði skal eigandi íbúðarinnar greiða upp skuld við framkvæmdaraðila og þau lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Í varasjóð húsnæðismála skv. X. kafla laga þessara skulu renna:

1. Eignir, réttindi og skyldur eldri varasjóðs.
2. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 53. gr. laganna. Heimilt er varasjóði húsnæðismála að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Í staðinn ábyrgist hinn nýstofnaði sjóður samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða til ársins 2013.
3. Framlög ríkissjóðs. Samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur ríkið fram 60 milljónir króna á ári til verkefnis varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006.
4. Framlög frá sveitarfélögum samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála annast innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum eða krókaaflamarksbáta, sbr. 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum“ í 6. gr. laganna kemur: opnum bátum, þilfarsbátum undir 10 lestum og krókaaflamarksbátum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

Nr. 89 17. maí 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 17. maí 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 2002

15. maí 2002 239 Nr. 90

LÖG

um Umhverfisstofnun.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum, lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum, lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum, lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum, lögum nr. 17/2000, um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir,
b. að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum, lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með síðari breytingum, lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum, lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum, og lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum,
c. að annast starfsemi sem embætti veiðistjóra er falin samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum,
d. að annast starfsemi hreindýraráðs samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum,
e. að annast starfsemi dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Gutenberg

2. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af umhverfisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

Stofnuninni er skipt í fagsvið og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna gegnir starfi staðgengils forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. 20. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, fellur úr gildi.
2. 5. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, fellur úr gildi.
3. 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, falla úr gildi.
4. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, með síðari breytingum, orðast svo: Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt skal umhverfisráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóri. Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal forstjóri Umhverfisstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um varnir gegn landbroti.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Tilgangur, skilgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Fyrirhleðsla:* Mannvirki til varnar gegn landbroti, svo sem til að hafa áhrif á rennsli vatna eða verja land og mannvirki fyrir ágangi vatna með öðrum hætti.
2. *Landbrot:* Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna.
3. *Landkostir:* Auðlindir sem felast í gróðri, jarðvegi og vistkerfum landsins.
4. *Nytjaland:* Land sem tekið hefur verið til sérstakra nytja, svo sem þaulræktar eða skógræktar.
5. *Umráðahafi lands:* Sá telst umráðahafi lands sem hefur lögmætan rétt til að ráðstafa nýtingu þess.

3. gr.
Yfirstjórn.

Landgræðsla ríkisins fer fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

II. KAFLI
Framkvæmd.

4. gr.
Hlutverk Landgræðslu ríkisins – forgangsröðun.

Landgræðsla ríkisins metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.

Við forgangsröðun verkefna skal höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar. Nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skulu jafnan njóta forgangs við röðun verkefna.

Landgræðsla ríkisins telst ávallt vera framkvæmdaraðili þegar unnið er að fyrirhleðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Hlutverk umráðahafa lands og skráning Landgræðslu ríkisins.

Verði umráðahafi lands var við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hann tilkynna það til Landgræðslu ríkisins. Hún heldur skrá yfir landbrot eða staði þar sem hætta er á landbroti og metur hvar þörf á fyrirhleðslum er brýnust.

6. gr.

Samráð um fyrirhleðslur.

Landgræðsla ríkisins skal hafa samráð við eiganda/umráðahafa mannvirkja eða lands sem fyrirhleðslu er ætlað að verja. Ef framkvæmd kann að hafa áhrif á veiði eða fiskrækt skal tilkynna það stjórn viðkomandi veiðifélags, sbr. lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Vilji landeigandi eða veiðifélag gera athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd skal hún vera skrifleg og berast Landgræðslu ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar.

Landgræðsla ríkisins skal hafa samráð við viðkomandi búnaðarsamband eða héraðsráðunauta um forgangsröðun fyrirhleðsluverkefna. Hún getur einnig haft samráð við þessa aðila um eftirlit með framkvæmdum og viðhald fyrirhleðslna.

7. gr.

Framkvæmdir við fyrirhleðslur.

Þegar fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við fyrirhleðslur skal Vegagerðin hafa umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins telst þó ávallt framkvæmdaraðili fyrirhleðslna samkvæmt lögunum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Kostnaður við fyrirhleðslur.

Landgræðsla ríkisins greiðir kostnað við varnir gegn landbroti, svo sem ákveðið er árlega í fjárlögum. Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar í hættu mannvirkjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem samgöngumannvirkjum, raflínum eða öðrum dreifikerfum, og greiðir þá viðkomandi aðili allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir viðkomandi aðili að fullu kostnað við framkvæmdir sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerð, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr farvegi o.s.frv.

Þegar fyrirhleðslu er bæði ætlað að verja samgöngu- og/eða veitumannvirki og land skal kostnaður við framkvæmdirnar og undirbúning þeirra skiptast milli Landgræðslu ríkisins og þess aðila skv. 1. mgr. sem viðkomandi mannvirki heyra undir, eftir nánara samkomulagi þeirra á milli. Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu þessa kostnaðar skal landbúnaðarráðherra skera úr.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka styrki á opinberum vettvangi þar sem fram koma skilyrði þau sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta hlotið styrk, sem og hámarksfjárhæð styrks.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara er greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.
Bætur fyrir tjón af völdum fyrirhleðslna.

Ef framkvæmdir við fyrirhleðslur valda bótaskyldu tjóni skal greiða skaðabætur í samræmi við lög og almennar venjur. Við undirbúning verks skulu áætlaðar skaðabætur, ef einhverjar eru, taldar með til kostnaðar við verkið.

10. gr.
Heimild til útgáfu reglugerða.

Landbúnaðarráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

11. gr.
Ágreiningsmál og kærur.

Ef ágreiningur rís um framkvæmd þessara laga sker landbúnaðarráðherra úr. Sú málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

12. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „með ríkisaðild í kjördæmum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að taka gjald til að standa straum af rekstrarkostnaði fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr., greiningu vegna inn- og útflutnings á dýrum og plöntum sem heyra undir samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, eftirlit vegna rannsókna og nýtingar á hveraörverum samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, leyfisveitingar vegna útflutnings á náttúruminjum og fyrir greiningar á náttúrusýnum. Ráðherra getur að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands sett gjaldskrá um þá starfsemi sem að framan er talin.

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga óháð kjördæmaskipan og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Stjórn náttúrustofu skal skipuð að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa þrjá menn í stjórn og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf á verksviði stofunnar, sbr. d-lið 1. mgr. 11. gr.

8. gr.

Orðin „með ríkisaðild“ í 16. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal fyrir 1. ágúst 2002 gera samning, sbr. 9. gr. laganna, við sveitarfélög sem standa að þeim náttúrustofum sem eru starfandi við gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

6.–9. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „héraðsins (umdæmisins)“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: svæðisins.

3. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Kveðið skal á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð. Þar skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „svo sem rakið er í 14. gr.“ í 16. gr. laganna kemur: sbr. 15. gr.

6. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Orðið „héraðslækna“ í 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Orðin „14. og“ í 1. málsl. falla brott.
b. Orðin „heilbrigðismálaráð héraðanna og“ í 2. málsl. falla brott.

11. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð“ í 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: og menntamálaráðuneyti.

12. gr.

41. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

13. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í fyrri málslið 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu.

IV. KAFLI
Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækna“ í 3. mgr. kemur: yfirlækna heilsugæslu.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða yfirlæknar heilsugæslu skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis.
c. Í stað orðsins „Héraðslæknar“ í 5. mgr. kemur: Yfirlæknar heilsugæslu, sbr. 4. mgr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „viðkomandi héraðslækni eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni“ í 3. mgr. kemur: sóttvarnalækni og yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

17. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 10. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

19. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækni“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
c. Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 3. mgr. kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

21. gr.

Á eftir orðunum „náttúruhamfarir“ í síðari málslið 18. gr. laganna kemur: og aðra vá.

V. KAFLI
Breytingar á lögum um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998.

22. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til yfirlæknis heilsugæslu sem ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

23. gr.

Orðin „í læknishéruðum landsins“ í 4. tölul. 2. gr. laganna falla brott.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.

25. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 5. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

VII. KAFLI

Breytingar á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

26. gr.

1. og 2. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal sjá um að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemmst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af eftirlitsaðilum samkvæmt lögum um matvæli. Skulu þeir segja til um það hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði er eftirlitsaðilar setja.

VIII. KAFLI

Breytingar á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „borgarlæknir“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: yfirlæknir heilsugæslunnar í Reykjavík.
b. Orðin „héraðs- eða“ í 3. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

IX. KAFLI

Breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

28. gr.

Orðin „og héraðslæknis“ í fyrri málslið 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

29. gr.

Orðið „héraðslækni“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 4. málsl. 46. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu í umdæminu.

31. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknir“ í 1. tölul. og fyrri og síðari málslið 2. tölul. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu.

X. KAFLI

Breytingar á lögum um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955, með síðari breytingum.

32. gr.

Orðið „Héraðslæknar“ í 26. gr. laganna fellur brott.

XI. KAFLI

Breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

33. gr.

11. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

34. gr.

3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Jafnframt skal landlæknir tilnefna einn fulltrúa úr hópi yfirlækna heilsugæslu á svæðinu.

35. gr.

Í stað orðsins „héraðslækna“ í 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: heilsugæslu.

XIII. KAFLI

Breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

36. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu hefur umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og lítur eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

XIV. KAFLI

Gildistaka.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker skráningaraðili samkvæmt lögunum úr honum innan þrjátíu daga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við löggjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að skrásetja verslun, sem stunduð er skv. 1. gr. laga þessara, í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra í umdæmi þar sem föst starfsstöð bifreiðasala er.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum“ í 1. mgr. kemur: sbr. 2. gr.
b. Í stað orðanna „Meiri hluti stjórnarmanna“ í 2. mgr. kemur: Allir stjórnarmenn.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglustjórum, sbr. 1. mgr., ber að halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt þessum kafla í umdæmi þeirra.

b. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki skilyrðum laganna og skal lögreglustjóri þá að undangenginni aðvörun svipta viðkomandi starfsleyfi. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis er unnt að skjóta til viðskiptaráðherra. Enn fremur má leita úrskurðar dómstóla.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri veitt aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í umdæmi sínu í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þegar um lokað uppboð á listmunum er að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi frjáls uppboð og reglugerð menntamálaráðherra um fylgiréttargjald. Jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.

b. 3. málsl. 6. mgr. orðast svo: Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr.
c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Uppboðsstjórar skulu ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. 6. mgr. Skylt er þeim uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá uppboðsstjóra nema þeir hafi sannanlega tilkynnt innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, að þeir hafi hætt slíkum uppboðum.

9. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. um sendingu skilagreina um sölu listmuna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Heimilt er að krefjast þess í refsimáli að verslun verði afmáð úr einhverri framangreindra skráa, eftir því sem við á, hafi verslun framið ítrekað eða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda. Í refsimáli gegn aðila,

sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. IV. kafla laga þessara, er auk þess eða einvörðungu heimilt að krefjast sviptingar þess leyfis í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber lögaðilinn þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð lögaðila verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá honum að dæmt sé um skyldu hans í sérstöku opinberu máli.

10. gr.

Í stað orðanna „firma- eða hlutafélagaskrá“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: skráningaraðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja skv. 1. mgr. 12. gr. laganna skal greiða 25.000 kr. gjald þar til kveðið verður á um gjaldið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

1. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókara“ í 5. gr. laganna kemur: fjársýslustjóra.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Fjársýslu ríkisins er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent Fjársýslu ríkisins og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Fjársýsla ríkisins getur framlengt skilafrestinn um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem um getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókari“ í 47. gr. laganna kemur: fjársýslustjóri.

4. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir Fjársýslu ríkisins forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Hún skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Fjársýsla ríkisins skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Fjársýsla ríkisins annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og þær ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Fjársýsla ríkisins skal annast gerð ríkisreiknings.

5. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhalds“ í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982.

6. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhaldið“ í 9. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

8. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

V. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldi“ í 53. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

11. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

VII. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um útlendinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

Íslensk skip í siglingum erlendis falla ekki undir gildissvið laganna.

2. gr.
Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Með lögunum er kveðið á um réttarstöðu útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum.

3. gr.
Framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði.

Dómsmálaráðherra kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

II. KAFLI

Koma og brottför.

4. gr.

Vegabréfaeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Hver sá sem fer af landi brott skal sæta brottfarareftirliti og skal við brottför gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu. För yfir innri landamæri Schengen-svæðisins er heimil utan viðurkenndra landamærastöðva. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit og um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

5. gr.

Vegabréf.

Útlendingur, sem kemur til landsins, skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til komu til landsins og dvalar.

Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

6. gr.

Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Útlendingur, sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Fela má utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun.

7. gr.

Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur, sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

III. KAFLI
Dvöl og búseta.

8. gr.

Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur, sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu, má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jafngilda dvöl hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari reglur um hvernig reikna skuli dvalartíma.

Dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér án dvalarleyfis. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.

9. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur, sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið í lögum, að hafa dvalarleyfi, nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Útlendingur, sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr., þarf að hafa dvalarleyfi.

10. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að gefa leyfið út til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

11. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. skilyrðum fyrir dvalarleyfi, sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr., er fullnægt og

c. ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið.

Útlendingastofnun getur, að beiðni útlendings sem sótt hefur um hæli, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Hún getur einnig, að beiðni útlendings sem hefur fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum.

12. gr.

Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta.

Þegar um er að ræða fjöldaflótta getur dómsmálaráðherra ákveðið að beita skuli ákvæðum greinar þessarar. Ráðherra ákveður einnig hvenær heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 2. og 3. mgr. skuli falla niður.

Útlendingi, sem fellur undir fjöldaflótta og kemur til landsins eða er hér þegar ákvæðum greinarinnar er beitt, má, að fenginni umsókn, veita vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd). Felur það í sér að útlendingnum verður veitt dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Leyfið myndar ekki heimild til útgáfu búsetuleyfis.

Leyfið má endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá þeim tíma þegar umsækjandi fékk fyrst leyfi. Síðan má veita leyfi sem getur myndað heimild til útgáfu búsetuleyfis. Að liðnu einu ári með slíkt leyfi er heimilt að gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrðin fyrir því að halda leyfinu enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Umsókn útlendings, sem fellur undir 2. mgr., um hæli má leggja til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er niður fallin, sbr. 1. mgr., eða þegar liðin eru þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi skal tilkynna umsækjandanum að hælisumsóknin verði því aðeins tekin til meðferðar að hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tiltekins frests.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um leyfi og um að leggja umsókn til hliðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

13. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 11. gr. auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Dvalarleyfi aðstandanda útlendings skal að jafnaði gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

14. gr.

Endurnýjun.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings, að fenginni umsókn, ef fullnægt er skilyrðum 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs en heimilt er að gefa leyfið út fyrir annað tímabil ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Endurnýjað dvalarleyfi skal þó ekki gefið út til lengri tíma en tveggja ára.

Heimila má útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og hann á rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

15. gr.

Búsetuleyfi.

Veita má útlendingi, sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt hefur námskeið í íslensku fyrir útlendinga, búsetuleyfi samkvæmt umsókn ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Búsetuleyfi fellur niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en 18 mánuði. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Dómsmálaráðherra setur reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

16. gr.

Afturköllun.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Tilkynningarskylda.

Útlendingur, sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins, skal innan viku frá komu gefa sig fram við Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur. Sama á við um útlending sem hyggst sækja um eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

Útlendingur, sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar, skal tilkynna lögreglunni um flutninginn.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf.

IV. KAFLI

Frávísun og brottvísun.

18. gr.

Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu ríki og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu eða getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni,
d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki,
g. hann samkvæmt mati læknis getur ekki ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hans hér stendur eða hætta er á að hann muni með framkomu sinni valda sér eða öðrum tjóni eða hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi,
h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi, sbr. 1. mgr. 56. gr.,
i. hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu,
j. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við, og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

19. gr.

Frávísun eftir komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þó verður meðferð máls að hefjast innan þriggja mánaða frá komu hans til landsins.

Ekki má vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi frá landi samkvæmt ákvæði þessu.

20. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi ef:

a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar,
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Brottvísun skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða norrænum ríkisborgara sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur gilt fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en að jafnaði ekki skemur en þrjú ár. Samkvæmt umsókn má heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en að jafnaði ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför.

21. gr.

Frávísun og brottvísun útlendings sem hefur búsetuleyfi o.fl.

Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan.

Útlendingi sem hefur búsetuleyfi má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að:

a. það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, sbr. d-lið 1. mgr. 20. gr.,
b. hann hafi afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og það hafi átt sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi.

Brottvísun skv. b-lið 2. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

22. gr.

Stjórnvald og undirbúningur máls.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr. 18. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir samkvæmt kafla þessum.

Lögregla undirbýr mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Nú telur lögregla skilyrði vera til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi og sendir hún þá Útlendingastofnun gögn málsins til ákvörðunar.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

23. gr.
Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

24. gr.
Andmælaréttur.

Áður en ákvörðun er tekin í máli útlendings skal hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Réttur til að tjá sig skriflega er þó ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, skal stjórnvald, eftir fremsta megni, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé.

25. gr.
Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli, skal stjórnvald leiðbeina útlendingnum um að honum sé heimilt, á eigin kostnað, að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga.

26. gr.
Miðlun upplýsinga úr landi.

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengen-samstarfinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

27. gr.
Vanhæfi.

Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur viðkomandi útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Ákvæði þetta tekur ekki til mála vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

28. gr.

Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem fer með mál útlendings, er heimilt að krefjast þess að upplýsinga, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt lögunum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Dómari ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni.

Heimild skv. 1. mgr. gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

29. gr.

Rannsóknarúrræði.

Útlendingi er skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. krefst þess. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögregla lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Lögregla skal benda útlendingi á að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögregla leita á útlendingnum, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem:

a. ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er,
b. leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum,
c. hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum eða
d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför, sem tekin eru skv. 4. mgr., má færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar.

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast ófullnægjandi er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

30. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., má kæra til Útlendingastofnunar. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð. Að öðru leyti má kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru innan 15 daga frá því að honum var kynnt ákvörðunin fyrir þeim sem það gerir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

31. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi, sem sótt er um innan frests skv. 3. mgr. 14. gr., má ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina.

32. gr.

Hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda.

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig og í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar.

Lögregla skal leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Nú telur Útlendingastofnun augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má hún þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

33. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Ákvörðun, sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, skal framkvæma þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða líkur eru á að hann muni ekki gera það má lögregla færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega. Málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið frestar ekki framkvæmd hennar. Þó getur dómsmálaráðherra tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd hennar ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því ákvörðun var tekin.

Útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, er skylt að afla sér þeirra.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd. Við mat á þessu má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í tvær vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef nauðsyn ber til, til að tryggja framkvæmd, er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem greinir í 1. mgr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun, eða dómarinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 3. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 3. og 5. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

34. gr.

Réttaraðstoð.

Dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingur eiga rétt á að stjórnvald skipi honum talsmann. Þetta gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 43. gr. þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. málsl., eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingsins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram greiðast úr ríkissjóði.

Ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja skal útlending um endurgreiðslu kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

VI. KAFLI
Útlendingar sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

35. gr.

Dvalarleyfi.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga (EES-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

EES-útlendingur, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., skal hafa dvalarleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu.

Dvalarleyfi, sem sótt er um í fyrsta sinn, má sækja um eftir komu til landsins.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

36. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis ef hann framvísar þeim ferðaskilríkjum sem hann komst inn í landið með og gögnum sem sýna að hann:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að meina útlendingnum komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

37. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Aðstandandi útlendings sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 36. gr. á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis að uppfylltum skilyrðum í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

38. gr.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um rétt útlendings sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

39. gr.

Gildistími og efni dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn skv. 36., 37. og 38. gr., skal að jafnaði gefið út til fimm ára.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn til útlendings skv. c-lið 1. mgr. 36. gr., má takmarka við tvö ár ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en í eitt ár.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum sem settar eru samkvæmt lögunum.

40. gr.

Endurnýjun dvalarleyfis.

Dvalarleyfi skv. 36., 37. og 38. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn ef skilyrðum er enn fullnægt. Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára nema tilgangur vinnu eða dvalar eða aðrar ástæður gefi tilefni til styttri gildistíma.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um endurnýjun dvalarleyfis.

41. gr.

Afturköllun dvalarleyfis.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi ef svo stendur á sem greinir í 16. gr. Afturköllun er þó ekki heimil eingöngu af því að útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta sinn til útlendings sem fellur undir a–c-lið 1. mgr. 36. gr. ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og er ekki tilkomið vegna herþjónustu.

42. gr.

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 43. gr. eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES-útlendingi, sem ekki hefur dvalarleyfi, frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar.

43. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu að jafnaði því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur gilt fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

VII. KAFLI
Vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

44. gr.

Flóttamannahugtakið.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (flóttamannasamningsins), sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákveða má að flóttamaður sem fellur undir C–F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Flóttamaður sem fellur undir C–E-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skal þó njóta verndar skv. 45. gr.

45. gr.

Vernd gegn ofsóknum.

Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Samsvarandi verndar skal útlendingur njóta sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlendinginn skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot

og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Útlendingur nýtur ekki heldur verndarinnar þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Vernd skv. 1. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Réttur til hælis.

Flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli. Þetta gildir þó ekki um flóttamann sem:

a. fellur undir undanþágur frá reglum um vernd í 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr.,
b. veitt hefur verið hæli í öðru ríki,
c. komið hefur til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
d. krefja má annað norrænt ríki um að taka við samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins,
e. krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við,
f. synja má um hæli vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ekki skal endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Maki flóttamanns, sambúðarmaki eða samvistarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka, sambúðarmaka eða samvistarmaka eiga rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

47. gr.

Réttaráhrif hælis.

Hælisveiting hefur í för með sér að útlendingurinn hefur réttarstöðu flóttamanns og fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um afturköllun.

48. gr.

Ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Flóttamanni, sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða erlendis, enda mæli sérstakar ástæður því ekki í mót. Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki gefin út af öðru ríki og skal hann þá því aðeins fá skírteini gefið út að honum hafi verið veitt hér hæli eða búsetuleyfi eða skylt sé að gefa hér út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingur, sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á grundvelli umsóknar um hæli, en án þess að vera veitt hæli, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða erlendis samkvæmt nánari regl-

um sem dómsmálaráðherra setur. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um útgáfu, gildissvið, endurnýjun og afturköllun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga og nánari skilyrði í þessu sambandi.

49. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru ríki, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því ríki. Sæki slíkur flóttamaður um hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn hér á landi skal fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns ekki vefengd nema sú ákvörðun sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

50. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun í málum um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Útlendingastofnun tekur einnig ákvörðun um hvort útlendingi, sem kemur til landsins á grundvelli 51. gr., skuli veitt réttarstaða flóttamanns.

Við meðferð máls skv. 1. og 2. mgr. skal Útlendingastofnun af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efni málsskjala. Einnig má kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efni málsskjala að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga.

51. gr.

Flóttamannahópar.

Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands. Sama gildir um hópa útlendinga sem ekki teljast flóttamenn.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl., og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr. Ákvörðun verður einungis kærð af þeim sem bein afstaða er tekin til í máli.

Útlendingur, sem heimiluð er koma skv. 1. mgr., skal fá dvalarleyfi. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að útlendingur skuli hafa réttarstöðu flóttamanns, sbr. 2. mgr. 50. gr., á hann rétt til hælis og ferðaskírteinis fyrir flóttamenn, sbr. 46.–48. gr.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Meina má útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins

eða mikilvægra þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum má framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr. Útlendingastofnun tekur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis ríkisins, sett nánari reglur um tilkynningarskyldu en segir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

53. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er og að dvöl hans í landinu sé lögmæt.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Ráðherra getur undanþegið aðra útlendinga skyldu þessari.

Við undirbúning máls samkvæmt lögunum má leggja fyrir útlending sem málið varðar að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

54. gr.

Tilkynningarskylda annarra.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, svo og að aðrir skuli einnig veita Útlendingastofnun upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar,
b. að stjórnandi loftfars sem kemur frá útlöndum eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
c. að stjórnandi skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
d. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofnun áður en vinnan hefst,
e. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
f. að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem eru þar skráðir eða teknir af skrá,
g. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té skrá um erlenda námsmenn,
h. að stjórnvöld skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlendings og heimili til nota í máli samkvæmt lögunum þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

55. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd

laganna. Eftir þörfum er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dómsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu.

56. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað frá landi skv. 18. eða 42. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 7. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 2. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingsins hér í allt að þrjá mánuði.

Ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

57. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögunum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögunum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins eða
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast þar að eða

d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, önnur ferðaskilríki eða svipuð skilríki sem nota má sem ferðaskilríki og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað þau til að koma til landsins eða til annars ríkis eða
e. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending til að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða
f. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að koma ólöglega til landsins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að reka í hagnaðarskyni skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis.

Nú er útlendingur fluttur til landsins með skipi eða loftfari án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og stjórnandi skips eða loftfars hefur ekki gengið úr skugga um að hann beri gild ferðaskilríki, sbr. 3. mgr. 4. gr., og er þá heimilt að gera stjórnanda farartækis sekt.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

IX. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

58. gr.
Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

59. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Jafnframt falla úr gildi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 19 26. mars 1991, nr. 133 31. desember 1993, nr. 90 13. júní 1996, nr. 82 16. júní 1998, nr. 23 16. mars 1999, nr. 25 9. maí 2000 og nr. 7 13. mars 2001.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 2. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, kemur: Útlendingastofnun.
2. Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, sbr. lög nr. 62 12. júní 1998, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 1. mgr. 5. gr. a laganna kemur: Útlendingastofnunar.
   b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Útlendingastofnunar.
3. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, kemur: Útlendingastofnunar.
4. Í stað orðanna „forstjóri Útlendingaeftirlitsins“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. lög nr. 150 27. desember 1996 og nr. 23 16. mars 1999, kemur: forstjóri Útlendingastofnunar.
5. Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, sbr. lög nr. 23 16. mars 1999, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. kemur: Útlendingastofnun.

b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: Útlendingastofnun.

6. Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, breytast þannig:
   a. B-liður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
      1. skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga,
      2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaöryggi eða öryggi ríkisins í hættu.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í b-lið 1. mgr. 10. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   c. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlits“ í b-lið 19. gr. kemur: Útlendingastofnunar.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um atvinnuréttindi útlendinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

2. gr.
Tilgangur.

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.
3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi:* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
7. *Búsetuleyfi:* Leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga.

8. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
9. *Nánustu aðstandendur:* Maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og ættmenni útlendings eða maka að feðgatali.

4. gr.

Framkvæmd laganna.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Vinnumálastofnun fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Atvinnuleyfi.

5. gr.

Almennt.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Vinnumálastofnun skal gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

6. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem dvelst hér á landi án dvalarleyfis eða hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um útlendinga. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt og útlendingurinn dvelst í landinu á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga má veita honum tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en atvinnuleyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar.
b. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands. Umsögn skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi. Þó er heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.

c. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.
e. Að atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum ef starfsmaður verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi komi fram til hvaða lands heimflutningur nær.
f. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Skilyrði er að áður hafi útlendingi verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

8. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi.

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn, enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–c-liðum 1. mgr. 7. gr.

Hafi ríki gert samning við Ísland um atvinnuréttindi er heimilt að veita útlendingi frá því ríki atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hið sama gildir ef ríki er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

9. gr.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.

Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

10. gr.

Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–f-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

11. gr.

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár,
b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,
c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

Víkja má frá skilyrði c-liðar 1. mgr. ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, óbundið atvinnuleyfi.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur lögheimili hérlendis.

12. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, þ.m.t. hámarksvinnustundafjölda.

13. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnu-

tími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar og önnur hlunnindi.

Vinnumálastofnun skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr.

Nánar skal kveða á um skilyrði þessa ákvæðis í reglugerð.

III. KAFLI
Undanþáguákvæði.

14. gr.

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.
b. Útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
d. Erlendir makar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að 18 ára aldri.
e. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

15. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. lög nr. 66/2000.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

16. gr.
Afturköllun.

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.
Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða
Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

III. KAFLI
Varsla búfjár.

6. gr.

Sveitarstjórnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

7. gr.

Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.

4. Aðrar búfjártegundir en framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

9. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans.

Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

IV. KAFLI
Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

10. gr.

Búfjáreftirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

Sveitarfélög skulu ráða búfjáreftirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjáreftirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjáreftirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjáreftirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjáreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjáreftirlitsmanna fer eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjáreftirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Kostnaður við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögunum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Á hverju búfjáreftirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjáreftirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitar-

félögunum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjáreftirlitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjáreftirlitsnefnd annast yfirstjórn búfjáreftirlitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjáreftirlitsmenn gefa búfjáreftirlitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

11. gr.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjáreftirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur landbúnaðarráðuneytið heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjáreftirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjáreftirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

12. gr.

Búfjáreftirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

13. gr.

Búfjáreftirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjáreftirlitsskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir Bændasamtökum Íslands frumritið eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

14. gr.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitilöndum. Umráðamaður búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjáreftirlitsskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagagöngu og umráðamann þess.

15. gr.

Meini umráðamaður búfjár búfjáreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til landbúnaðarráðherra. Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjaldtöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

16. gr.

Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði innan sólarhrings frá tilkynningu.

Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitar-

stjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerðir um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjártegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjáreftirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
4. Reglugerð um starfssvæði búfjáreftirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæslu, eftirlitið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vorskýrslur.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., ásamt síðari breytingum. Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

Gjört á Bessastöðum, 15. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Alþingi hefur hinn 2. maí 2002 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árið 2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*

(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
1.1.	Markaðar tekjur:	
	1. Bensíngjald	5.434
	2. Þungaskattur, km-gjald	2.499
	3. Þungaskattur, árgjald	2.465
		10.398
1.2.	Umsýslugjald 0,5%	-52
		10.346
1.3.	Aðrar tekjur:	
	1. Leyfisgjöld flutninga	9
	2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála	123
		10.478
1.4.	Viðbótarfé	500
1.5.	Sérstök fjáröflun	2.300
1.6.	Frestun framkvæmda	-1.616
		11.662
1.7.	Lánsfé:	
	1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40
	2. Vegna ferja	-263
	Samtals	**11.359**

* Áætlunin er sett upp á áætluðu meðalverðlagi árið 2002 (vísitala vegagerðar 6740 stig). Hækkun frá 2001 nemur um 6% og er það í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
GJÖLD		
2.1. Rekstur og þjónusta		
1. Yfirstjórn		**264**
2. Upplýsingaþjónusta		**56**
3. Umferðareftirlit		**52**
4. Þjónusta		**2.194**
1. Þjónustusvæði	300	
2. Vegir og vegyfirborð	385	
3. Brýr og veggöng	60	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	364	
5. Þéttbýlisvegir	263	
6. Vetrarþjónusta	822	
5. Almenningssamgöngur		**750**
1. Ferjur og flóabátar	518	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-263**
2. Áætlunarflug	123	
3. Sérleyfi á landi	109	
6. Rannsóknir		**98**
Rekstur og þjónusta samtals		**3.151**
2.2. Viðhald		
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**860**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**235**
3. Styrkingar og endurbætur		**543**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**179**
5. Öryggisaðgerðir		**130**
6. Vatnaskemmdir		**123**
Viðhald samtals		**2.070**
2.3. Stofnkostnaður		
1. Stofnvegir		**3.944**
1. Almenn verkefni	424	
2. Höfuðborgarsvæðið	1.191	
3. Stórverkefni	2.329	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs		**-40**
2. Jarðgangaáætlun		**300**
3. Tengivegir		**477**
4. Til brúargerðar		**206**
1. Brýr 10 m og lengri	182	
2. Smábrýr	24	
5. Ferðamannaleiðir		**346**
6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi		**370**
7. Girðingar		**55**
8. Landsvegir		**115**
9. Safnvegir		**272**
10. Styrkvegir		**54**
11. Reiðvegir		**39**
Stofnkostnaður samtals		**6.138**
	Samtals	**11.359**

SUNDURLIÐUN

2.3. Stofnkostnaður.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2002 m.kr.
1		Hringvegur	
	a6	Um Skaftá	11
35		Biskupstungnabraut	
	08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	41
359		Bræðratunguvegur	
	01	Um Hvítá	20
1		Hringvegur	
	e1	Lagfæringar	37
45		Garðskagavegur	
	04	Í Sandgerði	10
427		Ísólfsskálavegur	
	04	Grindavík – Ísólfsskáli	4
1		Hringvegur	
	g6	Borgarnes	16
54		Snæfellsnesvegur	
	10	Sæluhús – Valavatn	16
574		Útnesvegur	
	06	Lýsing við Hellissand og Rif	3
60		Vestfjarðavegur	
	01	Brattabrekka	37
61		Djúpvegur	
	09	Kollafjörður	31
	45	Hnífsdalur – Bolungarvík	40
744		Þverárfjallsvegur	
	01-02	Þverá – Skagavegur	72
1		Hringvegur	
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur	15
1		Hringvegur	
	x1	Suðursveit	38
85		Norðausturvegur	
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur	14
92		Norðfjarðarvegur	
	10	Um Norðfjarðará	9
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
		Lagfæringar á þjóðvegum	10
		Samtals	424

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
1	Hringvegur	
e3	Lagfæring á gjá	10
f2	Gatnamót við Víkurveg	100
f3	Gatnamót við Skarhólabraut	50
f3	Í Mosfellsbæ	16
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Rampi í Kópavogi	10
41	Reykjanesbraut	
11	Gatnamót við Stekkjarbakka	30
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut	250
12	Fífuhvammsvegur – Kaplakriki	30
14	Í Hafnarfirði	330
49	Nesbraut	
04	Færsla Hringbrautar	130
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur – Höfðabakki	25
450	Sundabraut, undirbúningur	50
	Göngubrýr og undirgöng	76
	Smærri verk og óráðstafað	84
	Samtals	1.191

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Djúpá, Hörgsá		
1	Hringvegur	
a2	Um Djúpá og Laxá	39
Þjórsá		
1	Hringvegur	
c8	Um Þjórsá	409
Biskupstungnabraut		
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	48
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík		
41	Reykjanesbraut	
15-18	Breikkun	134
Hvalfjarðartengingar		
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartengingar	63
Breikkun brúa á Vesturlandi		
1	Hringvegur	
h4	Norðurá í Heiðarsporði	65
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð		
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður	21
Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur		
56	Vatnaleið	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka	213
Hálsasveitarvegur að Húsafelli		
518	Hálsasveitarvegur	
02-03	Reykholtsdalur – Húsafell	98
Gilsfjörður		
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	26
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli – Vattarnes	129
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði		
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði – Bjarnadalur	5
Ísafjarðardjúp		
61	Djúpvegur	
31	Gilseyri – Kleifaós	106
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður		
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði	49
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra		
1	Hringvegur	
k8	Um Vatnsdalsá	45
Þverárfjallsvegur		
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	35
Hringvegur á Mývatnsheiði		
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði	100
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn		
85	Norðausturvegur	
09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn	265
24	Um Svalbarðsá	5
Tenging Norðurland – Austurland		
1	Hringvegur	
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð	45
s6-s7	Ármótasel – Skjöldólfsstaðir	23
Hringvegur á Austurlandi		
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir	94
u4	Búðaá – Hvannabrekka	86
u9	Melrakkanes – Blábjörg	55
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	33
v4	Jökulsá í Lóni	40
x1	Suðursveit	32
Suðurfjarðavegur		
96	Suðurfjarðavegur	
11	Kambanes – Snæhvammur	46
Samgöngurannsóknir		10
	Samtals	2.329

2. Jarðgangaáætlun.

	2002 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj.	300
Samtals	300

3. Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2002 m.kr.
25		Þykkvabæjarvegur	
	02	Hrafntóftir – Ásvegur	18
26		Landvegur	
	02	Holtsmúli – Fellsmúli	36
33		Gaulverjabæjarvegur	
	01	Önundarholtsvegur – Skipar	36
305		Villingaholtsvegur	
	01	Kolsholt – Urriðafossvegur	4
310		Votmúlavegur	
	01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur	6
329		Mástunguvegur	
	01	Skyggnir – Laxárdalur	5
374		Hvammsvegur	
	01	Sogn – Hringvegur	19
48		Kjósarskarðsvegur	
	01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur	36
50		Borgarfjarðarbraut	
	02	Vatnshamraleið	42
505		Melasveitarvegur	27
508		Skorradalsvegur	
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	2
518		Hálsasveitarvegur	
	01	Lýsing við Reykholt	2
523		Hvítársíðuvegur	4
530		Ferjubakkavegur	3
5240		Bifrastarvegur	
	01	Lýsing við Bifröst	2
612		Örlygshafnarvegur	
	01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn	21
629		Syðradalsvegur	
	01	Djúpvegur – Geirastaðir	8
645		Drangsnesvegur	
	01	Reykjarnes – Drangsnes	22
711		Vatnsnesvegur	
	02	Skarð – Bergsstaðir	13
722		Vatnsdalsvegur	
	04	Refabú – Hringvegur	33
753		Vindheimavegur	
	01	Hringvegur – Vindheimar	11
805		Svarfaðardalsvegur	
	01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur	72

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
925		Hróarstunguvegur	
	02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn	18
931		Upphéraðsvegur	
	01	Ekkjufell – Setberg	5
939		Axarvegur	
	01-02	Skriðdalur – Berufjörður	22
		Göngubrú á Jökulsá í Lóni	10
		Samtals	477

4. Til brúagerðar.

1. Brýr, 10 m og lengri.

	2002 m.kr.
Skaftá (1)	39
Brýr á Hringvegi í Suðursveit (1)	21
Ósá í Bolungarvík (61)	39
Skíðadalsá (807)	53
Fjarðará í Seyðisfirði	15
Óráðstafað	15
Samtals	182

5. Ferðamannaleiðir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
52		Uxahryggjavegur frá Þingvöllum	40
		Vegur á Höfðabrekkuheiði	3
		Vegir í Vestmannaeyjum	10
215		Reynishverfisvegur	5
249		Þórsmerkurvegur	10
334		Gullfoss	7
408		Heiðmerkurvegur	11
426		Bláalónsvegur	11
508		Skorradalsvegur	
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	11
574		Útnesvegur	
	02	Arnarstapi – Malarrif	30
	04	Hella – Hellissandur	5
612		Örlygshafnarvegur	
	02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg	4
637		Seljalandsvegur	8
643		Strandarvegur	
	03	Bjarnarfjarðará – Deild	27
	03-08	Drangsnesvegur – Norðurfjörður	6
717		Borgarvegur	
	01	Síðuvegur – Borgarvirki	2
746		Tindastólsvegur	5

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2002 m.kr.
764		Hegranesvegur	
	01-02	Hróarsdalur – Keldudalur og um Hegrabjarg	4
793		Skarðsvegur	
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	11
7350		Steinárvegur	
	01	Brú á Svartá	7
F578	03	Arnarvatnsvegur	7
832		Vaðlaheiðarvegur	2
837	03	Hlíðarfjallsvegur	35
		Vegur að Dettifossi	30
F862		Hólmatungnavegur	5
869		Langanesvegur	2
8716		Engidalsvegur (Engidalur – Stöng)	2
93		Seyðisfjarðarvegur	
	06	Við ferjuhöfn	35
939		Axarvegur	
	01-02	Skriðdalur – Berufjörður	11
		Samtals	346

6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi.

	2002 m.kr.
Fljótsdalur	200
Reyðarfjörður	170
Samtals	370

Samgönguráðuneytinu, 14. maí 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

AUGLÝSING

um flugmálaáætlun árið 2002.

Alþingi hefur hinn 2. maí 2002 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Flugmálaáætlun	**2002**
TEKJUR OG FRAMLÖG	
Markaðar tekjur	
Flugvallagjald	721,0
Framlög úr ríkissjóði	*740,8*
Ríkistekjur	*111,8*
Sértekjur	
Tekjur af alþjóðaflugþjónustu	1.340,2
Aðrar sértekjur	227,7
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	3.141,5
Viðskiptahreyfingar	
Frestun framkvæmda	-68,0
Lántökur	456,0
Afborganir lána	0,0
Viðskiptahreyfingar samtals	*388,0*
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	3.529,5
GJÖLD	
Rekstur og þjónusta	
Yfirstjórn	219,8
Eftirlit og öryggismál	115,7
Flugvallaþjónusta	532,1
Flugumferðar- og leiðsöguþjónusta innan lands	289,2
Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
Minjar og saga	0,0
Rekstur samtals	*2.597,4*
Viðhald og styrkir	
Viðhaldssjóðir	17,0
Viðhald og styrkir samtals	*17,0*

Flugmálaáætlun	2002
Stofnkostnaður	
Flugvellir	789,8
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	125,3
Stofnkostnaður samtals	*915,1*
GJÖLD ALLS	3.529,5

II. FLOKKUN FLUGVALLA

2.1 Flokkur I.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

2.2 Flokkur II.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3 Flokkur III.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur.

2.4 Flokkur IV.

Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru flokkaðir í flokk IV: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur.

2.5 Flokkur V.

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps-, Tungubakka- og Stykkishólmsflugvöllur.

2.6 Flokkur VI.

Eftirfarandi flugvellir og lendingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Forsæti, Geysir, Gunnarsholt, Grímsstaðir, Grundarfjörður, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Hrauneyjafoss, Hveravellir, Hvolsvöllur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksstaðamelar, Melgerðismelar, Múlakot, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Sandá, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Svínafell, Vík og Þórsmörk.

III. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

		2002
VIÐHALD		
3.1	**Viðhaldssjóðir (malbik, klæðing, málning)**	**17,0**
STOFNKOSTNAÐUR		
3.2	**Reykjavíkurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	654,9
	2. Byggingar	65,6
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	18,5
		739,0
3.3	**Akureyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	20,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5,5
		25,9
3.4	**Bakkaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	1,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		1,5
3.5	**Ísafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,7
	2. Byggingar	10,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		10,7
3.6	**Þingeyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,0
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,0
3.7	**Hornafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,8
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,8
3.8	**Þórshafnarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	1,7
		2,2
3.9	**Gjögurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
3.10	**Siglufjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5

		2002
3.11	**Æfingaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,7
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,7
3.12	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir**	**4,0**
3.13	**Flugumferðar- og leiðsögubúnaður**	**34,7**
3.14	**Til leiðréttingar brýnna verkefna**	**12,5**
3.15	**Tækjasjóður**	**42,9**
3.16	**Stjórnunarkostnaður**	**15,0**
3.17	**Flugvernd, vopnaleit**	**20,2**
		125,3
	FLUGMÁLAÁÆTLUN SAMTALS	932,1

Samgönguráðuneytinu, 14. maí 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 106 28. maí 2002

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra hélt í dag áleiðis til útlanda. í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 27. maí 2002.

F.h.r.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 107 27. maí 2002

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 28. maí 2002.

Geir H. Haarde.

Kristján Andri Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 2002

9. júlí 2002 425 Nr. 108

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

2. ágúst 2002 Nr. 109

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 2. ágúst 2002.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

Gutenberg

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 2002.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 2002.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 4. september 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 2002

1. nóvember 2002 427 Nr. 111

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/2002, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2002.

Davíð Oddsson. **Guðmundur Árni Stefánsson.** **Guðrún Erlendsdóttir.**
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Stjórnartíðindi A 24, nr. 111. Útgáfudagur 4. nóvember 2002.

Gutenberg

Nr. 112 428 13. september 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 13. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 113 23. september 2002

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 23. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 114 10. október 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. október 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 14. október 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

28. október 2002 Nr. 116

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Sólveig Pétursdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 28. október 2002.

F. h. r.

Kristján Andri Stefánsson.

28. október 2002 Nr. 117

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 28. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Kristján Andri Stefánsson.

6. nóvember 2002 Nr. 118

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 6. nóvember 2002.

Geir H. Haarde.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 19. nóvember 2002.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Nr. 120 21. nóvember 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 21. nóvember 2002.

Geir H. Haarde.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 121 28. nóvember 2002

LÖG

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „16.500 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 17.500 kr.

2. gr.

Í stað „593 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 664 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „57,50 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 66,15 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað „167,20 kr.“ í 1. tölul. kemur: 213,51 kr.
b. Í stað „1,97 kr.“ í 2. tölul. kemur: 2,52 kr.
c. Í stað „5,98 kr.“ í 3. tölul. kemur: 7,64 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. Í stað „210 kr.“ í 1. tölul. kemur: 268,20 kr.
b. Í stað „10,50 kr.“ í 2. tölul. kemur: 13,40 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. nóvember 2002 Nr. 123

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 26. nóvember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 26 – 2002

Nr. 124 432 2. desember 2002

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 2. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 125 6. desember 2002

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 6. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Gutenberg

LÖG

um breyting á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Örnefnastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður markar stefnu stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og er í fyrirsvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Tómas I. Olrich.

6. desember 2002 Nr. 127

LÖG

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „89/48/EBE, 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/2001, kemur: 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Tómas I. Olrich.

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frá 13. desember 2002 til 21. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 13. desember 2002 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frestað hinn 13. desember 2002.

Forsætisráðuneytinu, 13. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast hluta Íslands vegna hækkunar útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna lánaflokksins nemi allt að 3,3 milljónum evra.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. og staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi aðili ekki náð að nýta sér að fullu eða hluta þær aflaheimildir sem var úthlutað á fiskveiðiárinu 2001/2002 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þær 500 lestir af óslægðum botnfiski, sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skulu bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1.018 kr.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1.081 kr., og í stað „387.000 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 410.000 kr.

2. gr.

Í stað „1.358 kr.“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.441 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 27 – 2002

18. desember 2002 439 Nr. 133

LÖG

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „loknu“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: sbr. 7. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um ríkissjóð og ríkisstofnanir sem greiða vexti samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast tekjur, sbr. 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta.

4. gr.

2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár reiknað frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Gutenberg

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
Almennt tryggingagjald skal vera 4,84% af gjaldstofni skv. III. kafla.

b. 4., 5., 6. og 7. mgr. falla brott og breytist töluröð annarra málsgreina í samræmi við það.

c. Í stað tilvísunarinnar „8. mgr.“ í 9. og 10. mgr. kemur: 4. mgr.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins fallist á umsókn um almannatryggingar hér á landi skv. 9. gr. b laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skal heimilt að taka við greiðslu tryggingagjalds og fullnægja þannig skilyrðum almannatryggingalaga um greiðslu þess. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um upplýsinga- og skýrslugjöf og eftir atvikum reglur um rafræn skil samkvæmt þessari málsgrein.

3. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hafi innheimtumaður hafið aðför vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds skulu þau aðfararúrræði sem innheimtumaður hefur gripið til halda lögformlegu gildi sínu eftir álagningu tryggingagjalds vegna þess hluta kröfunnar sem rekja má til vangoldinnar staðgreiðslu.

Séu ekki gerð fullnægjandi skil á álögðu eða endurákvörðuðu tryggingagjaldi innan 15 daga frá eindaga er innheimtumanni heimilt með aðstoð lögreglu að stöðva atvinnurekstur launagreiðanda með innsigli á starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur þar til full skil hafa farið fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „og launagreiðenda“ í 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins skal halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launagreiðenda á staðgreiðsluári. Til að sinna því hlutverki skal Fjársýsla ríkisins hafa sömu heimildir og um getur í 3. mgr. 24. gr.

3. gr.

2. tölul. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

4. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiðsluskrá skal send Fjársýslu ríkisins sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum sköttum til ríkis og sveitarfélaga hefur farið fram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:
   Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega póstþjónustu.
b. Við 5. mgr., sem verður 6. mgr., bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Á undan 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Meðferð kvartana.

Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

4. gr.

Í stað orðanna „39.–41. gr.“ í 42. gr. laganna, er verður 43. gr., kemur: 40.–42. gr.

5. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Meðferð kvartana og skaðabætur.**

6. gr.

Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

19. desember 2002 Nr. 137

LÖG

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluskipa“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: skipa sem hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en leyfi er afturkallað skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en útibú er útilokað frá aðild að sjóðnum skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Iðgjöld bónda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
6. Verðbréfamiðlun skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Verðbréfamiðlun getur fengið heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skv. 26. gr., sbr. 14. gr.
7. Rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. telst vera lánastofnun í skilningi laga þessara.

5. gr.

Umsókn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis sem sótt er um, sbr. 4. gr., leyfisskylda starfsemi, sbr. 1. mgr. 3. gr., og aðra starfsemi sem fyrirhuguð er, sbr. IV. kafla.
2. Samþykktir félags.

3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
6. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

6. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða tegundar leyfið tekur, sbr. 4. gr., hvaða starfsleyfisskylda starfsemi heimilt er að stunda á grundvelli þess og hvaða aðra starfsemi fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

8. gr.

Skrá yfir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fjármálafyrirtæki og útibú þeirra þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um hlutaðeigandi fyrirtæki. Breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal um fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

B. Afturköllun starfsleyfis.

9. gr.

Ástæður afturköllunar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta:

1. hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. fullnægi fyrirtækið ekki ákvæðum laga þessara um stofnfé, hlutafé, eigið fé eða fjölda stofnfjáreigenda,

3. nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækis ekki þeim hæfisskilyrðum sem fram koma í 42. og 52. gr.,
5. sé um að ræða náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila með þeim hætti sem um getur í 18. gr.,
6. hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla,
7. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna fjármálafyrirtæki að stunda tiltekna starfsemi sem því er heimil skv. IV. kafla. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr.

10. gr.

Tilkynning um afturköllun og slit fjármálafyrirtækis.

Afturköllun á starfsleyfi fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Ef starfsleyfi fjármálafyrirtækis er afturkallað skal fyrirtækinu slitið og fer um slitin samkvæmt ákvæðum XII. kafla.

III. KAFLI
Stofnun og starfsemi.

11. gr.

Búsetuskilyrði stofnenda.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur fjármálafyrirtækja.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Viðskiptaráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

12. gr.

Heiti.

Fjármálafyrirtækjum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“, „rafeyrisfyrirtæki“, „verðbréfafyrirtæki“, „verðbréfamiðlun“ og „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“, ein sér eða samtengd öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt.

Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends fjármálafyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

Fjármálafyrirtæki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

13. gr.

Rekstrarform.

Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda ákvæði VIII. kafla.

14. gr.

Hlutafé og stofnfé.

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs, sbr. þó 77. gr., skal að lágmarki nema 450 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 90 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 1 milljónar evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 730 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar sem ekki hefur heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 50 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 25 milljarða króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó aldrei að nema hærri fjárhæð en 1 milljarði króna eða sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

Bókfært eigið fé fjármálafyrirtækis má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

15. gr.

Höfuðstöðvar.

Fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

16. gr.

Endurskoðunardeild.

Við fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Ákvæði þetta nær ekki til verðbréfamiðlana og rafeyrisfyrirtækja. Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, veitt

undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

17. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis.

18. gr.

Náin tengsl.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit.

Með nánum tengslum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

a. viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða
b. yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

IV. KAFLI

Starfsheimildir.

A. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki.

20. gr.

Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til eftirfarandi þátta:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalána,
   b. langtímaveðlána,
   c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og
   d. viðskiptalána.
3. Fjármögnunarleigu.
4. Greiðslumiðlunar.
5. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.

7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum.
9. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlunar.
11. Stjórnunar og ráðgjafar varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtunar verðbréfa.
13. Upplýsinga um lánstraust (lánshæfi).
14. Útleigu geymsluhólfa.

Starfsemi lánafyrirtækja getur tekið til 1.–14. tölul. 1. mgr. að því undanskildu að lánafyrirtækjum er óheimilt að taka á móti innlánum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafa heimildir til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr.

21. gr

Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að sinna annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við heimildir þeirra skv. 20. gr.

Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Senda skal tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins ef fyrirhugað er að stunda starfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert athugasemd við hina fyrirhuguðu starfsemi innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi tilkynning berst skal litið svo á að heimilt sé að hefja starfsemina. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests. Sé vanrækt að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein getur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemina eða krafist þess að hún sé stunduð í sérstöku félagi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu.

22. gr.

Tímabundin starfsemi og yfirtaka eigna.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að það sé tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Tilkynning hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

23. gr.

Heimildir til vátryggingastarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að reka vátryggingafélag í sérstöku félagi.

B. Önnur fjármálafyrirtæki.

24. gr.

Starfsheimildir rafeyrisfyrirtækis.

Starfsemi rafeyrisfyrirtækis tekur til útgáfu og umsýslu rafeyris. Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris er takmörkuð við:

1. náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og
2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og V. kafla er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

25. gr.

Starfsheimildir verðbréfafyrirtækis.

Starfsemi verðbréfafyrirtækis getur tekið til eftirfarandi þátta í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga:

1. Þjónustu:
   a. Móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmdar slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
   c. Eignastýringar, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.
   d. Sölutryggingar í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningar slíkrar útgáfu.
   e. Umsjónar með útboði verðbréfa.
2. Viðbótarþjónustu:
   a. Vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga.
   b. Öryggisvörslu fjár.
   c. Veitingar lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
   d. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
   e. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
   f. Fjárfestingarráðgjafar varðandi einn eða fleiri fjármálagerning.
   g. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
   h. Fræðslu um og kynningar á verðbréfaviðskiptum.

26. gr.

Starfsheimildir verðbréfamiðlunar.

Starfsemi verðbréfamiðlunar tekur til milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

Heildarverðmæti þeirra fjármálagerninga sem verðbréfamiðlun skv. 4. mgr. 14. gr. er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af hlutafé skv. 14. gr. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um það innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, svo og um annað sem varðar starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari grein.

Verðbréfamiðlanir skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þær kunna að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

27. gr.

Starfsheimildir rekstrarfélags.

Starfsheimildir rekstrarfélags taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er einnig heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi:

1. Eignastýringu.
2. Fjárfestingarráðgjöf.
3. Vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.

Rekstrarfélag með heimildir til eignastýringar skal leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

C. Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur.

28. gr.

Hámark virkra eignarhluta.

Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Samtala virkra eignarhluta skv. 1. mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta sem fjármálafyrirtæki hefur eignast má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þess. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis í fyrirtæki skv. 22. gr. og eignarhlutir í veltubók skulu ekki teknir með við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir fjármálafyrirtækja fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð sem umfram er dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2.

mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki skulu gefa Fjármálaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 64. gr.

Við útreikning á hlutföllum skv. 1.–2. mgr. og 29. gr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Til veltubókar teljast fjármálagerningar og hrávara sem fjármálafyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálagerningar sem fjármálafyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með fjármálagerninga og hrávörur í veltubók.

29. gr.

Eigin hlutir.

Fjármálafyrirtæki má ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nemur hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Veiti fjármálafyrirtæki í tengslum við hlutafjárútboð lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af nafnverði heildarhlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi fyrirtækis skulu settar traustar tryggingar fyrir lánum sem eru umfram framangreint hlutfall.

30. gr.

Takmarkanir á stórum áhættum.

Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eigin fé en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eigin fé. Með eigin fé er átt við eigið fé skv. 84. gr.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluta og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja.

V. KAFLI
Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.
A. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

31. gr.

Útibú fjármálafyrirtækja innan EES.

Erlent fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með hinu erlenda fyrirtæki í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

32. gr.

Þjónusta fjármálafyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.

Erlendu fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Ekki er heimilt að hefja slíka þjónustu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

33. gr.

Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálafyrirtæki utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

34. gr.

Heimildir til að banna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendu fjármálafyrirtæki að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun er tekin um bann skv. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að vernda hagsmuni innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna fjármálafyrirtækis.

Málsmeðferð skv. 1. og 2. mgr. fer eftir ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

35. gr.

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja til starfsemi hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra fjármálafyrirtækja, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga fjármálafyrirtækja til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

B. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.

36. gr.

Tilkynning um stofnun útibús.

Innlend fjármálafyrirtæki, sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, lýsing á starfsemi útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingar um heimilisfang útibúsins og nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar skv. 2. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 2. mgr.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

37. gr.

Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.

Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi samkvæmt þessari grein ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

38. gr.

Starfsemi utan EES.

Hyggist fjármálafyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

39. gr.

Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki.

Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torveldað. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og skal hún rökstudd.

VI. KAFLI

Eignarhlutir og meðferð þeirra.

40. gr.

Samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

Ákvæði þessa kafla gilda um sparisjóði eftir því sem við getur átt.

41. gr.

Umsókn til Fjármálaeftirlitsins.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fjármálafyrirtæki sem um ræðir í 40. gr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fjármálafyrirtæki.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.
12. Annað sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að vita og máli skiptir við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

42. gr.

Mat á hæfi umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
8. Ef um virkan eignarhlut í sparisjóði er að ræða skal Fjármálaeftirlitið að auki leggja mat á hvort eignarhaldið samrýmist skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

43. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhalds-

félagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

44. gr.

Nýting heimildar.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 40. og 41. gr.

45. gr.

Úrræði ef ekki er sótt um leyfi.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 41. gr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 43. gr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut er honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

46. gr.

Úrræði ef umsókn ef hafnað.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

47. gr.

Tilkynning eiganda um sölu á virkum eignarhlut.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í

40. gr. eða svo mikið að fjármálafyrirtæki hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi móðurfyrirtækis skal það einnig tilkynnt.

48. gr.

Tilkynning fjármálafyrirtækja um aðilaskipti.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn fjármálafyrirtækis tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

49. gr.

Úrræði ef eigandi er ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 42. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

VII. KAFLI
Stjórn og starfsmenn.

50. gr.

Almennt ákvæði.

Um stjórn fjármálafyrirtækis gilda ákvæði laga um hlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

51. gr.

Fjöldi stjórnarmanna.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skipaðar eigi færri en fimm mönnum.

Skipa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn fjármálafyrirtækis.

52. gr.

Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum,

eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

53. gr.

Hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum.

Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fjármálafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfaviðskiptum sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Viðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu prófstakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd verðbréfaviðskipta skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn prófstaka. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd prófs í verðbréfaviðskiptum, þar á meðal prófkröfur, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

54. gr.

Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.

Í samþykktum fjármálafyrirtækis skal kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem skal taka mið af ákvæðum hlutafélagalaga.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

55. gr.

Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

56. gr.

Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.

Framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn fyrirtækis getur veitt heimild til slíks á grundvelli reglna sem hún setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Um stjórnarsetu framkvæmdastjóra í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækisins, og um heimildir annarra starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri, fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr.

57. gr.

Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.

Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer að öðru leyti eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins skal setja.

58. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

59. gr.

Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.

60. gr.

Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

VIII. KAFLI

Sparisjóðir.

61. gr.

Stofnun.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 11. gr.

62. gr.

Stofnfjárbréf.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 64. og 65. gr. og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

63. gr.

Réttindi stofnfjáreigenda.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 65. og 100. gr.

64. gr.

Sala og veðsetning stofnfjárhluta.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði skal stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil nema samþykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar.

Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr., og skal þá nýr eigandi óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því að þau áttu sér stað. Um afgreiðslu sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.

Synji sparisjóðsstjórn um samþykki eða nýr eigandi óskar ekki eftir samþykki innan tilskilins frests skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr.

65. gr.

Innlausn stofnfjárhluta.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar lögaðila, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hann lagður niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda,
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda og
4. þegar hún samþykkir ekki eigendaskipti við fullnustu veðréttar í stofnfjárhlut.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

66. gr.

Aukning stofnfjár.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

67. gr.

Endurmat stofnfjár.

Sparisjóðum er heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

68. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.
3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

69. gr.

Leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

Sparisjóðum er heimilt að fela sameiginlegum aðila á þeirra vegum að leggja fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

70. gr.

Skipting eignarhluta og atkvæða.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár, til þess að einstakur stofnfjáraðili, eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánum tengslum við í skilningi 2. mgr. 18. gr., eignist eða fari með virkan eignarhluta í sparisjóðnum í skilningi laga þessara, og skal þá sparisjóðsstjórn ekki samþykkja framsalið nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að fullnægðu öðru hvoru eftirgreindra skilyrða:

a. að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut,
b. að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Um atkvæðisrétt ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn fer samkvæmt ákvæðum 71. gr. Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á fundum stofnfjáreigenda nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

71. gr.

Sveitarfélagssparisjóðir.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. um fjölda stofnfjáreigenda og 3. mgr. 70. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru einir stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 101. gr. Sé héraðsnefnd einn stofnfjáreigenda takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við ⅕ hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

72. gr.

Stjórn.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

73. gr.

Breyting sparisjóðs í hlutafélag.

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 77. gr. og skulu nefnd ákvæði þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sé sparisjóði breytt í hlutafélag skulu í stað ákvæða 61.–68. gr. og 70.–72. gr. gilda um hann ákvæði VII. kafla laga þessara og laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

74. gr.

Skipting hlutafjár í sparisjóði.

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 73. gr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem

stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 67. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins sem og gagngjald fyrir stofnfjárhluti skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Við mat á hlut stofnfjár skal hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 76. gr.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

75. gr.

Atkvæðaréttur í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag skv. 73. gr. skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

76. gr.

Sjálfseignarstofnun sem hluthafi í sparisjóði.

Sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta samþykktir stofnunarinnar.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu minnst eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og er þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. málsl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

77. gr.
Lágmark stofnfjár.

Sparisjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það stofnfé sem mælt er fyrir um í 14. gr., er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Fari eigið fé niður fyrir framangreind mörk er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli sparisjóðurinn ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hans afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé sparisjóðsins hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 14. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

IX. KAFLI
Rafeyrisfyrirtæki.

78. gr.
Rafeyrir.

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

79. gr.
Endurgreiðanleiki rafeyris.

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en sem samsvarar 500 krónum.

80. gr.
Eiginfjárkröfur.

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal, þrátt fyrir ákvæði 84. gr., ávallt vera að lágmarki 2% af þeirri fjárhæð sem hærri er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

81. gr.

Takmörkun fjárfestinga.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest í, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki ráða bót á því ástandi án tafar og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum í því skyni.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

82. gr.

Takmarkanir á gildissviði.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 krónur á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslan skal hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert.

X. KAFLI

Laust fé og eigið fé.

83. gr.

Laust fé.

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja.

84. gr.

Skilgreining eigin fjár.

Eigið fé fjármálafyrirtækja eins og það er skilgreint skv. 4. mgr. skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi, enda séu aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall skal byggt á nánari reglum sem það setur.

Áhættugrunnur fyrirtækis skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á ársuppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa/stofnfjárbréfa, viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eign dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum.

Eiginfjárþáttur B telst vera samtala 1. og 2. tölul.:

1. Víkjandi lán sem fjármálafyrirtæki taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjármálafyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Fjármálaeftirlitið getur heimilað einstökum fjármálafyrirtækjum að til eiginfjárþáttar C teljist hagnaður af veltubókarviðskiptum á tímabilinu að frádreginni fyrir-

sjáanlegri gjaldfærslu og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Heimilt er að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lántaki þess, enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og slík endurgreiðsla hafi ekki óviðunandi áhrif á eiginfjárstöðu að mati þess.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–7. mgr. skal eigið fé verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en greindir eru í 5.–7. mgr. teljist með eigin fé fjármálafyrirtækis.

85. gr.

Frádráttur frá eigin fé.

Frá eigin fé skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eigin fé eins og það er reiknað skv. 4. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein. Eignarhlutir sparisjóða í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem nema meira en 10% af hlutafé bankans skulu þó reiknast með sama hætti og eignarhlutir sem nema allt að 10%.

Þegar fjárfesting í hlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. málsl.1. mgr.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum, sem reka vátryggingastarfsemi skv. 23. gr. dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr. Frádrátturinn takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 28. gr.

86. gr.

Upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fjármálafyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það

krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.

Þegar Fjármálaeftirlitinu hafa borist gögn skv. 3. mgr. er því heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 84. gr. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Berist greinargerð skv. 3. mgr. ekki innan tilskilins frests, séu úrræði samkvæmt greinargerðinni ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur samkvæmt þessari málsgrein skal afturkalla starfsleyfi, sbr. 9. gr.

XI. KAFLI
Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

87. gr.
Samning ársreiknings og undirritun.

Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár fjármálafyrirtækja er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

88. gr.
Góð reikningsskilavenja.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Fjármálaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreikningsins og skýringar og mat á einstökum liðum.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings fjármálafyrirtækis.

89. gr.
Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,

2. væntanlega þróun fyrirtækisins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun þess.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu og heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sé um ágóðahlut að ræða til stjórnar eða framkvæmdastjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Stjórnir skulu í skýrslu sinni gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi fyrirtækis eða jöfnun taps.

90. gr.

Endurskoðun.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.

Endurskoðandi skv. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi fjármálafyrirtækis til eins árs í senn.

Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Í móðurfélagi skal endurskoðandi jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

91. gr.

Hæfi endurskoðanda.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

92. gr.

Upplýsingaskylda endurskoðanda.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 18. gr. Slík tilkynning brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 58. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

93. gr.

Góð endurskoðunarvenja.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um endurskoðun fjármálafyrirtækja ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

94. gr.

Sérstök endurskoðun.

Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fjármálafyrirtæki telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

95. gr.

Skil og birting ársreiknings.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

96. gr.

Árshlutauppgjör.

Fjármálafyrirtæki skulu semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

97. gr.

Samstæðureikningsskil.

Fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki þegar það:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis, telst einnig vera dótturfyrirtæki móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.

Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfyrirtækja þess.

Ákvæði 87.–92. gr. og 95.–96. gr. gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðu, þar sem móðurfyrirtæki er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar.

Fjármálaeftirlitið setur að höfðu samráði við reikningsskilaráð nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um samstæðuuppgjör fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag.

XII. KAFLI
Slit og samruni fjármálafyrirtækja.
A. Slit.
98. gr.
Ákvörðun um slit.

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:

1. ef Fjármálaeftirlitið afturkallar starfsleyfi fjármálafyrirtækis, sbr. 9. gr., synjar fyrirtækinu um frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 84. gr.,
2. ef skylt er að slíta fjármálafyrirtæki samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi fyrirtækis,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta fjármálafyrirtæki.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal Fjármálaeftirlitið afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á sama hátt og skv. 2. mgr. 86. gr.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

99. gr.
Úrskurður héraðsdóms um slit.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 2. mgr. 98. gr. eða þegar Fjármálaeftirlitið telur, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir fyrirtækisins hrökkvi til greiðslu skulda þess skal Fjármálaeftirlitið senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 98. gr. og Fjármálaeftirlitið telur sýnt að eignir þess hrökkvi fyrir skuldum skal það senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta til slita á fjármálafyrirtækinu.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 98. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú fjármálafyrirtækis skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

100. gr.

Framkvæmd skipta á búi fjármálafyrirtækis.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi fjármálafyrirtækis gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 99. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi fjármálafyrirtækis sá dagur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 86. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 99. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

B. Samruni.

101. gr.

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda, svo og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða.

Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.

Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð.

XIII. KAFLI
Eftirlit.
A. Almennar eftirlitsheimildir.

102. gr.

Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

103. gr.

Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

B. Eftirlit á samstæðugrundvelli.

104. gr.

Ákvæði IV. kafla C og X. kafla skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfyrirtækið ber ábyrgð á fram-

kvæmd þessa ákvæðis. Ákvæði 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Eigi fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eitt og sér eða ásamt með öðrum fyrirtækjum í samstæðunni, hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem er fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði og það fyrirtæki er starfrækt í samstarfi við önnur fyrirtæki sem ekki eru hluti af samstæðunni skal við beitingu ákvæða 1. mgr. um eigin fé nota hlutfallslega samstæðuaðferð með hliðsjón af hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Sé ábyrgð fjármálafyrirtækisins eða eignarhaldsfélagsins á viðkomandi hlutdeildarfélagi ekki takmörkuð við eignarhlutdeildina eða atkvæðisréttinn eiga ákvæði hefðbundinna samstæðureikningsskila við. Með hlutdeildarfélagi samkvæmt þessari málsgrein er átt við félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á eða beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 20% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki sem eitt og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum ákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gilda ekki um fyrirtæki sem fjármálafyrirtæki hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis, né heldur um fyrirtæki sem starfrækja vátryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr.

XIV. KAFLI
Viðurlög.

105. gr.
Sektir.

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir (12. gr.),
2. starfsheimildir (IV. kafli A og B),
3. skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár (2. mgr. 29. gr.),
4. starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis (1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr.),
5. virka eignarhluti (1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr.),
6. þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála (2. og 3. mgr. 55. gr.),
7. þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri (56. gr.),
8. viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið (1. mgr. 57. gr.),
9. skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu (4. mgr. 73. gr.) og
10. ársreikninga og endurskoðun (87. gr., 1. mgr. 88. gr. og 1. og 2. mgr. 95. gr.).

106. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis (3. gr.),
2. hámark lána til einstaks viðskiptavinar (30. gr.),
3. starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr.),
4. þagnarskyldu (58. gr.),
5. takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja (1., 2. og 4. mgr. 81. gr.),
6. upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár (1. og 3. mgr. 86. gr.) og
7. hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri (91. og 92. gr.).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlits, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

107. gr.

Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

108. gr.

Nafnskráning reikninga.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu.

109. gr.

Glatað skilríki.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er fjármálafyrirtæki hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur stjórn fjármálafyrirtækis stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur fjármálafyrirtækinu samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal fjármálafyrirtæki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi fyrirtæki, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

110. gr.

Undanþága frá stimpilgjaldi.

Innlánsskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármálafyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

111. gr.

Undanþegnir sjóðir og undanþága frá rekstrarformi.

Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt lögum nr. 23/1994, hafnalögum, Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og Ferðamálasjóðs samkvæmt lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, teljast þessir sjóðir ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara eru undanþegnir skilyrði 13. gr. um að starfa sem hlutafélög.

XVI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

112. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, 95/26/EB um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit, 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja.

113. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki. Með fjármálagerningum í lögum þessum er átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

114. gr.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Í stað 12. og 13. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

115. gr.

Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

a. 1. gr. laganna orðast svo:
   Lög þessi taka til verðbréfaviðskipta eins og þau eru skilgreind í 2. gr.
b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 1. tölul. orðast svo: *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
2. 2. tölul. orðast svo: *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
3. Í stað orðanna „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“ í 11. tölul. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): fjármálafyrirtæki.
4. 17. tölul. orðast svo: *Verðbréfafyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
5. 18. tölul. fellur brott.

c. 3.–14. gr., 21.–24. gr., 42.–62. gr. og 65.–67. gr. laganna falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfandi viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir skulu halda starfsleyfi sínu við gildistöku laga þessara. Þau skulu innan sex mánaða tilkynna Fjármálaeftirlitinu hvaða starfsemi skv. 3. gr. og IV. kafla þau stunda við gildistöku laganna. Tilkynningin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir.

Lánastofnanir, sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, skulu hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum þessum.

Starfandi fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að hefja síðar nýja starfsemi nema það tilkynni Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrir fram.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

II.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu reglur skv. VII. kafla innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

III.

Verðbréfamiðlanir sem starfa sem einkahlutafélög skulu hafa komið rekstri sínum í hlutafélagsform innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um úrvinnslugjald.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting:* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs:* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

II. KAFLI
Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.
Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

4. gr.
Fjárhæð úrvinnslugjalds.

Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

Umhverfisráðherra leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs fram tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur eftir því sem við á. Fjármálaráðherra flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

5. gr.
Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum. Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.

6. gr.
Skilagjald á ökutæki.

Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

7. gr.

Skilagjald á drykkjarvöruumbúðir.

Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjalds, 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, sbr. viðauka III, við móttöku á notuðum úrvinnslugjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum.

8. gr.

Úrvinnslugjald á aðrar vörur.

Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda völuflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. *Umbúðir:* heyrúlluplast, sbr. viðauka I, samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. viðauka II, einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III.
2. *Olíuvörur:* sbr. viðauka IV.
3. *Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd:* lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísócýanöt og pólyúretön, sbr. viðauka VII.
4. *Málning og litarefni:* málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.
5. *Rafhlöður og rafgeymar:* rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.
6. *Vörur í ljósmyndaiðnaði:* sbr. viðauka XII.
7. *Kvikasilfursvörur:* sbr. viðauka XIII.
8. *Varnarefni:* sbr. viðauka XIV.
9. *Kælimiðlar:* sbr. viðauka XV.
10. *Hjólbarðar:* sbr. viðauka XVI.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu, enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía er þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum, enda hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra.

III. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kæruheimild og kærufrestur.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili

hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendrar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu gjalds í öðrum skattumdæmum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

11. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

12. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og

leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 1. mgr. 9. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

13. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

IV. KAFLI
Úrvinnslusjóður.

14. gr.

Framkvæmd.

Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfisráðherra. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla.

15. gr.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Sé gjaldskyld vara eða úrgangur af henni sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um atriði er þá varða.

16. gr.

Stjórn Úrvinnslusjóðs.

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af umhverfisráðherra.

17. gr.

Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stjórnin staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vöru til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

18. gr.

Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

19. gr.

Rekstur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

Skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

21. gr.

Reglugerðarheimildir.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokki við móttöku í móttökustöð.

22. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokkuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vöru sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I. Greiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr., skal hefjast 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Úrvinnslusjóður skal taka við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.

II.

Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 8. gr., sbr. viðauka III, skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.

III.

Leggja skal úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, veiðarfæri úr gerviefnum og heyrúlluplast frá 1. janúar 2004.

Viðauki I.

Heyrúlluplast.

Á heyrúlluplast sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39. kafla tollskrárinnar:

3920.1003	– – Marglaga, kóextrúderuð, lituð filma (heyrúlluplast)	25,00 kr./kg

Viðauki II.

Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur.

Á samsettar pappaumbúðir sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 4., 20., 22. og 48. kafla tollskrárinnar:

Úr 0401	**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd	0,56 kr./kg
0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd	0,56 kr./kg
0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd	0,70 kr./kg
Úr 0403	**Áfir, hleypt úr mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:**	
	– Annað:	
	– – Drykkjarvara:	
0403.9021	– – – Kakóblönduð	0,77 kr./kg
0403.9022	– – – Blönduð með ávöxtum eða hnetum	0,73 kr./kg
0403.9029	– – – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 0404	**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**	
0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	0,59 kr./kg
0404.9000	– Annað	0,73 kr./kg
Úr 2009	**Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	– Appelsínusafi:	
2009.1129	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1229	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1929	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
	– Greipaldinsafi:	
2009.2129		
2929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum:	
2009.3129		
3929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Ananassafi:	
2009.4129		
4929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Tómatsafi:	
2009.5029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Þrúgusafi (þar með talið þrúguþykkni):	
2009.6129		
6929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Eplasafi:	

2009.7129		
7929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:	
2009.8029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safablöndur:	
2009.9029	– – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 2201	**Vatn, þar með talið náttúrulegt og gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og sjór:**	
2201.1019	– – Annars	0,59 kr./kg
2201.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg
2201.9029	– – – Annars	0,59 kr./kg
Úr 2202	**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**	
	– Annað:	
	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:	
2202.9011	– – – Í pappaumbúðum	0,59 kr./kg
2202.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg
	– – Annars:	
2202.9099	– – – Annars	0,73 kr./kg
Úr 4811	**Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:**	
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki límí):	
	– – Bleiktur, meira en 150 g/m^2 að þyngd:	
4811.5101	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5109	– – – Annars	22,23 kr./kg
4811.5900	– – Annar	22,23 kr./kg
	– – Annar:	
4811.5901	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5909	– – – Annars	22,23 kr./kg
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:	
4811.6001	– – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.6009	– – Annars	22,23 kr./kg
Úr 4819	**Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:**	
	– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:	
	– Með viðeigandi áletrun til útflutnings:	
4819.2011	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2019	– – – Annars	22,23 kr./kg
	– – Annað:	
4819.2091	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2099	– – – Annars	22,23 kr./kg

Viðauki III.

Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum.

Viðauki IV.

Olíuvörur.

Á olíuvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2710		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
		– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
	2710.1149	– – Annað	11,50 kr./kg
		– – Annað:	
	2710.1920	– – – Aðrar milliþykkar olíur	0,20 kr./kg
		– Smurolíur, aðrar þykkar olíur og blöndur:	
	2710.1951	– – Smurolía og smurfeiti	11,50 kr./kg
	2710.1952	– – Ryðvarnarolía	11,50 kr./kg
	2710.1959	– – Aðrar	11,50 kr./kg
Úr 3811		**Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:**	
		– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
	3811.2100	– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum	11,50 kr./kg
	3811.2900	– – Önnur	11,50 kr./kg
3819	3819.0000	**Hemlavökvi og annar unninn vökvi fyrir vökvaskipt drif sem inniheldur ekki eða inniheldur minna en 70% af jarðolíu eða olíu úr tjörukenndum steinefnum miðað við þyngd**	11,50 kr./kg

Viðauki V.

Lífræn leysiefni.

Á lífræn leysiefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

2707		**Olíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr háhita koltjöru; áþekkar vörur þar sem þungi arómatískra efnisþátta er meiri en óarómatískra efnisþátta:**	
	2707.1000	– Bensól (bensen)	3,00 kr./kg
	2707.2000	– Tólúól (tólúen)	3,00 kr./kg
	2707.3000	– Xýlól (xýlen)	3,00 kr./kg
	2707.4000	– Naftalín	3,00 kr./kg
	2707.5000	– Aðrar arómatískar kolvatnsblöndur sem 65% eða meira miðað við rúmmál (að meðtöldu tapi) eimast við 250°C með ASTM D-86-aðferðinni	3,00 kr./kg
	2707.6000	– Fenól	3,00 kr./kg
		– Annað:	
	2707.9100	– – Kreósótolíur	3,00 kr./kg
	2707.9900	– – Annars	3,00 kr./kg

Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
	– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.1141	– – Lakkbensín (white spirit)	3,00 kr./kg
Úr 2901	**Raðtengd kolvatnsefni:**	
2901.1000	– Mettuð	3,00kr./kg
	– Ómettuð:	
2901.2100	– – Etylen	3,00 kr./kg
2901.2200	– – Própen (própylen)	3,00 kr./kg
	– – Önnur:	
2901.2909	– – – Annars	3,00 kr./kg
Úr 2902	**Hringlaga kolvatnsefni:**	
	– Cyclan, cyclen og cyclóterpen:	
2902.1100	– – Cyclóhexan	3,00 kr./kg
2902.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2902.2000	– Bensen (bensól)	3,00 kr./kg
2902.3000	– Tólúen	3,00 kr./kg
	– Xylen:	
2902.4400	– – Blönduð myndbrigði xylen	3,00 kr./kg
2902.5000	– Styren	3,00 kr./kg
2902.9000	– Önnur	3,00 kr./kg
2912	**Aldehyð, einnig með annarri súrefnisvirkni; hringliða fjölliður aldehyða; paraformaldehyð:**	
	– Raðtengd aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.1100	– – Metanal (formaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.1200	– – Etanal (asetaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.1300	– – Bútanal (bútyraldehyð, venjuleg myndbrigði)	3,00 kr./kg
2912.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
	– Hringliða aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.2100	– – Bensaldehyð	3,00 kr./kg
2912.2900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2912.3000	– Aldehyðalkóhól	3,00 kr./kg
	– Aldehyðeterar, aldehyðfenól og aldehyð með annarri súrefnisvirkni:	
2912.4100	– – Vanillín (4-hydroxy-3-metoxybensaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.4200	– – Etylvanillín (3-etoxy-4-hydroxybensaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.4900	– – Annað	3,00 kr./kg
2912.5000	– Hringliða fjölliður aldehyða	3,00 kr./kg
2912.6000	– Paraformaldehyð	3,00 kr./kg
Úr 2914	**Keton og kínon, einnig með annarri súrefnisvirkni og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Raðtengd keton án annarrar súrefnisvirkni:	
2914.1100	– Aceton	3,00 kr./kg
2914.1200	– – Bútanon (metyletylketon)	3,00 kr./kg
2914.1300	– – 4-Metylpentan-2-on (metylísóbutylketon)	3,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0001	– Þynnar	3,00 kr./kg
3814.0009	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki VI.

Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatsefna:	
2903.1100	– – Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1200	– – Díklórmetan (metylenklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1300	– – Klóróform (tríklórmetan)	105,00 kr./kg
2903.1400	– – Kolefnistetraklóríð	105,00 kr./kg
2903.1500	– – 1,2-Díklóretan (etylendíklóríð)	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.1901	– – – 1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)	105,00 kr./kg
2903.1909	– – – Annars	105,00 kr./kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	– – Vinylklóríð (klóretylen)	105,00 kr./kg
2903.2200	– – Tríklóretylen	105,00 kr./kg
2903.2300	– – Tetraklóretylen (perklóretýlen)	105,00 kr./kg
2903.2900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3090	– – Aðrar	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	– – Þríklórþríflúoretan	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4910	– – – Brómklórmetan	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður cyclan-, cyclen- eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	– – 1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	105,00 kr./kg
2903.5900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	– – Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	105,00 kr./kg
2903.6200	– – Hexaklórbensen og DDT (1,1,1,-tríklór- 2,2-bis(p-klórfenyl) etan)	105,00 kr./kg
2903.6900	– – Aðrar	105,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	105,00 kr./kg

Viðauki VII.

Ísócýanöt og pólyúretön.

Á ísócýanöt og pólyúretön sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 39. kafla tollskrárinnar:

2929	**Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:**	
2929.1000	– Ísócýanöt	1,30 kr./kg
2929.9000	– Annað	1,30 kr./kg
Úr 3909	**Amínóresín, fenólresín og pólyúretön, í frumgerðum:**	
	– Pólyúretön:	
3909.5001	– – Upplausnir, þeytur og deig	1,30 kr./kg
3909.5009	– – Önnur	1,30 kr./kg

Viðauki VIII.

Málning.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205	3205.0000	**Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi**	17,00 kr./kg
3208		**Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
		– Að meginstofni úr pólyesterum:	
	3208.1001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
	3208.1002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.1003	– – Viðarvörn	17,00 kr./kg
	3208.1004	– – Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.1009	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:	
	3208.2001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
	3208.2002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.2009	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Annað:	
	3208.9001	– – Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólyúretan, klór-gúm, sellulósi o.fl.)	17,00 kr./kg
	3208.9002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.9003	– – Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	17,00 kr./kg
	3208.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3210		**Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:**	
		– Málning og lökk:	
	3210.0011	– – Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	17,00 kr./kg
	3210.0012	– – Önnur málning og lökk (t.d. epoxy- eða pólyúretan-lökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	17,00 kr./kg
	3210.0019	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Annað:	
	3210.0021	– – Bæs	17,00 kr./kg
	3210.0029	– – Annars	17,00 kr./kg
3211	3211.0000	**Unnin þurrkefni**	17,00 kr./kg
3212		**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
		– Annað:	
	3212.9001	– – Áldeig	17,00 kr./kg
	3212.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3213		**Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukkum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:**	
	3213.1000	– Litir í samstæðum	17,00 kr./kg
	3213.9000	– Aðrir	17,00 kr./kg
Úr 3214		**Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á veggi, gólf, loft eða þess háttar:**	
		– Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl:	
	3214.1001	– – Innsiglislakk	17,00 kr./kg
	3214.1002	– – Kítti	17,00 kr./kg
	3214.1003	– – Önnur þéttiefni	17,00 kr./kg

Viðauki IX.

Prentlitir.

Á prentliti sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3212	**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
3212.1000	– Prentþynnur	20,00 kr./kg
3215	**Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:**	
	– Prentlitir:	
3215.1100	– – Svartir	20,00 kr./kg
3215.1900	– – Aðrir	20,00 kr./kg
3215.9000	– Annað	20,00 kr./kg

Viðauki X.

Rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar.

Á rafhlöður sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 85. kafla tollskrárinnar:

8506	**Frumrafhlöð og frumrafhlöður:**	
8506.1000	– Mangandíoxíð	91,00 kr./kg
8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.4000	– Silfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.5000	– Líþíum	171,00 kr./kg
8506.6000	– Loft-sink	559,00 kr./kg
	– Önnur frumrafhlöð og frumrafhlöður:	
8506.8001	– – Alkalískar hnapparafhlöður	5,00 kr./stk.
8506.8009	– – Annað	91,00 kr./kg
8506.9000	– Hlutar	91,00 kr./kg
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Nikkilkadmíum:	
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	202,00 kr./kg
8507.3009	– – Aðrir	202,00 kr./kg
8507.4000	– Nikkeljárn	91,00 kr./kg
	– Aðrir geymar:	
8507.8010	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	91,00 kr./kg
	– – Aðrir:	
8507.8091	– – – Með vökva	91,00 kr./kg
8507.8099	– – – Án vökva	91,00 kr./kg
8507.9009	– – Aðrir	91,00 kr./kg
Úr 8543	**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	202,00 kr./kg
Úr 8548	**Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:**	
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	202,00 kr./kg

Viðauki XI.

Blýsýrurafgeymar.

Á rafgeyma (blýsýrurafgeyma) sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, eða eru hluti af vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja úrvinnslugjald. Úrvinnslugjald á rafgeyma skal reiknað með tvennum hætti. Annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða er hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer:

Úr 84., 85., 87. og 89. kafla tollskrárinnar:

Úr 8426	**Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, klofberar og kranabúnir vinnuvagnar:**	
	– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og klofberar:	
8426.1100	– – Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og klofberar:	
8426.1201	– – – Klofberar	1.672,00 kr./stk.
8426.1209	– – – Annað	836,00 kr./stk.
8426.1900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8426.2000	– Turnkranar	19,00 kr./kg rafgeyma
8426.3000	– Bómukranar á súlufótum	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:	
	– – Á hjólum með hjólbörðum:	
8426.4101	– – – Vinnuvagnar búnir krana	627,00 kr./stk.
8426.4102	– – – Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.	627,00 kr./stk.
8426.4109	– – – Annar	836,00 kr./stk.
8426.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
Úr 8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	19,00 kr./kg rafgeyma
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	627,00 kr./stk.
8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Jarðýtur:	
8429.1100	– – Á beltum	1.672,00 kr./stk.
8429.1900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	1.672,00 kr./stk.
8429.2009	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8429.3000	– Skafarar	1.672,00 kr./stk.
8429.4000	– Vélþjöppur og valtarar	836,00 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framendaámokstursvélar	1.672,00 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	1.672,00 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.
Úr 8430	**Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:**	
8430.1000	– Fallhamrar og stauratogarar	1.672,00 kr./stk.
8430.2000	– Snjóplógar og snjóblásarar	1.672,00 kr./stk.
	– Kola- eða bergskerar og gangagerðarvélar:	
8430.3100	– – Sjálfknúið	1.672,00 kr./stk.
8430.3900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.

	– Aðrar bor- eða brunnavélar:	
8430.4100	– – Sjálfknúnar	836,00 kr./stk.
8430.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
8430.5000	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	1.672,00 kr./stk.
	– Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:	
	– – Annars:	
8430.6990	– – – Annar	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8479	**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8479.1000	– Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8504	**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
	– Aðrir spennar:	
8504.3100	– – 1 kVA eða minni	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Blýsýrugeymar, til að gangsetja stimpilvélar:	
8507.1001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.1009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
	– Aðrir blýsýrugeymar:	
8507.2001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.2009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
8507.9001	– – Til blýsýrurafgeyma	26,60 kr./kg
8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	104,50 kr./stk.
8701.1001	– – Nýjar	104,50 kr./stk.
8701.1009	– – Notaðar	104,50 kr./stk.
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8701.2019	– – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2021	– – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8701.2029	– – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
8701.3000	– Beltadráttarvélar	627,00 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	1.672,00 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	1.672,00 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	1.672,00 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	836,00 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma

– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:
8702.9021 – – – Ný ..... 418,00 kr./stk.
8702.9029 – – – Notuð ..... 418,00 kr./stk.
– – Önnur:
8702.9091 – – – Ný ..... 418,00 kr./stk.
8702.9099 – – – Notuð ..... 418,00 kr./stk.

8703 Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:

– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golf-bifreiðar og áþekk ökutæki:
– – Á beltum:
8703.1010 – – – Rafknúin ..... 19,00 kr./kg rafgeyma
– – – Vélsleðar (beltabifhjól):
8703.1021 – – – – Nýir ..... 104,50 kr./stk.
8703.1029 – – – – Notaðir ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:
8703.1031 – – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna ..... 313,50 kr./stk.
8703.1039 – – – – Með meira en 2000 cm^3 sprengirými ..... 313,50 kr./stk.
– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):
8703.1041 – – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna ..... 418,00 kr./stk.
8703.1049 – – – – Með meira en 2000 cm^3 sprengirými ..... 418,00 kr./stk.
– – Önnur:
8703.1091 – – – Rafknúin ..... 19,00 kr./kg rafgeyma
8703.1092 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
8703.1099 – – – Annars ..... 104,50 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:
– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:
8703.2110 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2121 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2129 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 1000 cm^3 til og með 1500 cm^3 sprengirými:
8703.2210 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2221 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2229 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:
– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:
8703.2310 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.2321 – – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2329 – – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:
8703.2330 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.2341 – – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2349 – – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:
8703.2410 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2491 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2499 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):
– – Með 1500 cm^3 sprengirými eða minna:
8703.3110 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.

	– – – Önnur:	
8703.3121	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3129	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.3210	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3221	– – – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3229	– – – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	
8703.3250	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3291	– – – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm^3 sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3321	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9099	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2121	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2221	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2291	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	

8704.2311	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	418,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8704.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8704.9020	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9041	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9049	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – – Með vörupalli:	
8704.9051	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9059	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9061	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9069	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9071	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9079	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – – Með vörupalli:	
8704.9081	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9089	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9091	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.

8704.9099	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	836,00 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	836,00 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	1.672,00 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	1.672,00 kr./stk.
8706	**Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701–8705:**	
8706.0001	– Fyrir almenningsbifreiðar og vörubifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8706.0009	– Aðrar	418,00 kr./stk.
Úr 8709	**Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:**	
	– Ökutæki:	
8709.1100	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
8709.1900	– – Önnur	627,00 kr./stk.
8710 8710.0000	**Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, vélknúnir, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja**	1.672,00 kr./stk.
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna	104,50 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm^3 sprengirými til og með 250 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm^3 sprengirými til og með 500 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm^3 sprengirými til og með 800 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm^3 sprengirými	104,50 kr./stk.
	– Annað:	
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	19,00 kr./kg rafgeyma
8711.9092	– – – Bifhjól, ót.a.	104,50 kr./stk.
Úr 8713	**Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:**	
8713.9000	– Önnur	104,50 kr./stk.

8901	**Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:**	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8902	**Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:**	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8903	**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**	
8903.1009	– – Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	19,00 kr./kg rafgeyma
8904 8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905	**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**	
8905.1000	– Dýpkunarskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8905.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8906	**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar:**	
8906.1000	– Herskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8906.9000	– Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
8908 8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	19,00 kr./kg rafgeyma

Viðauki XII.

Vörur í ljósmyndaiðnaði.

Á vörur í ljósmyndaiðnaði sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 37. kafla tollskrárinnar.

Úr 3707	**Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:**	
	– Annað:	
	– – Annars:	
	– – – Upplausnir:	
3707.9020	– – – – Notaðar án þynningar með vatni	36,75 kr./kg
	– – – – Þynntar með vatni fyrir notkun:	
3707.9031	– – – – – Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	61,25 kr./kg
3707.9032	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	122,50 kr./kg
3707.9033	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	147,00 kr./kg
3707.9034	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	196,00 kr./kg
3707.9035	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	294,00 kr./kg
3707.9099	– – – – Annars	294,00 kr./kg

Viðauki XIII.

Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

Úr 2805	**Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:**	
2805–4000	– Kvikasilfur	900 kr./kg
Úr 3006	**Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
3006–4002	– – Silfuramalgam til tannfyllinga	900 kr./kg

Viðauki XIV.

Varnarefni.

Á varnarefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
	– – Aðrar:	
2903.4990	– – – Annað	3,00 kr./kg

Úr 38. kafla tollskrárinnar:

3808	**Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):**	
3808.1000	– Skordýraeyðir	3,00 kr./kg
	– Sveppaeyðir:	
3808.2001	– – Fúavarnarefni	3,00 kr./kg
3808.2009	– – Annað	3,00 kr./kg
3808.3000	– Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00 kr./kg
3808.4000	– Sótthreinsandi efni	3,00 kr./kg
3808.9000	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki XV.

Kælimiðlar.

Á kælimiðla sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3010	– – Tetraflúoretan	2,50 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4100	– – Þríklórflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4200	– – Díklórdíflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4400	– – Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2,50 kr./kg
	– – Aðrar perhalógenafleiður einungis með flúor og klór:	
2903.4510	– – – Klórþríflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4520	– – – Pentaklórflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4530	– – – Tetraklórdíflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4540	– – – Heptaklórflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4550	– – – Hexaklórdíflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4560	– – – Pentaklórþríflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4570	– – – Tetraklórtetraflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4580	– – – Þríklórpentaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4591	– – – Díklórhexaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4599	– – – Klórheptaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4700	– – Aðrar perhalógenafleiður	2,50 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4920	– – – Klórdíflúormetan	2,50 kr./kg

Úr 3824	**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum) ót.a.:**	
	– Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
3824.7100	– – Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna, einungis með flúor eða klór	2,50 kr./kg
3824.7900	– – Aðrar	2,50 kr./kg
	– Annað:	
3824.9005	– – Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan eða klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
3824.9006	– – Aðrir kælimiðlar	2,50 kr./kg

Viðauki XVI.

Hjólbarðar.

Á hjólbarða sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 40., 87. og 84. kafla tollskrárinnar.

4011	**Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmíi:**	
4011.1000	– Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4011.2000	– Fyrir almenningsvagna og vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4011.3000	– Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4011.4000	– Fyrir bifhjól	36,02 kr./kg
4011.5000	– Fyrir reiðhjól	36,02 kr./kg
	– Aðrir, beinteinóttir eða með áþekku mynstri:	
4011.6100	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.6200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6900	– – Annars	36,02 kr./kg
	– Aðrir:	
4011.9200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.9300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9400	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9900	– – Annars	36,02 kr./kg
4012	**Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðurhjólbarðar, hjólbarðaslitfletir og felgubönd úr gúmmíi:**	
	– Sólaðir hjólbarðar:	
4012.1100	– – Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4012.1200	– – Fyrir almenningsvagna eða vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4012.1300	– – Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4012.1900	– – Aðrir	36,02 kr./kg
4012.2000	– Notaðir lofthjólbarðar	36,02 kr./kg
4012.9000	– Annað	36,02 kr./kg
Úr 8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2011	– – – Nýjar	16.208 kr./stk.

8701.2019	– – – Notaðar	16.208 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	16.208 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	16.208 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	7.204 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	7.204 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	8.320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – Ný	18.909 kr./stk.
8702.1029	– – Notuð	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	18.909 kr./stk.
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	8,320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	18.909 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	18.909 kr./stk.
Úr 8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2121	– – – – Ný	1.261 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	1.261 kr./stk.
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými til og með 1500 cm^3 sprengirými:	
8703.2210	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2221	– – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2321	– – – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2341	– – – – – Ný	2.161 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	2.161 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2410	– – – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2491	– – – – – Ný	2.701 kr./stk.

8703.2499 – – – – – Notuð ..... 2.701 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):
– – Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:
8703.3110 – – – Fjórhjól ..... 864 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.3121 – – – – Ný ..... 1.621 kr./stk.
8703.3129 – – – – Notuð ..... 1.621 kr./stk.
– – Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:
– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:
8703.3210 – – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.3221 – – – – – Ný ..... 1.621 kr./stk.
8703.3229 – – – – – Notuð ..... 1.801 kr./stk.
– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:
8703.3250 – – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.3291 – – – – – Ný ..... 2.161 kr./stk.
8703.3299 – – – – – Notuð ..... 2.161 kr./stk.
– – Með meira en 2500 cm³ sprengirými:
8703.3310 – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.3321 – – – – Ný ..... 2.701 kr./stk.
8703.3329 – – – – Notuð ..... 2.701 kr./stk.
– Önnur:
– – Rafknúin:
8703.9011 – – – Ný ..... 1.801 kr./stk.
8703.9019 – – – Notuð ..... 1.801 kr./stk.
– – Önnur en rafknúin:
8703.9091 – – – Ný ..... 1.801 kr./stk.
8703.9099 – – – Notuð ..... 1.801 kr./stk.

Úr 8704 Ökutæki til vöruflutninga:
– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:
8704.1009 – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn ..... 32.416 kr./stk.
– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):
– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:
– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:
8704.2111 – – – – Nýjar ..... 3.782 kr./stk.
8704.2119 – – – – Notaðar ..... 3.782 kr./stk.
– – – Með vörupalli:
8704.2121 – – – – Ný ..... 3.782 kr./stk.
8704.2129 – – – – Notuð ..... 3.782 kr./stk.
– – – Með vörurými:
8704.2191 – – – – Ný ..... 3.782 kr./stk.
8704.2199 – – – – Notuð ..... 3.782 kr./stk.
– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:
8704.2210 – – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög ..... 21.611 kr./stk.
– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:
8704.2211 – – – – Nýjar ..... 18.909 kr./stk.
8704.2219 – – – – Notaðar ..... 18.909 kr./stk.
– – – Með vörupalli:
8704.2221 – – – – Ný ..... 18.909 kr./stk.
8704.2229 – – – – Notuð ..... 18.909 kr./stk.
– – – Með vörurými:
8704.2291 – – – – Ný ..... 18.909 kr./stk.

8704.2299	– – – – Notuð	18.909 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	31.696 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	31.696 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	3.782 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	5.043 kr./stk.
8704.9019	– – – Notuð	5.043 kr./stk.
Úr 8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	3.530 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	25.213 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.

8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	5.043 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	3.782 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	25.213 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	18.909 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	18.909 kr./stk.
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm³ eða minna	288 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm³ sprengirými til og með 250 cm³	432 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm³ sprengirými til og með 500 cm³	432 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm³ sprengirými til og með 800 cm³	432 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm³ sprengirými	576 kr./stk.
	– Annað:	
8711.9010	– – Hliðarvagnar	1.441 kr./stk.
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	288 kr./stk.
8711.9092	– – – Bifhjól, ót.a.	288 kr./stk.
8711.9099	– – – Annað	288 kr./stk.
87128712.0000	**Reiðhjól og önnur hjól (þar með talin þríhjól til vöruflutninga), án vélar**	72,00 kr./stk.
Úr 8716	**Tengivagnar og festivagnar; önnur ökutæki ekki vélrænt knúin; hlutar til þeirra:**	
8716.1000	– Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga	360 kr./stk.
	– Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota:	
	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.2011	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2019	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– – Aðrir:	
8716.2091	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2099	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– Aðrir tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga:	
	– – Tanktengivagnar og tankfestivagnar:	
8716.3101	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna	2.161 kr./stk.
8716.3109	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	21.611 kr./stk.
	– – Annars:	
	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.3911	– – – – Nýtt	1.441 kr./stk.
8716.3919	– – – – Notað	1.441 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5 tonnum:	
8716.3921	– – – – Nýtt	2.161 kr./stk.
8716.3929	– – – – Notað	2.161 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8716.3991	– – – – Nýtt	21.611 kr./stk.
8716.3999	– – – – Notað	21.611 kr./stk.
8716.4000	– Aðrir tengivagnar og festivagnar	16.208 kr./stk.

8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	3.602 kr./stk.
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	5.043 kr./stk.
8427.9000	– Aðrir vagnar	5.043 kr./stk.
Úr 8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	28.814 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	21.611 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	21.611 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	28.814 kr./stk.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

20. desember 2002 Nr. 163

LÖG

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að semja við félag eða félagasamtök um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Telji stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af 1. gr., að hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi sendir stjórnin tillögu þess efnis til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Skilyrði fyrir heimild Íbúðalánasjóðs til afskrifta er að þessir aðilar hafi fallist á tillöguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „dýraverndarráðs“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis. Heimilt er Umhverfisstofnun að taka gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá um útgáfu leyfa samkvæmt ákvæði þessu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2.–3. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar dýraverndarráðs.

b. 4. mgr. orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í dýraverndarráð. Bændasamtök Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Dýralæknafélag Íslands og Samband dýraverndunarfélaga Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann í ráðið. Ráðið skiptir með sér verkum. Hlutverk þess er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um dýraverndarmál.

5. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem verða þess varir að tilkynna það Umhverfisstofnun, héraðsdýralækni eða lögreglu í viðkomandi umdæmi.

Fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr. Lögregla skal aðstoða fulltrúa Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni ef með þarf.

Sé um minni háttar brot að ræða skal Umhverfisstofnun leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna Umhverfisstofnun þessar aðgerðir þegar í stað. Lögreglustjóri ákveður í framhaldi af því, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og héraðsdýralæknis, hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji Umhverfisstofnun nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur Umhverfisstofnun fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr. og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera kostnað af aðgerðum skv. 2. og 4. mgr. Ákvörðun um greiðslu kostnaðar er aðfararhæf.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Í stað orðanna „eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna, orðsins „eiturefnaeftirlitsins“ í 2. mgr. 2. gr., orðsins „Eftirlitið“ í 3. mgr. 2. gr., orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 6. mgr. 23. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

7. gr.

Orðin „að höfðu samráði við eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins og“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Orðin „og Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, orðsins „Hollustuvernd“ í 3. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

10. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breytingar á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:
   Umhverfisráðherra fer með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra.
b. 1. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:
   Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.
c. Í stað orðsins „Hollustuvernd“ í 2., 3. og 4. mgr., sem verða 3., 4. og 5. mgr., kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

12. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, með síðari breytingum.

13. gr

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

VII. KAFLI

Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

14. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

15. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

VIII. KAFLI

Breytingar á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

17. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands.

IX. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

X. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XI. KAFLI

Breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „í samvinnu við embætti veiðistjóra“ í f-lið 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í i-lið 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.

21. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í e-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XII. KAFLI

Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 6. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

23. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar.

XIII. KAFLI

Breytingar á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XIV. KAFLI

Breytingar á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

25. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 10. tölul. 7. gr. laganna og orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 36. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XV. KAFLI

Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

26. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr. laganna og orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVI. KAFLI

Breytingar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

27. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 5. gr. laganna og orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVII. KAFLI

Breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

29. gr.

Orðin „Náttúruverndar ríkisins“ í 21. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XIX. KAFLI

Breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samþykki Breiðafjarðarnefndar“ í 2. mgr. kemur: leyfi Umhverfisstofnunar.
b. Í stað orðanna „dómi Breiðafjarðarnefndar“ í 3. mgr. kemur: mati Umhverfisstofnunar.

XX. KAFLI

Breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

33. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný orðskýring sem orðast svo: *Ágangssvæði:* nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

34. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð

að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.

35. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á villtum stofnum spendýra og fugla og metur ástand þeirra, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði. Erindi samkvæmt þessu ákvæði skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „ráðgjafarnefndarinnar“ í 5. og 7. mgr. kemur: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

38. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Veiðistjóri“ í 1. og 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

b. 3. mgr. orðast svo:

Gjald fyrir veiðikort skal vera 2.200 kr. á ári. Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 1. mgr., orðsins „veiðistjóraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr., orðsins „veiðistjóraembættis“ í 4. mgr. og orðsins „veiðistjóra“ í 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til minkaveiða.

b. Í stað orðsins „veiðistjóraembættis“ í 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

42. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.

Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.

Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum og ræður til þess eftirlitsmenn. Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan

veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.

Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Verði Umhverfisstofnun eða eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 3. mgr.

43. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

44. gr.

Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

XXI. KAFLI
Breytingar á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, með síðari breytingum.

45. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 1.–4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

46. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXII. KAFLI
Breytingar á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

47. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXIII. KAFLI

Breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

48. gr.

Í stað orðanna „að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins“ í 25. gr. laganna kemur: að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags og Veiðimálastofnunar og með samþykki Umhverfisstofnunar.

XXIV. KAFLI

49. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

20. desember 2002 Nr. 165

LÖG

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa Lögbirtingablað út og dreifa því á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu. Verði útgáfa Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd og gagnaöryggi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

4. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbún-aðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

5. gr.

Breyting á lögum nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Í stað orðsins „búvörugjalds“ í 3. og 4. málsl. 5. gr. laganna kemur: búnaðargjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

III. kafli laganna, **Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga**, orðast svo:

a. (8. gr.)
Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.
b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemi 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars.
d. Vaxtatekjur.

b. (9. gr.)
Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.
d. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 13. gr.

c. (10. gr.)
Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d-lið 11. gr.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr., sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.
e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga.
f. Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 16. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

d. (11. gr.)

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið þessarar greinar, og skal framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og leikskóla. Einnig er heimilt að greiða árlega allt að 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.
d. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr.
e. Til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, allt að 11,5% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. Við ráðstöfun fjármuna samkvæmt þessum lið til einstakra sveitarfélaga skal miða við grunnfjárhæðir húsaleigubóta eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma.
f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

e. (12. gr.)

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlaga skv. d-lið 11. gr.
b. Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Til framlaga samkvæmt þessari grein skal verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

f. (13. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og innflytjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans.

Jöfnunarsjóður getur gert samninga við sveitarfélög og stofnanir um kennsluráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýtast grunnskólum á landsvísu. Þá skulu eldri samningar um rekstur sérskóla og sérdeilda halda gildi sínu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrr en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum hætti.

g. (14. gr.)

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum samkvæmt þessum kafla.

h. (15. gr.)

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. 11.–13. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

i. (16. gr.)

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

j. (17. gr.)

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

k. (18. gr.)

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 168 20. desember 2002

LÖG

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

